



**SKOÐUN** Tollar og hindranir eru þekktar leiðir þjóða til að gera sig fátækari, skrifar Pawel Bartoszek. 23



**MENNING** Ný haustlína Chanel sýnir handbragð tískuhússins í gegnum tíðina. 44



**SPORT** Það eru fjórar mömmur í íslenska kvennalandsliðinu á EM í Serbíu. 52



**NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN**

...á þínum vegum!

**568 5000**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**

7. desember 2012  
288. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## LÍFIÐ



### Tækifæri í hverri ógn

Ásdís Halla Bragadóttir um lífið eftir stjórnmalin, fjölskyldugildin, bróðurmissinn og aðventuna. 6-12

### FRÉTTIR

**Nefnd gegn skítkasti** Starfs- hópur á að leita leiða til að draga úr persónulegu skítkasti og brigslyrðum í bæjarstjórn Kópavogs. 2

**Leysa deilu innanhúss** Stjórnendur Landspítalans leita nú leiða til að mæta kröfum hjúkrunarfræðinga. 4

**Norræni NATO-hatturinn** Norræn umgjörð þátttöku Svíþjóðar og Finnlands í loftrýmiseftirliti við Ísland virðist draga úr pólitískri viðkvæmni málsins í löndunum. 18



Bolungarvík	1°	SA 11
Akureyri	1°	SA 8
Egilsstaðir	-1°	S 6
Kirkjubæjarkl.	1°	A 6
Reykjavík	3°	SA 11

**Strekkinger** eða allhvasst sunnan- og vestanlands með slyddu eða rigningu en hægari vindur og úrkomulaust norðaustan til fram eftir degi. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk



# Leigufélag ÍLS á að tryggja framboð og halda leigu niðri

Stefnt er að því að stofna leigufélag utan um eignir Íbúðalánasjóðs á næstu dögum. Fyrsta kastið verða 600 til 700 eignir í félaginu sem verður sjálfstætt. Stofnað til að bæta leigumarkaðinn, segir velferðarráðherra.

## 600-700

íbúðir Íbúðalánasjóðs fara inn í félagið við stofnun þess.

**FÉLAGSMÁL** Leigufélag í eigu Íbúðalánasjóðs (ÍLS) verður stofnað á næstu dögum. Félagið, sem verður sjálfstætt og aðskilið sjóðnum, mun halda utan um leigu á íbúðum sjóðsins, en félagið á ekki að skila hagnaði. ÍLS leggur félaginu til á bilinu 600 til 700 íbúðir til að byrja með, sem langflestar eru í útleigu, að sögn Sigurðar Erlingssonar, framkvæmdastjóra sjóðsins.

„Í meginatriðum liggur fyrir hvaða eignir fara inn í það. Svo er næsta skref að stofna félagið formlega og ráða stjórn og framkvæmdastjóra. Það er komið á það stig.“

Sigurður segir að unnið sé út frá því að félagið verði stofnað fyrir áramót. Hvort það náist verði að koma í ljós, en nýlegar vendingar í málefnum sjóðsins gætu haft áhrif á málið. Þá kunni starfshópur, sem ráðherra skipaði til að skoða málefni sjóðsins, að vilja kynna sér málið.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að með félaginu eigi að búa til úrræði á leigumarkaði. Það sé hluti af framtíðarsýn varðandi eflingu húsaleigumarkaðar.

„Hluti af þeirri hugsun eru húsaleigubætur og þegar þær komast á, og verða eflidar, þá munum við tryggja framboð og eðlilega samkeppni í sambandi við leiguverð. Hugmyndin er að leigan verði miðuð við það að félagið standi undir sér, en ekkert meira.“

Eignir sem fara inn í félagið verða að henta vel til útleigu og mega ekki vera of stórar eða á svæðum þar

sem skortir eftirspurn eftir leiguíbúðum. Stjórnar félagsins bíður að ákveða hvort fleiri eignir verði teknar inn í félagið. Þær verða hins vegar að henta vel til útleigu.

ÍLS leggur félaginu til eignir og leigutekjur fara til þess. Eignirnar sem fara strax inn í félagið eru víða um land, að sögn Sigurðar. Guðbjartur segir að gæta verði að því að ekki myndist tap á félaginu.

„Þetta verður að vera félag sem er stofnað inn í framtíðina. Þetta er ekki til að bjarga Íbúðalánasjóði. Þetta er til að bjarga leigumarkaðinum.“



**SLEGID** Tónlistarmaðurinn Kristján Kristjánsson stýrði uppboði hjá Góða hirðinum í gær til styrktar Kvennaathvarfinu sem á nú 30 ára afmæli. Allur ágóði af uppboðinu rennur til styrktar athvarfsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Forseti Egyptalands: Boðar til fundar með andstæðingum

**EGYPTALAND** Mohammed Morsi, forseti Egyptalands, vill ræða við stjórnarandstöðuna til að róa eldfimt ástand í landinu.

Átök milli stuðningsmanna og andstæðinga Morsi hafa farið stigvaxandi undanfarna daga. Morsi hefur því boðað til fundar með stjórnarandstæðingum á laugardaginn.

Átökin hafa ekki síst snúist um aukin völd forsetans sem hann tók sér í nóvember. Hann segir nú að þessar breytingar séu til skoðunar og völdin muni falla úr gildi þegar búið er að kjósa um nýja stjórnarskrá. Það verður gert þann 15. desember.

Morsi segir að ef stjórnarskráin verður ekki samþykkt verði nýtt stjórnlagahöfundarfundur til að gera nýja tillögu.

- þeb / sjá síðu 10

## Benda ölvuðum á að hafa samband við bílstjóraþjónustu eftir jólahlaðborð: Skutla bílum ölvuðra heim í hlað

**ÞJÓNUSTA** „Þetta er hugsað sem forvörn gegn ölvunarakstri,“ segir Ómar Pröstur Hjaltason sem ásamt Kristni Sævari Magnússyni, félaga sínum, hefur sett á fót bílstjóraþjónustu fyrir ölvuðra. Fyrirtækið, sem nefnist Keyrðu mig heim, er með bílstjóra á sínum snærum sem sækja samkvæmisljón í bæinn og skutla þeim heim á þeirra eigin bíl. Ómar tekur fram að nú geti fólk

haft samband við Keyrðu mig heim eftir jólahlaðborðið í stað þess að fara sér að voða með því að keyra eftir einn eða tvo. „Það eru hátt í tíu manns teknir fyrir ölvunarakstur um hverja einustu helgi og ef þeir sem komast upp með aksturinn eru taldir með eru þetta eflaust miklu fleiri,“ segir hann.

Verðið á þjónustunni er breytilegt eftir svæðum og dýrast er að láta skutla sér í Mosfellsbæ, en sá rúntur kostar 6.990 krónur. Ódýrasta heimkeyrslan kostar 3.990 krónur. Ómar bendir þó á að þjónustan sé mun ódýrari en lægsta sekt fyrir ölvunarakstur, en hún er um 70 þúsund krónur.

- hva / sjá síðu 58

# JOE BOXER®

Kringlunni • Smáralind • Glerártorgi, Akureyri

KÆRLEIKSKÚLAN

LOKKANDI


Hafþildur Arnarson

Sölutímabil 5.-19. desember

Sölustaðir á  
kaerleikskulan.is

STYRKARFÉLAG LAMADRA  
OG FATLADRA





TVÖFÖLD JÓL BYRJA MEÐ LÁTUM.  
FYLGSTU VEL MEÐ FRAMHALDINU.

# 15 KR.

## VERÐLÆKKUN AF ELDSNEYTI Í DAG!

Nýttu þér tækifærið í dag. 15 kr. verðlækkun gildir til miðnættis á öllum þjónustustöðvum og sjálfsafgreiðslustöðvum N1 um allt land.

Gildir föstudaginn 7. desember 2012.

### ATH.

Þessi verðlækkun bætist við reglubundin afsláttarkjör hjá N1 korthöfum auk þess sem þeir safna tvöfalt fleiri N1 punktum en venjulega í desember, þegar verslað er eldsneyti.





# VINSÆLAR JÓLAGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI

**NÝTT  
VISATÍMABIL**



51"

GOTT  
VERÐ  
**179.999**

**SAMSUNG**

### 51" Plasma tæki 600Hz

- 51" 600Hz Plasmi með RazorFrame hönnun.
- SRS TheaterSound hljóðkerfi og USB afspilun.
- Aðeins 2ms svartími.

### LG DVD spilari með HDMI

- DVD HDMI spilari frá LG.
- 1080p uppskolun.
- USB tengi sem er bæði með afspilun og upptöku ásamt DivX stuðning.



**5.999**  
verð áður 16.990



**19.999**  
verð áður 29.999

### HTC Explorer black

- Android snjallsími frá HTC.
- Keyrir á Gingerbread stýrikerfi.
- Góður 3,2" skjár.
- 3.2MP myndavél.
- FM útvarpi.



### TDK Boombox

Hljómgott og stílhreint ferðatæki með LED skjá og geislaspilara. Gengur fyrir rafhlöðum eða rafmagni.

**10.999**



### Fujifilm Finepix AX500 Red

- 14 milljón pixla myndavél með björtum 2,7" skjá.
- HD videóupptaka, leiðréttir rauð augu og er með andlitsgreiningu.

**16.999**



**BaByliss**

### Rafmagns rakvél

- Mjög nákvæmur rakstur.
- Með sveigjanlegum haus.
- 15 mismunandi stillingar.

**15.999**



### Hárblásari 2000W svartur

- Takki fyrir kalt loft.
- Stór stútur sem gefur meiri og betri fyllingu.
- Yfirhitavörn.

**2.999**



**8.999**  
verð áður 9.499

**REMINGTON**

### Rakvél R3150

- Þægilegri rakstur
- Sveigjanlegur haus.
- Stálblöð.
- Bartskeri.
- Tengd í straum.



**9.999**  
verð áður 10.999

**BaByliss**

### Bylgjujárn þrefalt

- Keramik titanium húðun á plötu.
- 3 mismunandi stillingar.
- Kaldur endi.
- Snúningsnúra.



**6.999**  
verð áður 7.999

**PHILIPS**

### blandari 350W

- 350W Philips blandari með 1,5 ltr glerkönnu.
- Auðvelt að þrifa.



### Morphy Richard brauðristar

- Falleg hönnun.
- Fyrir 2 sneiðar,
- Afþíðing.
- Hitun.
- Stopp.
- Litir: rauður, burstað stál.

**9.999**



**REMINGTON**

### Sléttujárn

- Super þunnar plötur.
- Keramik húðaðar.
- Hitar allt að 215°C.
- Tilbúið á 30 sek.

**4.999**

Gildir til 13. desember á meðan birgðir endast.



**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan  
& Eiðistorg

OG  
Í SMÁRALIND  
TIL JÓLA

Öll raftækin fást í Hagkaup Smáralind, Kringlu og Garðabæ, minna úrval í öðrum verslunum.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu mörg býli selja vörur beint til neytenda?
2. Hversu lengi töluðu þingmenn í annarri umræðu um fjárlögin?
3. Hvað heitir nýjasta lag tónlistarmannsins Daníels Ólívvers?

SVÖR

1. Alls 97. 2. Um 48 klukkustundir. 3. (D) blow my speakers.

## Oddviti hrökklast frá eftir vantrauststillögu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi: Efast um bakland andstæðinga

**SVEITARSTJÓRNIR** Gunnar Örn Marteinsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, var settur af á fundi sveitarstjórnar á þriðjudag. Þá samþykktu allir fundarmenn nema Gunnar vantrauststillögu á hann sem oddvita.

Miklar deilur hafa verið í sveitarstjórninni vegna uppbyggingar á minkabúi á einum bænum í hreppnum. Gunnar hefur verið einangraður í þeim ágreiningi. Meðal annars réðu hinir fjórir sveitarstjórnarmennirnir nýjan lögmann

til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins í málinu að Gunnari forspurðum og gegn vilja hans.

Í bókun eftir atkvæðagreiðsluna kvaðst Gunnar draga í efa að fulltrúar K-lista í meirihlutastarfi í sveitarstjórninni hefðu þá sem studdu þann lista í síðustu kosningum á bak við sig.

Sagðist Gunnar ekki í þau rúmu tíu ár sem hann hefði setið í sveitarstjórninni hafa fundið viðlíka stuðning við störf sín eins og að undan-

förnu. Án efa ætti hann sinn þátt í því hvernig mál hefðu þróast hjá fulltrúum K-listans. Kvaðst hann leyfa öðrum fulltrúum listans að njóta vafans í þeim efnum „enda nóg komið af tilgangslausu þexi í þeim herþúðum“.

- gar



## Garðabær og Álftanes: Sameiningin loks staðfest

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur staðfest sameiningu Álftaness og Garðabæjar. Sameiningin tekur formlega gildi 1. janúar.

Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður Garðabær. Þá tekur bæjarstjórn Garðabæjar yfir stjórn hins nýja sveitarfélags til loka núverandi kjörtímabils sem lýkur í júní 2014.

Bæjarstjórn Álftaness mun starfa sem hverfastjórn þangað til.

- mþl



**Í HÆTTU** Samkvæmt tölum frá WWF eru aðeins um 3.200 villt tigrisdýr í heiminum.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Ómönnuð loftför á vaktinni: Veida veiðipjófa með spjaldtölvu

**UMHVERFISVERND** Brugðist verður við auknum veiðipjófnáði á dýrum í útrýmingarhættu í Afríku og Asíu með ómönnuðum loftförum sem stýrt verður með spjaldtölvum.

Um tilraunaverkefni er að ræða sem tölvurísinn Google hefur ákveðið að fjármagna, en Alþjóðlegi náttúruverndarsjóðurinn (WWF) stendur að verkefni samkvæmt frétt BBC.

Markmiðið er að láta lítil loftför fylgjast með dýrum sem eru í hættu, bera kennsl á veiðipjófa og mynda þá við iðju sína. Fest verða senditæki á nashyrninga, tigrisdýr og önnur dýr í hættu til að auðvelda eftirlitið.

- bj

## FÆREYJAR

## Fjórtán ára fangelsi

Milan Kolovrat, 33 ára gamall Króati, var í gær dæmdur til fjórtán ára fangelsis í Færeyjum fyrir morðið á Dánjal Petur Hansen, sem jafnan var nefndur Piddi. Kolovrat var einnig dæmdur til að greiða eiginkonu og dætrum Pidda og manni sem hann stal greiðslukorti af samtals 800 þúsund danskar krónur, jafnvirði 17 milljóna íslenskra króna.

# Óttast að fornleifarannsóknir gætu lagst af á næstu árum

Forsendur til fornleifarannsóknna eru brostnar taki lög um menningarminjar gildi um áramót, að mati fornleifafræðinga. Fjárframlög skorin niður um 60% síðan 2008. Mikið atvinnuleysi hjá stéttinni síðustu fimm ár.

**VÍSINDI** Fornleifafræðingafélag Íslands (FFÍ) óttast að fornleifarannsóknir gætu lagst af á næstu árum verði lög um menningarminjar samþykkt um áramót. Ekki er gert ráð fyrir neinum framlögum til fornleifarannsóknna í fjárlögum næsta árs og hafa styrkir til greinarinnar dregist saman um 60 prósent frá árinu 2008.

Hin nýju lög kveða á um að Fornminjasjóður skuli taka á sér mun víðara hlutverk en áður, eins og báta- og skipaviðgerðir, og verður vinna að stefnumótun í minjavörslu greidd úr honum að hluta. Þrátt fyrir það eru framlög minnkuð um 30 prósent á sama tíma.

Ármann Guðmundsson, formaður félagsins, segir framtíð greinarinnar hér á landi einkennast af mikilli óvissu vegna þessa.

„Sjóðurinn var eyrnamerkur þessari vísindagrein og tengdum rannsóknum, en nú getur stjórn sjóðsins ákveðið að dæla fjármagni í verkefni sem tengjast fornleifafræði í raun og veru ekki neitt,“ segir hann. „Óvissan er líka óþolandi. Það er ekkert komið til móts við okkur í þessari gríðarlegu útvíkkun á hlutverkasviði sjóðsins og það er ekki hægt að sætta sig við það.“

Ármann bendir á að frá árinu 2008 hafi mikið af jákvæðum áhrifum fornleifarannsóknna á menningu og atvinnulífi komið í ljós, meðal annars með útgáfum og uppbyggingu nýrra ferðamanna- staða.

„Menningartúrismi er í vexti hér á landi og fornleifarannsóknir eru partur af þeirri velgengni,“ segir hann. „Það skýtur skökku




**UPPGRÖFTUR Á STEINSSTÖÐUM 2008** Merkar fornminjar fundust í uppgreftri á Steinsstöðum í Tungusveit sumarið 2008, sem leiddi í ljós grafreit þar sem kristnir menn höfðu verið lagðir til hinstu hvílu. Engar ritaðar heimildir eru um kirku þarna.

## Framlög 90 milljónum lægri en 2008

Ár	Þjóðhátíðarsj.	Fornleifasj.	Fjárlög	Alls	Breyting
2007	6,5	25	78	109,5	
2008	5,2	25	92	122,2	12%
2009	2,6	22	63	87,6	-28%
2010	2,75	19,1	27,6	49,45	-44%
2011	4,8	17,9	31,9	49,1	-1%
2012	0	32,9	13	45,9	-7%
2013	0	32,2	0	32,2	-30%

Tölur eru í milljónum króna.



við að það eigi alltaf að dæla fólki inn í landið án þess að bjóða því upp á eitthvað. Ég var að vinna á Alþingisreitnum í sumar og það var gott dæmi um hversu mikill áhugi ferðamanna er á fornleifum. Leiðsagnarleiðangrar þar voru fullir á hverjum degi.“

Í ályktun FFÍ segir að fornleifafræðingar séu uggandi yfir stöðunni þar sem sjóðurinn sé eini beini styrktarsjóður fornleifarannsóknna hér á landi. Áframhaldandi niðurskurður muni takmarka atvinnumöguleika stéttarinnar enn frekar og með þessari breytingu séu forsendur til fornleifarannsóknna á Íslandi brostnar.

sunna@frettabladid.is

**Afborgun á mánuði aðeins:**

# 25.910 kr.\*

Miðað við bílasamning til 72 mánaða á hagstæðum kjörum hjá bílafjármögnun Landsbankans. Reiknaðu dæmið á landsbankinn.is

**Chevrolet Lacetti Station**

Söluverð:	1.800.000 kr.
Bílafjármögnun:	1.350.000 kr.
Okkar hlutur:	210.000 kr.
Þín útborgun:	240.000 kr.
<b>Heildarverð til þín:</b>	<b>1.590.000 kr.</b>
<b>Afborgun:</b>	<b>25.910 kr.</b>

\*Hlutfallskostnaður 11.92%

**60 þús. virðisauki**  
Aukagangur af vetrarþekkjum fylgir hverjum bíl

Chevrolet Lacetti Station - Bílaleigubíll í ábyrgð árgerð 2011 - söluverð: 1.800 þús.

**Tilboð: 1.590 þús.**

Bílabúð Benna - Notaðir bílar  
Bíldshófa 10 • Sími: 590 2000  
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

**Bílabúð Benna**  
Sérfræðingar í bílum

# JÓLAGJÖFINA FÆRÐU Í TOYS"R"US

NÝTT  
KORTATÍMABIL  
8 DES

ÚRVALIÐ  
ER HJÁ  
OKKUR



**ToysRus**  
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

ÞÚ FINNUR JÓLAOPNUNARTÍMA Á [WWW.TOYSRUS.IS](http://WWW.TOYSRUS.IS)

## LANDIÐ



## Vill byggja tuttugu smáhýsi í Tungudal

**1 ÍSAFJÖRÐUR** Hugmyndir eru uppi um að byggja tuttugu smáhýsi í Tungudal í Ísafjarðarbæ. Bæjarins Besta á Ísafirði segir Guðmund Tryggva Ásbergsson hafa sótt um leyfi fyrir húsunum til bæjaryfirvalda, en Guðmundur vonast til þess að fá að reisa tuttugu smáhýsi sem hvert um sig er fimmtán til tuttugu fermetrar að stærð og með svefnrými fyrir þrjú til fjóra. Allt að 80 manns ættu því að geta gista í húsunum.

## Hagtak bauð lægst í stækkun hafnarsvæðisins

**2 GRINDAVÍK** Hafnarsvæðið í Grindavík verður stækkað um sjö þúsund fermetra á næstunni, en á dögum var tilboð Hagtaks um landfyllingu og stækkun á svokölluðum Suðurgarði samþykkt. Á vef Víkurfréttar segir að fimm önnur fyrirtæki hafi boðið í verkið, en Hagtak hafi boðið lægst, rúmar sjö milljónir. Kostnaðaráætlun nam tíu milljónum króna. Með landfyllingunni telja bæjaryfirvöld að hægt verði að skapa framtíðarmöguleika, meðal annars til aukinna vöruflutninga og löndunar stærri fiskiskipa.



MYND/LOFTMYNDIR

## 214 frásögnum haldið til haga

**3 SEYÐISFJÖRÐUR** Frásagnasafnið á Seyðisfirði geymir nú 214 frásagnir sem safnað hefur verið meðal Siglfirðinga síðustu tvö ár. Frásagnirnar eru teknar upp á myndband og eru meðal annars geymdar á bókasafni bæjarins. Þær eiga að gefa heildstæða mynd af samfélaginu. Í frétt Austurgluggans er haft eftir aðstandendum verkefnisins að um einstaka samtímaheimild sé að ræða sem bregði einnig upp mynd af gangi tímans og samspili kynslóðanna.

Skipt um menningarráðherra í Danmörku eftir ásakanir um frændhygli:

## Sagði af sér eftir sirkushneyksli



**HASAR Í HÖLLINI** Uffe Elbæk sagði af sér ráðherraembætti eftir að hafa verið vændur um frændhygli vegna framlaga til listakóla sem hann stofnaði og eiginmaður hans starfar hjá.

**DANMÖRK** Marianne Jelved tók í gær við embætti menningarráðherra í Danmörku eftir að Uffe Elbæk sagði af sér í kjölfar hneykslismáls.

Elbæk er legið á hálsi fyrir að hafa haft óeðlileg tengsl við fjöllistaskólann AFUK, þar sem hann var áður stjórnarmaður og eiginmaður hans starfaði. Bæði fékk skólinn sex milljónir danskra króna á fjárlögum í ár til að stofna nýjan skóla sirkuslista og eins greiddi Elbæk fulltrúum skólans þóknun fyrir að standa fyrir skemmtunum á vegum ráðuneytisins.

Loks eru sett spurningarmerki við ráðningu á eiginmanni Elbæks til AFUK, en ekki var auglýst í stöðuna á sínum tíma. Ríkisendurskoðun mun gera úttekt á málinu.

Elbæk, sem er þingmaður Einingarlistans, sagðist ekkert hafa gert rangt, og Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra segist ekki hafa þrýst á hann að segja af sér. Elbæk segir allt liggja uppi á borðum og hann hafi ákveðið að segja af sér til að verja hagsmuni ríkisstjórnarinnar og vernda einkalíf fjölskyldu sinnar.

- þj



**MÆTTUR** Karl Wernersson skrópaði á þriðjudag en mætti í gær. Hann hafði ekki frá miklu að segja.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Þráspurt um hæfi rannsakendanna

Verjendur í Vafningsmálinu spurðu ítrekað um athugun sem gerð var á því hvort rannsókn málsins hefði spillt þegar rannsakendurnir fóru að vinna fyrir þrotabú Milestone. Vitnaleiðslum lauk í gær.

**DÓMSMÁL** Vitnaleiðslum í Vafningsmáli sérstaks saksóknara lauk um hádegisbil í gær. Alls komu 33 vitni fyrir dóminn, auk sakborninga, á þeim þremur dögum sem réttarhöldin stóðu í vikunni.

Í málinu eru Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, og Guðmundur Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans, ákærðir fyrir umboðsvik með því að hafa ákveðið að lána Milestone tíu milljarða í febrúar 2008.

Karl Wernersson, fyrrverandi aðaleigandi og stjórnarformaður Milestone, kom fyrstur fyrir dóminn í gærmorgun. Hann átti upphaflega að mæta á þriðjudaginn en lét ekki sjá sig sem varð til þess að dómari gaf út formlega vitnaskýrningu á hendur honum.

Við upphaf þinghaldsins í gær krafði Símon Sigvaldason héraðsdómari Karl um skýringu á fjarverunni á þriðjudag. Karl svaraði því til að hann hefði einfaldlega verið upptekinn þann dag. Símon minnti hann á að vitnaskýrningu gengi framfar öðrum hversdagslegum skyldum.

Í kjölfarið var Karl spurður út í aðkomu sína að Vafningsmálinu en gat litlu sem engu bætt við það sem þegar hafði komið fram í málinu. Ýmist fólst vitnisburður hans í að staðfesta hin og þessi skjöl eða þá að bera við að hann myndi ekki eftir því sem spurt var um.

Næst komu fyrir dóminn fjórir starfsmenn sérstaks saksóknara sem verjendur þráspurðu um rannsókn málsins, augljóslega til að

reyna að draga fram það sem þeir töldu vankanta á henni.

Jafnframt voru þeir spurðir um athugun sem þeir gerðu á því hvort það hefði spillt rannsókninni að tveir aðalrannsakendur málsins hefðu samhlíða starfað fyrir þrotabú Milestone. Niðurstaða þeirra var að svo væri ekki.

Einnig kom fyrir dóminn starfsmaður skilaneftndar Glitnis, sem upplýsti að Vafningslánið stæði nú í um sextán milljörðum og ekki væri útlit fyrir að nema um einn milljarð af því mundi innheimtast.

Síðasta vitnið var Guðmundur Haukur Gunnarsson, annar þeirra sem kallaðir hafa verið aðalrannsakendur málsins. Hann sætir nú rannsókn, ásamt Jóni Óttari Ólafssyni, fyrir að hafa selt þrotabú Milestone trúnaðarupplýsingar sem aflað var við rannsókn saka málsins.

Guðmundur gerði reyndar mjög lítið úr sínum þætti í rannsókninni. Hann kvaðst aðallega hafa verið í öðrum málum, en „á hliðarlínunni í Vafningsmálinu“, sem hefði fyrst og fremst verið á könnu Jóns Óttars. Sjá mátti Hólmstein Gauta Sigurðsson, saksóknara í málinu, flissa og hrista hausinn undir þessum vitnisburði.

Guðmundur Haukur vildi ekki, frekar en Jón Óttar á þriðjudag, tjá sig nokkuð um málið sem til rannsóknar er á hendur þeim.

Á mánudag munu saksóknari og verjendur flytja mál sitt. Gert er ráð fyrir að það taki um sex klukkustundir.

stigur@frettabladid.is

GEFÐU GJÖF SEM SKIPTIR MÁLI

# HREINT VATN GERIR KRAFTAVERK

Hjálparstarf kirkjunnar

ÞÚ GETUR GERT KRAFTAVERK Í DAG

Með hreinu vatni gefur þú betri heilsu, menntun og bjarta framtíð.

Þú getur hjálpað núna með því að greiða valgreiðslu í heimabanka


actalliance

Einnig:

- frjálst framlag á framlag.is
- gjafabréf á gjofsemgefur.is
- 907 2003 styrktarnúmer (2.500 kr.)
- söfnunarreikningur: 0334-26-50886, kt. 450670-0499







ÍSLENSKU  
BÓKMENNTA  
VERÐLAUNIN  
*Filnefning*

NONNI

**4.479** KR

MYNDLIST Í  
ÞRJÁTÍU ÞÚSUND ÁR

**2.793** KR



DÓRA OG VINIR

**2.405** KR



RIPLEYS 2013

**3.318** KR



MANCHESTER UNITED

**1.973** KR



GÍSLI Á UPPSÖLUM

**2.971** KR



STUÐ VORS LANDS

**11.697** KR




MANNVIST  
SÝNISBÓK ÍSL. FORNLEIFA

**5.779** KR



ELDAÐ  
UM VERÖLD VÍÐA

**999** KR



GRIMMSYSTUR  
ÆVINTÝRASPEJARAR

**2.673** KR



KAMILLA VINDMYLLA

**2.713** KR

Norskur prófessor vill halda í það ylhýra:

## Þjónar verða að kunna norsku

**NOREGUR** Prófessor við Háskólann í Ósló, Arne Torp, segir norska gesti eiga að geta gert sig skiljanlega á móðurmálinu á norskum veitingastöðum. Þjónarnir verði að kunna norsku.

Norska ríkisútvarpið hefur það eftir forstjóra í ferðaþjónustunni, Hilde Charlotte Solheim, að það verði æ algengara að ráðið sé til starfa fólk í veitingabransanum sem ekki talar norsku.

Hótelstjórinn Erlend Fardal Lunde segir erlent vinnuafli nauðsynlegt þar sem skortur sé á faglærðu starfsfólki í Noregi. Erlendir starfsmenn verði þó að læra norsku.



**ÞJÓN** Norski prófessorinn segir norska gesti eiga að geta gert sig skiljanlega á móðurmálinu á veitingastöðum.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Átök í Egyptalandi



**HÖRD ÁTÖK Í EGYPTALANDI** Egypski herinn stillti í gær skriðdrekum upp fyrir framan forsetahöllina í Kaíró og gaf bæði stuðningsmönnum og andstæðingum Mohammeds Morsi forseta frest til að yfirgefa svæðið. Átök hafa magnast milli þessara fylkinga undanfarna daga og náðu hámarki í fyrrinótt þegar fimm manns létu lífið og um sex hundruð særðust. Stuðningsfylking forsetans var þar aðgangshörðust.

NORDICPHOTOS/AFP

## Lokað í dag!

Föstudaginn 7. desember er lokað hjá ríkisskattstjóra

Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.

Athygli er vakin á að á **skattur.is** er boðið upp á sjálfsafgreiðslu og á **rsk.is** er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um skattamál.



RÍKISSKATTSTJÓRI



## Velkomin í Heiðmörk!

Jólaskógurinn í Grýludal opnar laugardaginn 8. desember

– opið 3 helgar fyrir jól kl. 11-16

Komið og höggvið eigið tré! Í boði eru úrvals íslensk jólatré. Einnig nýhöggvin tré á staðnum. Kakó og piparkökur handa öllum! Nánari upplýsingar á heidmork.is og á fésbók: heidmork

Skógræktarfélag Reykjavíkur



**Í BLÁUM SKUGGA** Áhugafólk um lögleiðingu kannabisefna fagnaði á viðeigandi hátt í Seattle. Þar á meðal var þessi herraamaður, sem kallaður er Prófessor Gizmo.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hundruð fögnuðu því að kannabisefni eru lögleg:

## Hampa lögleiðingu hampsins í Washington

**SEATTLE, AP** Lög um lögleiðingu kannabisefna tóku gildi í Washington-ríki í Bandaríkjunum í gær og komu hundruð manna saman af því tilefni undir Geimnálinni í Seattle og nýttu sér þetta nýfengna frelsi. Íbúar ríkisins samþykktu lögin í almenntri atkvæðagreiðslu í síðasta mánuði, en hið sama gerðu íbúar Colorado og eru þetta einu tvö ríkin þar sem almenn neysla er leyfð. Í Colorado taka lögin gildi eftir áramót.

Nú fyrst um sinn er fólk yfir 21 árs heimilt að neyta kannabisefna innandyrna og hafa allt að 30 grömm undir höndum. Nánari útfærsla verður sett í lög innan tíðar, en þau munu fela í sér reglugerðir fyrir framleiðslu,

vinnslu og sölu efnanna, og leggja 25 prósentu skattur á arð á hverju stigi.

Er áætlað að tekjur ríkisins gætu numið hundruðum milljóna dala árlega.

Kannabisefni eru þó enn bönnuð samkvæmt alríkislöggum, þannig að alríkislögreglan gæti handtekið fólk fyrir að eiga eða selja efnin.

Dómsmálaráðuneytið sagði ekkert hafa breyst í þeim málum en hefur þó ekki gefið nokkuð út um hvort reynt verði að ógilda lögin.

Fleiri hópar gátu fagnað í Washington í gær, þar sem hjónabönd einstaklinga af sama kyni voru einnig leyfð. Mynduðust því langar biðraðir við skrifstofur sýslumanna.

-þj

# ALLT FYRIR JÓLIN

GILDIR 07.12 - 09.12

## AFGREIÐSLUTÍMAR VERSLANA

	KORPUTORG 510-7070	SMÁRATORG 510-7000	SKEIFAN 568-7499	AKUREYRI 463-3333	SELFOSS 510-7080
7. DES.	10-19	11-20	10-20	11-18:30	10-19
8. DES.	10-20	10-22	10-20	10-18	10-18
9. DES.	12-20	12-22	12-20	13-18	12-18

PLUS

ÞÆGINDI  
& GÆÐI

KODDI  
50 X 70 SM.  
6.995

SPARIÐ  
7.000

FRÁBÆR ANDADÚNSÆNG

SÆNG FULLT VERÐ: 19.950

12.950

MACK GAME LEIKJASTÓLL  
Flottur og þægilegur leikjastóll með innbyggðum hátölurum og SUBWOOFER. Hægt að tengja við allar helstu leikjatölvurnar eins og PlayStation, Nintendo, iPad, mp3 spilara o.fl.

FULLT VERÐ: 29.950

16.950

ALLUR  
JÓLATEXTÍLL

30-40%  
AFSLÁTTUR

43%  
AFSLÁTTUR

Flora Danica  
Traditional Danish Handicrafts Pure Nature, Comfort, Exclusive Design

### SAPPHIRE ANDADÚNSÆNG

Gæðasæng fyllt með 750 gr. af mjúkum andadúni, andafiðri og holtrefjum. Andadúnninn gefur sænginni mjúka fyllingu og holtrefjarnar stuðla að því að sængin þornar fyrr eftir þvott. Áklæði úr 100% bómmull. Sængin er saumuð í ferninga svo dúnninn haldist jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C. Taska fylgir með. Sæng: 135 x 200 sm. 19.950 nú 12.950 Koddi: 50 x 70 sm. 6.995

ALLT  
JÓLASKRAUT  
30%  
AFSLÁTTUR

SPARIÐ  
70.000

HÆGINDASÓFI MEÐ GLASABAKKA

FULLT VERÐ: 149.950

79.950

VALTÖR  
KORTALAN  
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

### ASPEN HÆGINDASÓFI

Frábær hægindasófi með glasabakka og hólf. Þetta er eka sjónvarpssófi á frábæru verði! Skemill fyrir fætur og hægt að rugga. Stærð: L204 x H105 x D98 sm.

SPARIÐ  
10.000

ÁLSTELL

FULLT VERÐ: 29.950

19.950

### SUPER LOVE BARNAKERRA

Með stillanlegt bak og fótsemil. 5 punkta beisli. Hægt að læsa framhjólum. Innkaupanet undir kerrunni. Glasahaldari. Litur: Blá, grá eða rauð. Álstell. Þyngd: 8,8 kg.

SPARIÐ  
2.000

FULLT VERÐ: 6.995

4.995

### ALVA SÆNGURVERASETT

Efni: 100% gæðabómmull með jaquardmunstri. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm. Litur: Ivory. Lokað með tölum að neðan.



RÚMFATA  
LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

ALLT AÐ  
LED ÚTISERÍUR  
OG LED ÚTISKRAUT  
40%  
AFSLÁTTUR



Kristján hrl.  
Fasteignasali  
414-4488

Gylfi  
Sölufulltrúi  
770-4040

Heimir  
Sölufulltrúi  
822-3600

Höfuðborg  
Fasteignamiðlun



Til sölu eða leigu húsnæði með öllum tækjum og búnaði til að hefja PIZZA rekstur í Langarima í Grafarvogi.

Tilvalið fjölskyldu fyrirtæki.

Uppl gefur Gylfi í síma 770 4040 og/eða Heimir í síma 8223600

# Funduðu um Sýrland

Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Rússlands funduðu með erindreka SP um málefni Sýrlands í gær. Harðir bardagar geisa nú í Damaskus og uppreisnarmenn ná fleiri hverfum á sitt vald. Óttast er að stjórnvöld gætu beitt efnavopnum.

**SÝRLAND, AP** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, hittust á Írlandi í gær og ræddu ástandið í Sýrlandi ásamt Lakhtar Brahimi, friðararindreka Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins gagnvart Sýrlandi.

Rússar og Bandaríkjamenn hafa til þessa verið á öndverðum meiddi gagnvart Sýrlandi. Bandaríkjamenn hafa gagnrýnt Rússa fyrir að standa í vegi fyrir að Sameinuðu þjóðirnar gætu komið uppreisnarmönnum og almenningi í Sýrlandi með einhverjum hætti til aðstoðar, en Rússar segja Bandaríkjamenn á móti reyna að hlutast til um innanríkismál Sýrlendinga.

Harðir bardagar geisa nú í Damaskus, höfuðborg Sýrlands. Uppreisnarmenn hafa náð æ fleiri hverfum á sitt vald og sækja hart að miðborginni.

Stjórnarhernum tókst seint í sumar að hrekja uppreisnarmenn frá borginni fljótlega eftir að þeir höfðu náð henni að mestu á sitt vald.

Styrkur uppreisnarmanna er hins vegar orðinn miklu meiri nú en þá, enda hafa þeir náð á sitt vald æ fleiri vopnum og herbúnaði frá stjórnarhernum, sem að sama skapi er orðinn veikari fyrir.

Þá hafa uppreisnarmenn náð á sitt vald æ stærri svæðum annars staðar í landinu, einkum í austurhlutanum.



CLINTON Í DUBLIN Hillary Clinton hélt líka erindi í háskólanum í Dublin á Írlandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Faisal Miqdad, aðstoðarutanríkisráðherra Sýrlands, vísaði algerlega á bug í gær vangaveltum í fjölmiðlum um að Bashar al Assad forseti væri að skipuleggja flotta sinn frá landinu. „Þetta er fyndið, hlægilegt. Ég fullvissa ykkur hundrað prósent um að Assad forseti mun aldrei yfirgefa þetta land,“ var haft eftir honum í fréttum frá Reuters.

Þá er einnig óttast að Assad muni láta beita efnavopnum gegn uppreisnarmönnum og almenningi í

landinu, en ekki hefur þó verið staðfest hvort stjórnvöld búa yfir slíkum vopnum.

Breska stjórnin undirbýr nú breytingu á vopnasölubanni til Sýrlands, sem myndi gera Bretum kleift að útvega uppreisnarmönnum vopn.

Þá er bandaríska flugmóðurskipið Eisenhower komið að ströndum Sýrlands þar sem það bíður átektu, en skipið er komið verulega til ára sinna og var á leið til viðgerða í Bandaríkjunum. - gb / þeb

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

## STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

**VÍSIR**  
- oft á dag



NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.

5 ÁRA  
ÁBYRGÐ  
VEGAÐSTÖÐ  
GÆÐASKOÐUN  
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

## JÓLABÓNUS Í DESEMBER

Komdu við og kynntu þér óvæntan og veglegan jólabónus sem fylgir öllum nýjum Hyundai bílum í desember

HYUNDAI i30

BENSÍN EÐA DÍSIL

Verð frá **3.290.000 kr.**



www.hyundai.is



HYUNDAI ix35

BENSÍN EÐA DÍSIL

Verð frá **5.890.000 kr.**

**JÓLABÓNUS**  
Komdu við og kynntu þér veglegan jólabónus\* með nýjum bíl frá okkur!

### UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

Opnunartími Hyundai Kaupþúni 1

Öll þjónusta Hyundai er opin frá kl. 07.45–18.00 alla virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.

Þetta á við um sýningarsalinn, viðgerðarþjónustuna, varahlutaverslunina og söludeildir nýrra og notaðra Hyundai bíla. Í neyðartilfellum er hægt að nýta sér 24ra tíma neyðarþjónustu varahlutaverslunar.

\*Takmarkað magn



**HYUNDAI**

Kaupþúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200

www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is



Hyundai / BL ehf.

Bilahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bilasalan Bílas / Akranesi / 431 2622 – Bilasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bilasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

# Allt fyrir jólin í **BAUHAUS**<sup>®</sup>

Ótrúlegt úrval af jólavörum og jólaljósum á betra verði!



## Jólaglaðningur...

### FYRIR FYRSTU 1000 VIÐSKIPTAVININA SEM KAUPA NORMANNSPIN MEÐ GULUM MERKIMÍÐA

Pegar þú kaupir tréð færðu inneignarnótu að andvirði verði trésins. Inneignarnótuna getur þú notað við vörukaup 2.-15. janúar 2013. Framvísa skal kassavittun með inneignarnótunni. Hámark 2 stk. pr. viðskiptavin.

**NORMANNSPINUR**  
125 - 175 cm

**2.995,-!**



### KERTASERÍA

Eins og á jólatrénu með 16 hrímhvítum LED perum. 230 volt.

**2.995,-**

### KERTASERÍA

Með 25 LED perum.

**3.995,-**

### JÓLATRÉSFÓTUR BASIC

Einstaklega stöðugur sem tryggir að tréð standi alltaf rétt og sé fast í fætinum. Hentar fyrir tré allt að 2,2 m. Með vatnsgeymslu sem heldur trénu fersku lengur.

**5.995,-**



### OPNUNARTÍMAR UM JÓLIN

Mánudag	17.12 kl. 8-19
Þriðjudag	18.12 kl. 8-19
Miðvikudag	19.12 kl. 8-19
Fimmtudag	20.12 kl. 8-21
Föstudag	21.12 kl. 8-21
Laugardag	22.12 kl. 9-21
Sunnudag	23.12 kl. 9-21
Mánudag	24.12 kl. 8-19
Þriðjudag	25.12 Lokað
Miðvikudag	26.12 Lokað
Fimmtudag	27.12 kl. 10-19

Auglýst verð gildir frá föstudeginum 7. desember til og með sunnudagsins 30. desember 2012. Gildir á meðan birgðir endast.



# **BAUHAUS**<sup>®</sup>



ÞÚ FINNUR JÓLAGJAFIRNAR HJÁ OKKUR!

# NÚ HEFST GAMANIÐ FYRIR ALVÖRU ...

**Pioneer** X-HM10  
HLJÓMTÆKI



### Hljómtækjastæða

FM útvarp með 40 stöðva mynni · Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW · USB, RCA, Heyrnartól · 2 x 15W hátalarar 4 Ohm  
**Verð kr. 29.900,-**

**Pioneer** SE-MJ721  
HLJÓMTÆKI

### Heyrnartól af bestu gerð



Tíðnisvið 6-28.000 Hz · Þyngd: 156 gr.  
**Verð kr. 9.900,-**

**Pioneer** BCS-323  
HLJÓMTÆKI

### 3D BluRay heimabíóstæða



5.1 rása 3D Blu-Ray heimabíókerfi með FM útvarpi og Karaoke · 1100W magnari (5x150W / Sub 250W) · Spilar: BD-R/RE, DVD-R/RW, CD-R/RW, MP3, JPEG, PNG, WMA, DivX og fl. · Bluetooth Ready · Tengir: 3x HDMI(2inn/1út), 2x USB, Ethernet, Optical, RCA hljóð inn Composite, Component · iPod-vagga  
**Verð kr. 94.900,-**

**Pioneer** X-DS301-K  
HLJÓMTÆKI



### Útvarpsvekjari með iPod/iPhone vöggu

Fm útvarp m. 20 stöðva minni · Hleður iPod/iPhone · Fjarstýring m. „Snooze“ takka.  
**Verð kr. 18.900,-**

**Pioneer** VSX-422-K  
HLJÓMTÆKI

### Heimabíómagnari



5x130 RMS @ 6 Ohm · Styður Dolby TrueHD, DTS-HD master Audio · Einföld uppsetning með MCACC · FM/AM útvarp með RDS · Hágæða 192KHz/24-bit D/A hljóðbreytar · Inngangar: 4x HDMI, 2x Composit, 1x Coaxial, 1x Digital Optical · Útgangar: 1x HDMI, 1x Composite, 2x Preout  
**Verð kr. 69.900,-**

**Pioneer** BDP-150-K  
HLJÓMTÆKI

### 3D · Blu-ray spilari



Frábær 3D Blu-ray spilari með nettengingu · USB tengi að framan og með háskerpuhljóði · DLNA vottaður · Horfðu á Youtube, Picasa eða Netflix í gegnum spilarann · Netútvarp · DTS-HD® Master Audio™/Dolby® TrueHD Decoders · Tengir: HDMI, Ethernet, Digital Coaxial Output, RCA, 2x USB (Front & Back)  
**Verð kr. 44.900,-**

**Pioneer** PIX-SMC1  
HLJÓMTÆKI

### iPod vagga



Frábær hljómburður!  
· FM útvarp · Spilar og hleður iPod og iPhone · Spilar DVD og CD, MP3, DivX, JPEG · HDMI, USB, Audio in, Composite og fl. · Möguleiki á Blue-tooth · 2 x 20W hátalarar 8 Ohm  
**Verð kr. 34.900,-**

**Pioneer** VSX-922-K  
HLJÓMTÆKI

### Heimabíómagnari



7 x 150 RMS @ 6 ohm, FM/AM útvarp, Internet útvarp, nettenging · Inngangar 6x HDMI, 4x composite, 1x coaxial, 1x component, 1x Digital optical, USB · Útgangar 1x HDMI, 1x composite, 2x subwoofer · Bluetooth port  
**EISA VERÐLAUN 2012-2013**  
**Verð kr. 127.900,-**

**SHARP** LC60LE636S



### STÓRGLÆSILEGT 60" LED SJÓNVARP

Full HD (1920x1080) · LED baklýsing · DVB-T/T2, DVB-C, MPEG2/MPEG4 · 100Hz · 4xHDMI tengi · USB tengi fyrir kvikmyndir, ljósmyndir og tónlist · Aquos NET – Netvafi  
**Verð kr. 399.900,-**

**SHARP** LC32LE144E



### 32" LED sjónvarp

HD Ready (1366x768) · DVB-T / DVB-C, MPEG2/MPEG4 H.264 · USB afsplun tónlist, myndir og myndbönd  
**Verð kr. 96.900,-**

**Pioneer** DCS-222K  
HLJÓMTÆKI

### Heimabíókerfi



5.1 rása heimabíókerfi með DVD spilara og FM útvarpi · 300W magnari · HDMI tenging · Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX, styður 1080p (HD upscaling)  
**Verð kr. 49.900,-**

**SAMSUNG** UExxEH5005



### 40" LED sjónvarp

Full HD · Mega skerpa · Clear Motion Rate: 50 Hz · Upplausn: 1920 x 1080p · USB: kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist  
**Verð: 149.900,-**

**OLYMPUS** VG-150



### Fínleg og einföld

12 milljón pixlar · WIDE 4 x aðráttarlinsa (27-108mm) · 2.7" LCD skjár · Ljósop 2.9 – 6.5 · Hristivörn · Videoupptaka með hljóði (30fps) · Tí í svörtu og silvur  
**Verð kr. 14.900,-**

**OLYMPUS** VR-340



### Eins sú vinsælasta

16 milljón pixlar · 10x WIDE aðráttarlinsa (24-240mm) · 3.0" (7,6cm) LCD skjár · ISO 100-1600 · Hristivörn · Videoupptaka í HD 720p · Nærmyndir (super macro) allt niður að 1cm fjarlægð · Tí í svörtu, purple, rauðu og silvur  
**Verð kr. 19.900,-**

**OLYMPUS** E-PM1 DZK



### Mögnuð með tvær linsur

12.3 milljón pixlar · 3" LCD skjár · Hristivörn í vél · Lokarahraði: 2-1/4000s · ISO 200-12800 · Videoupptaka í háskerpu (1920x1080) · Tvær linsur: 14-42mm & 40-150mm  
**Verð kr. 79.900,-**

**CELESTRON** Travelscope 70  
Upclose 8x21



### Stjörnusjónauki

Verð: 16.900,-

Hand sjónauki  
Verð: 3.990,-

TASKA FYLGIR

**BLAUPUNKT** RX18



### Traust útvarpstæki

FM/AM útvarp, FM lofnet, innbyggð AM lofnet  
**Verð kr. 7.900,-**

**BLAUPUNKT** BB12-1



### Ferðataeki m/ geislasplara

· Spilar CD/MP3 · Útvarp FM/AM · LCD skjár m. baklýsingu · USB tengi/AUX in · Tengir f. heyrnatól  
**Verð kr. 15.900,-**

**SANGEAN** DT-120



### Frábært ferðaútvarp

Stílhreint digital útvarp · Útvarp með næmari og betri útvarpsmóttöku en áður hefur þekkt í smáútvörpum · 10 stöðva minni.  
**Verð: 9.900,-**

Birt með fyrirvara um prentvillur





# GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

**assistent**

FÆST Í FIMM LITUM



ASSISTENT hefur marg oft fengið topp einkunn "BEST IN TEST" í samanburðarprófum fyrir mikla vinnslugetu og fjölbreytni.

Assistent® Original hrærivél er lífstíðareign.



Fallegt úrval!

Emile Henry FRANCE

**Frönsku leirpottarnir frá Emile Henry.**

Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu. Frönsk leirvara. Frönsk matarmenning. Betra bragð og meira næringargildi.



**Tefal** GC306 012



**Heilsugrill**

Vandað og gott mínútagrill · 2000 W  
Verð: 29.900,-

**AEG** FAVOLA PLUS LM5200

**Espresso kaffivél**



LAVAZZA A MODO MIO · Kaffihylki ítalskt espresso kaffi beint í bollann Fjöldi tegunda af kaffi í boði frá LAVAZZA Kaupauki: 24 kaffihylki fylgja hverri vél  
**Jólatilboð: 29.900,-**



**Solis** SOLIS 921.16

Hollir ávaxta- og grænmetisdrykkir með safapressunni frá SOLIS.



SAFAPRESSAN VINSÆLA

Ertu að hugsa um heilsuna?

Verð kr. 29.900,-

**Moulinex**

Öflug hrærivél og blandari. Klassísk og virkilega falleg.



Verð kr. 49.900,-

Jamie Oliver  
**Pottar og pönnur**



**Tefal**



**Tefal** Cast Alu Family  
Stórkostleg pottafjölskylda



**Allinox**

7, 10 og 14 lítra stál pottar á frábæru verði!



POPPVÉLIN SEM GERIR ÞAÐ ROSALEGA GOTT

**OBH** NORDICA 6398



Ómissandi græja fyrir alla alvöru proffa-poppa  
Verð: 12.990,-

**KRUPS**

Sterk og endingargóð

MLFDK442



SAMLOKUGRILL  
Verð kr. 10.900,-

ÞÝSK HEIMILISTÆKI AF BESTU GERÐ

MLFMD344



KAFFIVÉL  
Verð kr. 12.995,-

MLGVX242



KAFFIKVÖRN  
Verð kr. 14.900,-

MLFEM241



BRAURIST  
Verð kr. 11.900,-



get together

Fallegur borðbúnaður. Hnífaparasett úr burstuðu stáli.



**brabantia** HEIMSPÉKKT HÖNNUN

Skemmtilegt úrval af snyrtilegu ruslafötum fyrir heimili og vinnustaði.

**Tefal** Aquaspeed 160



AFBRAGÐS GÓÐ HÖNNUN sem skilar sér í mikilli ánægju

**AEG** DB5110/5110

Í EINU ORÐI SAGT: FRÁBÆRT!



Nýtt straujárn · Nýjar öryggisstillingar  
Verð kr. 7.990,-

# ORMSSON

// LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

ORMSSON AKRANESI SÍMI 431 3333

ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751

ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000

ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038

ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900

ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

NÝTT KORTATÍMABIL HEFST 8. DESEMBER



– í dillandi jólashafi!

# Ótrúlegt að ekki hafi orðið óeirðir

Lars Christensen, forstöðumaður greiningadeildar Danske Bank, telur Íslendingum hafa tekist vel upp í tiltekt sinni í ríkisfjármálum. Hann sagði Þórði Snæ Júlíussyni að lausnin á vandamálum þjóðarinnar lægi ekki í nýjum gjaldmiðli og að afnema ætti gjaldeyrishöft sem fyrst.

Þórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is



„Það er ótrúlegt að það hafi verið hægt að fara í svona viðamiklar efnahagsaðgerðir til að aðlaga fjárhag eins lands að nýjum veruleika líkt og gert var á Íslandi án þess að það yrði stórkostlegt uppbot á meðal almennings,“ segir Lars Christensen, forstöðumaður Greiningar Danske Bank. Hann kynnti nýja greiningu bankans á íslensku efnahagslífi síðastliðinn miðvikudag.

Hagvaxtaspa Danske Bank gefur til kynna að vöxtur á Íslandi verði hærri en víðast hvar í heiminum á næsta ári. Þegar Lars er spurður hvort bati Íslands sé tilkominn vegna þess að okkur hafi tekist svo vel að taka til í ríkisfjármálum okkar og aðlaga skuldir eða hvort við séum svona ofarlega á hagvaxtarlistanum vegna þess að ástandið sé svo slæmt hjá öðrum löndum segir hann svara að leita í báðu. „Á Norðurlöndunum eru vandamál hjá Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku, þótt Noregur sé auðvitað í vexti áfram. Það þýðir að Ísland verður það ríki á Norðurlöndum, fyrir utan Noreg, sem mun vaxa mest á næsta ári. Það eru hins

vegar ekki endilega góðar fréttir fyrir ykkur að nágrönnum ykkar gangi illa og það mun hafa áhrif á vöxt á Íslandi þegar fram í sækir. En þær efnahagslegu aðgerðir sem gripið hefur verið til á Íslandi í ríkisfjármálum og skuldaendurskipulagningu hafa tekist mjög vel.

Samhliða hefur peningamálastefnan linað sársaukann með gengisfalli krónunnar. Slíkt samspil efnahagslegra aðgerða og gengisfellingar væri til dæmis mjög hentug lausn fyrir mörg ríki í Evrópu sem eru í vandræðum, en er ekki í boði út af myntsamstarfinu.“

Lars leggur þó áherslu á að það sé ekki hægt að staðhæfa í dag, fjórum árum eftir að kreppan hófst, hvaða lönd hafi valið réttu leiðina og hver ekki. „Það getur allt breyst svo snögglega. Í dag er mikið talað um að leiðir Íslands og Eistlands séu leiðir sem ætti að vera fyrirmyndir.“

## Eigum að horfa til Singapúr

Að mati Lars er upptaka annars gjaldmiðils, til dæmis evru eða Kanadadollars, engin töfralausn fyrir Ísland. „Það er enginn vafi á því að peningamálastefna á Íslandi frá stofnun lýðveldisins hefur brugðist algjörlega. En lausnin þarf ekki endilega að liggja í því að skipta um gjald-

Það er enginn vafi á því að peningamálastefna á Íslandi frá stofnun lýðveldisins hefur brugðist algjörlega

Lars Christensen

forstöðumaður greiningardeildar Danske Bank

miðil. Ég hef líka miklar efasemdir um evrusamstarfið. Kreppan sem þar ríkir hefur sýnt hversu erfitt það er að skeyta jafn ólíkum efnahag og raun ber vitni saman í myntbandalag. Ísland yrði reyndar líkast til í betri aðstöðu til að laga sig að breyttum efnahagslegum forsendum hverju sinni en mörg lönd sem þegar eru aðilar að sambandinu, en efnahagslíf Íslands er samt sem áður mjög ólíkt þeim sem mynda evrusamstarfið.“

Lars mælir frekar með því að Ísland horfi til Singapúr í leit að hentugri peningamálastefnu, en stefna landsins felur í sér fljótandi gjaldmiðil með takmörkunum. Gjaldmiðillinn, Singapúrdollarinn, er síðan tengdur við gengiskörfu mynta helstu skiptalanda Singapúr. Lars segir margt líkt með ríkjnum tveim. Íbúar þeirra beggja hafi háar tekjur, þau sé fámenn og séu háð ytri aðstöðum. „Þetta myndi hjálpa til við að jafna sveiflur í útflutningi og mynda stöðugleika. Ef Ísland myndi tengja sig við körfu þá ætti heimsmarkaðsverð á áli líka að vera í körfunni, enda álúftlutningur gríðarlega stór hluti af útflutningi landsins. Álverðið ætti samt að vera lítill hluti af körfunni, kannski tvö til fimm prósent, en þetta myndi leiða til þess að gjaldmiðillinn styrktist við hækkun á álverði.“

## Höft afskræma markaðinn

Lars er eindreginn andstæðingur gjaldeyrishafta og segir að það sé ekki bara gerlegt að afnema þau hér sem fyrst heldur mjög æskilegt. Að mati Lars valda höft því að markaðshagkerfið afskræmist. Slík afskræming aukist síðan með hverju árinu sem þau eru við lýði og skapi alls kyns neikvæðar hliðarverkanir. Á endanum muni það hafa neikvæð áhrif á hagvöxt. „Gjaldeyrishöft draga úr vilja stjórnmalamanna við að leysa þann vanda sem er til staðar. Þegar við bætist að það er finni hagvöxtur á Íslandi, miðað við það sem er að gerast á alþjóðavísu, þá virðist ekki vera mikill hvati til að afnema þau. En höft hafa neikvæð áhrif. Fjárfestar treysta því ekki að þau verði aukin eða þeim breytt og tilfinning skapast á meðal þeirra að tilvera haftanna muni dragast verulega á langinn.“

## Skilja þarf á milli

Spurður hvort hann telji hægt að afnema höftin án þess að einhvers konar samningur við eigendur aflandskróna, sem eiga hundruð



**AFSKRÆMING** Lars Christensen er eindreginn andstæðingur gjaldeyrishafta og segir að það sé ekki bara gerlegt að afnema þau hér sem fyrst heldur mjög æskilegt. Að hans mati valda höft því að markaðshagkerfið afskræmist.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vanmátu hreyfanleika íslensks vinnuafis

Greiningardeild Danske Bank lagði fram greiningu á íslensku efnahagslífi í apríl í fyrra. Þar spáði hún meðal annars því að atvinnuleysi yrði níu til tíu prósent á árin 2011 til 2013. Raunin varð allt önnur og atvinnuleysi í október síðastliðnum var 5,2 prósent. Lars gengst við því að atvinnuleysisþáin hafi verið röng. Það hafi þó komið honum á óvart þar sem spá þeirra um hagvöxt hafi verið nær lagi. „Atvinnuleysið hefur lækkað mun meira en hagvöxtur gefur tilefni til. Ég tel að við höfum vanmetið þann fjölda sem telst ekki lengur til virks vinnuafis og hversu hreyfanlegt íslenskt vinnuafli er. Þegar atvinnutækifærin voru ekki til staðar þá flutti fólk einfaldlega til annarra landa.“

Danske Bank gerði líka ráð fyrir því að verðbólga á Íslandi myndi fara niður fyrir verðbólguþátt Seðlabankans á þessu ári, en þau eru 2,5 prósent. Skemmst er frá því að segja að verðbólgan hefur verið fjarri því að fara niður fyrir þau mörk. Lars segir útskýringuna á þessu vera þá að verðbólguþáttinn hafi byggt á því mati Danske Bank að íslenska krónan væri vanmetin um 25 prósent gagnvart evru og að sú leiðrétting myndi rungerast á spátímabilinu. Það hafi hins vegar ekki gerst og raunar er staða krónunnar gagnvart evru nánast sú sama í dag og hún var í apríl í fyrra. Lars segist samt enn vera á þeirri skoðun að krónan sé vanmetin, þótt sú forsenda sé ekki inni í greiningunni sem kynnt var á miðvikudag.

milljarða króna innan hafta, liggja fyrir svarar Lars því neitandi. „Það þarf hins vegar að skilja á milli peningamála og efnahagsmála. Afnáam hafta er til að mynda talið munu hafa þau áhrif að krónan veikist. Það myndi hafa mikil áhrif á mjög skuldbæringar. En það á ekki að vera viðfangsefni peningamála að taka á gjaldfærnisvandamálum heimila, fyrirtækja eða opinberra aðila. Það á að vera viðfangsefni efnahagsmála. Það þarf að taka ákvörðun um hvort viðkomandi aðili sé lífvænlegur og hvort það eigi að leggja honum til meira fé. Það á ekki að halda honum lifandi með peningamálastefnu. Þá yrði uppi svipt ástand og var í Japan í um áratug þar sem uppvækningsbönkum var haldið á lífi í stað þess að tekið væri á undir-

liggjandi vandamálum þeirra. Ef heimilum, fyrirtækjum og opinberum aðilum er haldið lifandi með gjaldeyrishöftum þá er verið að fela vandann í stað þess að taka á honum. Það græðir enginn á því.“

Lars ítrekar þó að Ísland hafi staðið sig mjög vel í að taka á þessum málum, sérstaklega hvað varðar skuldaaðlögun heimila og fyrirtækja. Líklega hafi ekkert ríki unnið jafn vel í því máli og náð jafn miklum árangri. „Ísland er líkan sem vert er að fylgja í þessum málum. Það þarf að taka á þeim og það hefur verið gert á Íslandi. Sjáðið til dæmis það sem er verið að gera með Grikkland. Þar er verið að henda peningum inn í ríki sem er í raun gjaldþrota til að halda því á floti. Það er hörmulegt.“

**Miele**

Miele þvottavélar og þurrkarar

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)


Frikirkjan í Reykjavík

**AÐVENTUKVÖLD**

sunnud. 9. desember kl. 20.00

Hugljúf jólastemming.

Ræðumaður er **Jakob Frimann Magnússon**, tónlistarmaður og framkvæmdastjóri miðborgar. **Sigurður Guðmundsson** úr hljómsveitinni Hjálmmum flytur ljúf lög. Jazzhljómsveit Gunnars Gunnarssonar ásamt sönghópi Frikirkjunnar auk blásarakvartetts.



FRÍKIRKJAN  
Í REYKJAVÍK

Sunnud. 16. Des. kl. 14.00 Jólatrésskemmtun.

Aðfangadagskv. kl. 18.00 Aftansöngur fyrir alla fjölskylduna.

Miðnætursamvera á jólanótt, kl. 23:30

**Páll Óskar** og **Monika Abendroth** ásamt strengjasveit með tónlistarfólki Frikirkjunnar. Mætið tímanlega til að fá góð sæti!

Hátíðarguðsþjónusta á jóladag kl. 14.00

Ljósanna hátíð fagnað með risandi sól.

**Egill Ólafsson** söngvari syngur og spjallar um tónlistarval sitt.

Gunnar Gunnarsson organist ásamt sönghópi Frikirkjunnar.

## Greining Danske Bank fyrir íslenskt efnahagslíf:

**2,2** prósent hagvöxtur á næsta ári.

**2,2-2,9** prósent er verg landsframleiðsla á næstu þremur árum.

**3** prósent minnkandi einkaneysla á næstu árum.

**5** prósent atvinnuleysi árið 2014.

**2,5** prósent verðbólguþátt mun ekki nást á næstu árum.





OYSTER PERPETUAL ROLEX DEEPSEA



MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - [www.sviss.is](http://www.sviss.is)




ROLEX



# KULDI ER ÓDÝRASTUR HJÁ OKKUR\*



GERÐU VERÐ-  
SAMANBURÐ



\* Samkvæmt verðkönnun  
ASÍ frá 5. des. 2012

3.890,-

-32%



#### Jóakim Aðalönd Borðspil

Núna er Hexia De Trix búin að margfalda Jóakim Aðalönd og það er komið að þér að berjast fyrir þeim eina sanna.  
Vnr.: MYS9995

5.490  
Verð áður 7.990,-

-40%

TAKMARKAÐ  
MAGN



#### Xoomy Girls/Animal

Börnin geta búið til sín eigin listaverk með því að taka í gegn með hjálp Xoomy, einnig til í dýraútgáfu.  
Vnr.: RAV186693/185610

2.994  
Verð áður 4.990,-

-25%



#### Skrípó spilið

Skrípó er fjörukt spil fyrir alla fjölskylduna.  
Vnr.: FOR535782

6.790  
Verð áður 8.990,-

www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is

A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi

A4

# ÞÚ FÆRÐ EINFALDLEGA ALLT TIL JÓLANNA Í HAGKAUP



Þarf ekki  
að sjóða!  
Aðeins 90 mín.  
í ofni!

SALT  
MINNI

## Hagkaups Hamborgarhryggur

- SÉRVALINN AF FAGMÖNNUM ÚR NÝJU HRÁEFNI
- ÞARF EINUNGIS AÐ ELDA Í OFNI
- SALT MINNI

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfínnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.

## Krónhjartarfile

Fyrir þá sem vilja villibráð á jólaborðið. Tilvalið sem forréttur sem og aðalréttur. Meyrt og safaríkt kjöt með villibráðarbragði sem slær í gegn.



## Skosk rjúpa

Rjúpan er ómissandi jólamatur fyrir marga Íslendinga. Rjúpan er bragðmikil villibráð, kjötið dökkt, fínlegt og mjúkt. Mikilvægasti þátturinn við matreiðslu á rjúpu er sósan. Galdurinn við gerð góðrar rjúpnasósu er að sjóða kraft af beinum rjúpunnar og afskurði.

## Hreindýralundir og file

Hreindýrakjöt er dökkt með sterku villibráðabragði. Það má segja að kjötið sé sjálfmarinerað því hreindýrið lifir á sterkum jurtum. Þýðingarmesti þátturinn við matreiðslu á hreindýrakjöti er að ofelda það ekki.



## Heill humar 400g

Einstaklega bragðgóður humar sem hentar vel á veisluborðið um jólin. Humarinn er tilbúin beint í pottinn og tekur aðeins nokkrar mínútur að elda.



**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan  
& Eiðistorg

OG  
Í SMÁRALIND  
TIL JÓLA

**NÝTT**  
VISATÍMABIL



TILBOÐ  
30%  
afsláttur á kassa

**KJÚKLINGA-  
LUNDIR**  
**2099KR/KG**  
VERÐ ÁÐUR 2998

**KJÚKLINGABAKA MEÐ FETAOSTI OG GRÆNMETI**  
fyrir 6, að hætti Rikku

1 pakki smjördeig, útflatt  
olía til steikingar  
1 eggaldin, niðurskorið  
1/2 þúrrulaukur, sneiddur  
1 rauð paprika, söxuð í bita  
2 hvítlauksrif, pressuð  
600 g kjúklingalundir

4 timjangreinar  
2 egg  
100 ml rjómi  
100 g fetaostakubbur, mulinn  
100 g kotasæla  
4 kirsuberjatómatar  
salt og nýmalaður pipar

Hitið ofninn í 200°C. Prýstið smjördeiginu í eldfast mót og skerið það frá brúninni þannig að það passi vel í mótið. Leggið smjörpappír ofan á deigið og fyllið botninn með hrisgrjónum. Bakið botninn í 15 mínútur. Fjarlægið þá hrisgrjónin og smjörpappírinn og bakið áfram í 10 mínútur. Steikið eggaldinið, þúrrulaukinn og paprikuna í 7-10 mínútur. Bætið

hvítlauk út í og kryddið með salti og pipar. Setjið grænmetið í botninn á bökunni. Steikið kjúklinginn og kryddið með salti pipar og timjan og hellið ofan á grænmetið. Hrærið eggin saman við rjómann, fetaostinn og kotasæluna og hellið ofan í bökuna. Raðið tómötunum ofan á og bakið í 25 mínútur.



**PURUSTEIK**  
**1118KR/KG**  
VERÐ ÁÐUR 1398



TILBOÐ  
40%  
afsláttur á kassa

**LAMBAINNRA-  
LAERI**  
**2999KR/KG**  
VERÐ ÁÐUR 4998



**LÍFRAENN  
LAMBHRYGGUR**  
**1798KR/KG**  
VERÐ ÁÐUR 1998.-



**LÍFRAENT  
LAMBALAERI**  
**1698KR/KG**  
VERÐ ÁÐUR 1898.-



**INNFLUTTAR  
NAUTALUNDIR**  
**3998KR/KG**  
VERÐ ÁÐUR 4398

Vanilluís með brownies-kökum, karamellusósu og Bourbon vanillu

Súkkulaðimús með kókos og rommi

Silkijúk súkkulaðimús með hindberjum

Heit súkkulaðikaka með mjúkri miðju

Súkkulaðiís

GOTT  
- Eftirréttir -



Rikku

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

Ofurskattar á áfengi færa sölu þess undir yfirborðið:

## Vínmenningsarslys

**F**réttablaðið greindi í byrjun vikunnar frá könnun, sem sýnir að Íslendingar verða í vaxandi mæli varir við áfengissmygl og heimabrudd. Könnunina gerðu Markaðs- og miðlarannsóknir fyrir Félag atvinnurekenda (FA), sem gætir meðal annars hagsmuna áfengisinnflytjenda.

Niðurstaðan þarf ekki að koma á óvart. Verð á áfengi hefur hækkað um fimmtíu til tæplega níutíu prósent síðan árið 2007, ef horft er á mismunandi viðmiðunartegundir Hagstofunnar. Áfengi er miklu dýrara miðað við kaupmátt almennings en í flestum nágrannalöndum okkar. Þannig var það líka fyrir hrún, en svo hefur hrún krónunnar gert sitt og stjórnvöld bætt um betur með því að hækka opinber gjöld á áfengi hvað eftir annað.

Sérstaklega þeir tekjulágu leita þá ódýrari leiða en að kaupa áfengi í ríkiseinokunarbúðinni. Enda sýna niðurstöður könnunarinnar að ungt fólk og tekjulágt hefur fremur orðið vart við smygl og heimabrudd en þeir eldri og tekjuhærri.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri FA, sagði í Fréttablaðinu á mánudag að hækkan áfengisgjalds væri stundum réttlætt sem lýðheilsuþætti (til að fæla fólk frá áfengisneyzlu) en ef neyðin færðist út fyrir opinberan markað næðist það markmið ekki. Minnkandi opinber sala (sala á sterku víni hefur snarminnkað í Ríkini) gæti líka gert að verkum að tekjumarkmið gjaldhækkana næðust ekki.

Almar talar auðvitað út frá hagsmunum sinna félagsmanna, en þetta eru samt tvær röksemdir sem mark er á takandi. Stjórnarmálmennt virðast stundum halda að þeir komist upp með að hækka opinberar álögur á áfengi endalaust, af því að það sé svo ljótt og óhollt að drekka það. En, eins og Almar bendir á, græða menn lítið ef viðskiptin færast bara yfir á svarta markaðinn.

Lýðheilsuþætti er þannig í raun bara ómerkilegt yfirvarp. Hækkunar áfengisgjaldanna eru hreinræktuð tekjuöflunarviðleitni ríkisstjórnarinnar. Ekki stendur til að nota peningana í forvarnir eða meðferð áfengissjúklinga, eins og SÁÁ hefur lagt til, heldur fara þeir bara í að loka fjárlagagatinu. Og óvíst að allar tekjurnar skili sér sem lagt er upp með.

Þá er ótalin þriðja röksemdin gegn þessum gegndarlausu álögum á áfenga drykki. Það er nefnilega til eitthvert ástand á milli bindindis og þess að verða áfengisböllinu að bráð. Það er kallað vínmennning og þessar yfirgengilegu álögur gera ekkert til að bæta hana. Verðhækkningar, sem knýja ungt fólk og tekjulágt til að kaupa landa, spíra og smygl, stuðla ekki að heilbrigðri umgengni fólks við löglega vöru sem hefur fylgt mannkyninu um árþúsundir.


Fyrir flesta neytendur áfengra drykkja er neyzla þeirra partur af daglegu lífi og ekki vandamál. Ofurskattastefna stjórnvalda er þess vegna fyrst og fremst fjandsamleg neytendum, ekki sízt af því að hún stuðlar hvorki að því að draga úr áfengisböllinu né bæta vínmenningu.

Almar Guðmundsson segir að Félag atvinnurekenda hafi kallað eftir heildstæðri áfengisstefnu stjórnvalda. Það virðist engin vanþörf á slíkri stefnumótun. Núverandi stefna er að minnsta kosti ekki að skila neinum árangri.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Orsök vanda íbúðalánasjóðs

Pingmenn ræddu vanda íbúðalánasjóðs í gær. Ástæða hans er að gerðar voru breytingar á húsnæðiskerfinu árið 2004 og húsbreftakerfinu varpað fyrir róða í kjölfarið. Lántakendur greiddu upp lánin sín og leituðu annað en sjóðurinn gat ekki fjármagnað sig á betri kjörum. Seðlabankinn og stjórnarandstaðan vörðu við þessu, en ekkert var hlustað heldur ætt áfram án þess að sjást fyrir hverjar afleiðingar yrðu. Núverandi ríkisstjórn hefur gert hvað hún getur við erfiðar aðstæður og verður alls ekki kennt um hvernig fyrir sjóðnum er komið. Þetta er sannleikurinn, ef þú, lesandi góður, styður Framsóknarflokkinn.



#### Orsök vanda íbúðalánasjóðs

Ástæða vandans er sú að mistök voru gerð við stofnun nýju bankanna. Tækifæri til að flytja íbúðalán til með verulegum afslætti voru ekki nýtt en það hefði styrkt stöðu sjóðsins verulega. Ákvarðanir um breytingar á sjóðnum, meðal annars 90% lán, voru ekki þensluhvetjandi, en bankarnir unnu skaða með árás á sjóðinn. Þetta er sannleikurinn, ef þú, lesandi góður, styður Framsóknarflokkinn.



#### Orsök vanda íbúðalánasjóðs

Ástæða vandans er vanmat á stöðunni árið 2010 og fjárþörf íbúðalánasjóðs. Samfylkingin hefur vélað um málefni sjóðsins síðan 2007 og óskiljanlegt er að lántakendum hafi ekki verið gert að greiða uppgreiðslugjald. Núverandi ríkisstjórn vildi ganga mun lengra í 90% leiðinni en þáverandi stjórn getur ekki gagnrýnt forvera sína. Ríkisábyrgð á sjóðnum er tífandi tímasprengja og stjórnvöld verða að svara því til hvernig þau ætla að bregðast við vandanum. Þetta er sannleikurinn, ef þú, lesandi góður, styður Sjálfstæðisflokkinn.

kolbeinn@frettabladid.is

Ólafur P. Stephensen



olafur@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Gull

### DAGUR RAUÐA NEFSINS



Gunnar Hansson leikari og heimsforeldri

Hvað segir maður við barn sem vinnur allan daginn niðri í þrjátíu metra djúpri holu í svartamyrkri og kæfandi hita? Þar sem súrefni er það lítið að erfitt er að anda? Holan er þröng og eina leiðin út er að klifra upp eftir reipi sem virðist við það að slitna í sundur. Allt í kring eru eins holur með fleiri vinnandi börnum í. Þetta er gullnáma. Börnin eru ódýrt vinnuafli.

Fyrir mánaðarvinnu í holunum fá börnin 5.000 krónur. Hverju svarar maður þegar eitt þeirra hvíslar að mér að það vilji ekki vera hér? Barnið er einmana og kvíðið og hefur aldrei farið í skóla.

Hvað gerir maður síðan þegar maður kynnist átta ára gamalli stúlku sem þrælur sér út fyrir lúsarlausn og skelfilegri grjótnámu eða hittir börn sem eru svo vannærð að þau halda ekki höfði? Fyrstu viðbrögð eru að verða sorgmæddur og reiður yfir að búa í heimi þar sem svona óréttlæti viðgengst. Á sama tíma fyllist ég von því ég hitti líka fólk sem vinnur sleitulaust að því að hjálpa þessum börnum og gera heiminn að betri stað.

Ég fyllist enn meiri von þegar ég átta mig á því að á sama andartaki og ég er hér að bráðna úr hita í Búrkína Fasó

→ Fyrir mánaðarvinnu í holunum fá börnin 5.000 krónur. Hverju svarar maður þegar eitt þeirra hvíslar að mér að það vilji ekki vera hér?

Í Afríku er UNICEF ekki einungis að berjast fyrir réttindum þessara barna – heldur barna í 190 öðrum löndum.

Mánaðarlegt framlag mitt sem heimsforeldri UNICEF er kannski ekki hátt. En dropparnir mynda á endanum hafið. Heimsforeldrar eru hjartað í starfsemi UNICEF, langstærstu barnahjálpar-samtaka heims. Þótt ótrúlegt megi virðast eru samtökin rekin einungis með frjálsum framlögum.

Í dag er Dagur rauða nefnsins. Hann gengur út á að gleðja landsmenn og hvetja þá til að gerast heimsforeldrar UNICEF – öll heimsins börn eru okkar börn. Hátíðin nær hámarki í söfnunar- og skemmtipættinum í kvöld. Allir geta látið sig málið varða því þátturinn er í opinni dagskrá á Stöð 2 og í beinni útsendingu á Vísi. Ég hvet þig til að horfa.

Börn heimsins eru gullið okkar og við verðum að gæta þess vel.



### Jólabasar iðjubjálfunar 2012 Hrafnista Reykjavík

Laugardaginn 8. desember kl. 13-17, 4. hæð.

- ✓ Valskórinn syngur á Helgafelli kl. 13:30.
- ✓ Jólakort Hrafnistu heimilanna afhjúpað.
- ✓ Kaffihúsið í Skálafelli er opið.

Jólabasar verður einnig opin mánudaginn 10. desember kl. 9-16, 4. hæð.

# Litla-netið-okkar.is

Í DAG

Pawel Bartoszek stærðfræðingur



Einu sinni var internet. Og þetta internet þótti alveg ágætt en það var alveg rosalega stórt. Svo stórt að mörgum okkar þótti það óþægilegt. Sérstaklega þótti mörgum óþægilegt hvað við, á þessu litla landi, höfðum litla stjórn á því hvað menn gætu gert úti á hinu stóra interneti.

Þar, úti á hinu stóra interneti, gátu útlendingar til dæmis keypt lén með íslenskum „.is“-endingum. Þeir voru raunar ekkert rosalega margir sem það gerðu en tilhugsunin ein var óþægileg. Einhver útlendingur gat keypt upp lén eins og origami-and-pizza.is án þess að hafa nein tengsl við Ísland! Menn sögðu: „Hvað ef einhver Íslendingur vill síðan setja upp eigin síðu helgaða pappírshöndum og flatböckum? Hvað þá?“

Svo fór að mönnum datt í hug að banna útlendingum að eiga íslensk lén með því að krefjast þess að allir sem keyptu slík lén hefðu íslenska kennitölu. Þessi hugmynd reyndist misráðin. Íslensku lénin urðu einfaldlega enn dýrari í kaupum, uppsetningu og hýsingu. Menn gátu keypt upp „.com“ lén og sett upp eigin síðu sama kvöld, en með „.is“-lénin var þetta miklu meira vesen.

Flestir Íslendingar fóru þannig að kaupa erlend lén. Því miður varð það erfiðara eftir því sem

öðrum ríkjum fór að þykja þessi regla um að banna útlendingum að kaupa lén sniðug. Fleiri ríki fóru að krefja menn um kennitölur, skilríki og „tengsl við landið“.

Jafnvel í Bandaríkjunum var farið að ræða það að einskorða „.com“ lén við fyrirtæki sem væru bandarísk. Heimurinn varð verri og við hjálpuðum til.

Stefnan „is-endingar fyrir Íslendinga!“ reyndist bara eitt skref í átt til þess að girða hinn „íslenska hluta netsins“ af fyrir óæskilegum ytri áhrifum. Næst bönnuðu menn fjárhættuspil með því að banna kortafyrirtækjum að sjá um milli-færslur fyrir erlendar spilasíður. Þetta var gert með þeim rökum að næstum því 1% fullorðins fólks spilaði meiri póker á netinu en ríkið taldi því hollt. Þessi ráð dugðu hins vegar ekki nægilega vel og fólk fann leiðir fram hjá þeim. Þá var lögumum breytt og einfaldlega lokað fyrir síðurnar á Íslandi. Svo voru sett upp einhver netspilavíti sem rekin voru af íslenskum einokunaraðilum. Menn sögðu: „Ef Íslendingar eiga að tapa í póker á netinu skulu þeir í það minnsta tapa fyrir öðrum Íslendingum! Og Íslendingar skulu hirða gróðann!“

Næst fór klámið svipaða leið, fyrst var lokað á greiðslurnar, svo síðurnar. Fáir mótmæltu þessu því það skoðar næstum því enginn klám. Svo er klám hvort sem er bannað á Íslandi. Þá var farið að loka hvers kyns síðum þar sem fólk gat deilt tónlist og kvikmyndum mislöglega. „Af hverju að hafa opið fyrir síður sem bjóða aðallega upp á hluti sem eru ólöglegir á Íslandi?“ spurðu menn.

Tollar og viðskipta-hindranir eru þekktar leiðir þjóða til að gera sjálfar sig fátækari.

### Raunveruleg hætta?

Ég gæti haldið hér áfram og málað upp dekkri og dekkri framtíð – jafnvel framtíð þar sem stór hluti síóna á netinu er læstur Íslendingum. Kannski þætti einhverjum það ótrúverðug bólsýni. En til hvers að stíga nokkur skref í þá átt? Um leið og menn fara að skipa kortafyrirtækjum að banna viðskiptavinum sínum að borga fyrir ákveðna tegund af þjónustu verða menn fljóttir að bæta við þann svarta lista. Menn munu segja að þetta sé bara spurning um að það sé „farið að lögum“ og rökstyðja eitt bann með því að visa til annars.

Um leið að við bönnum nógu margt munu menn tala um að það sé „ábyrgðarhlutur að leyfa“ hitt sem ekki er bannað. Erlendar stefnumótasíður: „Er þetta ekki allt meira og minna mansal?“ Erlendar tónlistarsíður: „Fá tónlistarmennirnir nokkuð borgað?“ Og svo framvegis.

Fá erlend fyrirtæki nenna að sníða þjónustu sína sérstaklega að lögum 300 þúsund manna markaðar. Þess vegna hryllir mig við öllum tilraunum til þess að búa til sérstakt íslenskt netsvæði þar sem einhver séríslensk lögmál gilda. En þetta eru ekki nýjar hugmyndir. Tollar og viðskipta-hindranir eru þekktar leiðir þjóða til að gera sjálfar sig fátækari. Við þurfum bara að spyrna við fótum í þetta skiptið.

# Spámaður snýr aftur!

Fræg er innkoma hins danska Lars Christensen í umræður um íslensk efnahagsmál árið 2006. Lars karlinn var ekki sleginn blindu á ójafnvægið, skuldsetninguna og hættunarnar í íslensku efnahagsbólunni eins og flestir hér heima. Hann horfði á mælana, kannaði undirliggjandi hagvísu og dró sínar ályktanir um að hér stefndi í óefni og reyndist sannspár eins og við þekkjum. Nýfrjálsbyggju- og útrásarliðið á Íslandi tók gagnrýni hans illa eins og yfirleitt öllu og öllum sem ekki tóku þátt í lofgerðarsöngnum um íslensku snilldina. Lars þótti vera veisluspillir sem stýrðist af litlu öðru en sérstakri tegund af danskri öfund og var þannig afgreiddur út úr umræðunni.

### EFNAHAGSMÁL



Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvega- og nýsköpunaráðherra

→ Sem sagt, að mati hins danska spámanns er efnahagslífið á réttri leið.

meiri og verður að öllum líkindum meiri á næsta ári en á a.m.k. þremur hinna Norðurlandarákjanna og nær flest öllum ríkjum Evrópu. Atvinnuleysi er minnkandi og hefur lækkað hraðan en Lars og félagar reiknuðu með í síðustu spá.

Hér er kominn viðunandi stöðugleiki, fjármálakerfið komið í gang, grunnur einkaneyslu er þokkalega traustur og fjárfestingar þokast upp á við. Lars hefur ekki tiltakanlegar áhyggjur af verðbólgu og telur ekki þörf fyrir meira peningalegt aðhald nema síður sé. Áhugi erlendra fjárfesta fer vaxandi á Íslandi þó að höft á fjármagnshreyfingar fæli frá og ofan af þeim telur Lars þurfa að vinda svo fljótt sem auðið er.

### Ekki afgreiddur sem vinstri „agent“

Sem sagt, að mati hins danska spámanns er efnahagslífið á réttri leið. Og ekki verður maðurinn afgreiddur sem vinstri „agent“ eða málpípa ríkisstjórnarinnar. Lars lýsir sjálfum sér sem hörðum markaðssinna og höllum undir kenningar Milton Friedman. Nei, þetta er sami maður og sagði okkur til syndanna 2006 og reyndist því miður hafa rétt fyrir sér. Er ef til vill ástæða til að taka mark á honum nú eða eigum við að afgreiða hann aftur úr umræðunni með ódýrum hætti og fylgja leiðsögn Bjarna Ben og Sigmund Davíðs í efnahagsmálum um að heimurinn sé að farast?

**FYLGIHLOTIR SEM TEKID ER EFTIR**

Opið mán - fös 11-18 lau 12-16  
Höfðatorgi | S 577-5570  
Erum á facebook

**KAMILLA VINDMYLLA**  
OG BULLORDNA FÓLKID

6. sæti  
yfir mest seldu barna- og unglingabækur

Hilmar Örn Óskarsson

fyrir 7-12 ára

Rækilega fyndin og spennandi!

Kamilla og vinir hennar þurfa að kljást við kexvitlausan vísindamann, fluggáfaðan úlf og sína eigin foreldra í þessari þrælfyndnu bók.

Vorið 2012 hlaut Bókabeitan Vorvinda IBBY fyrir framlag sitt til barnamenningar

Sérlegir sérfræðingar í barna- og unglingabókum

BÓKABEITAN

# „Af barna munni og brjóstmylkinga býrðu þér lof“

Lítill stúlka hefur verið svívirt af kaþólskum kirkjubjónum Landakotsskólans. Sem foreldrarir treystu fyrir í þeirri trú að þar yrði hún í öruggum höndum, þarna sem hún var í klerksins Georges höndum, hans öfugugga höndum, sem auðmýktu hana, kuguðu og saurguðu hana; þessa kirkjunnar þjóns sem átti að leggja hendur yfir hana en lagði hendur á hana; þessa séra sem átti að að auðsýna henni gæsku Guðs en svipti hana sakleysinu, barnadómnum, meydómnum; þarna í þessum kaþólska skóla þar sem hún leið kynferðisofbeldi af skólalærisins Georges hendi, aftur og aftur, dag eftir dag, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár.

OFBELDI



Aldís Schram  
lögfræðingur

Hvað gerði kaþólski kirkjunnar þjóninn þá hinn harmi slegni faðir stúlkunnar gerði honum uppskált um glæpin, árið 1963? Hvað gerði kaþólska nunnan þá hún var upplýst um hann, árið 1983? Hvað gerðu kaþólsku prestarnir þá þeim var gert kunnugt um hann, árið 1990? Hvað gerðu þau? Þau gerðu ekkert. Ekkert! Og þar með sýknuðu hinn seka sem fyrir vikið gat óáreittur áfram iðkað sín myrkraverk.

## Þjakaður, spottaður, lítilsvirtur

Lítill drengur hefur verið svívirtur af kaþólskum kirkjubjónum Landakotsskólans. Aftur og aftur, dag eftir dag, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár; þarna sem hann var hrjáður, þjakaður, spottaður, lítilsvirtur, fyrirlitinn, særður, saurgaður, og einskis metinn, nema til þessa brúks, að sinna ofbeldisþörfum kennslukonunnar sinnar, Margrétar Müller, og skólalærisins síns, Ágústis Georges; í þessum kaþólska skóla þar sem hann var rændur sveindómnum, sakleysinu, æskunni, sjálfsvirðingunni, gleðinni, voninni, trúnni og traustinu, á menn og Guð.

Hvað gerði kaþólski biskupinn Frehen þá hinn svívirtu gerði honum uppskált um þessi ódæðis-

verk, árið 1966? Hvað gerðu kaþólsku prestarnir þá þeir voru upplýstir um þau, árið 1977? Hvað gerðu þeir? Þeir gerðu ekkert. Ekkert! Og þar með sýknuðu hin seku sem fyrir vikið gátu óáreitt áfram iðkað sín myrkraverk.

Hvað gerði núverandi biskupinn, Peter Bürcher, þegar sá hinn sami svívirtu maður fór í sína Pílatusargöngu á hans fund, árið 2010, og gerði honum uppskált um þetta sálarmorð? Kenni biskupinn ekki í brjósti um hann? Auðsýndi hann honum ekki þá elsku Guðs, sem hann boðar? Baðst hann ekki fyrirgefningar fyrir kirkju sinnar hönd og vottaði í verki þá iðrun og yfirbót sem hún boðar?

## Hvað gerði hann?

Eftir að hann hafði sent bjargarlausan beiðandann bönleiðan burt, eftir að hann hafði sagt málinu vera lokið, eftir að þessi illvirki höfðu komist í hámmæli, eftir að innanríkisráðherra hefði verið gjört uppskált um þau, þá samþykkti biskupinn rannsókn. Sem nú hefur í ljós leitt þetta – sem allir þessir kirkjunnar þjónar skelltu skollaeyrunum við:

Lítill börn, drengir og stúlkur, hafa verið svívirt af kaþólskum kirkjunnar þjónum sem kenna sig við Krist. Sem sagði: „Hver sem tekur við einu slíku barni, tekur við mér.“ Og hvernig tóku þeir við Kristi? Á andstyggilegan hátt. Á óórðanlegan hátt. Á þann hátt sem ekki er á færi barna að skálda upp og aðeins illmenna að framkvæma. En það urðu þau, guðsbörninn, að upplifa. Nið. Og það í kirkjuhúsi. Sem á að heita bænahús og kallast nú hvað? Guðniðingabæli?

## Polendur sviknir

Hver grætur ekki slíka grimmd? Hver getur brugðist aðgerðarlaust við barnaníði? Varla nokkur manneskja nema með hjarta úr steini. Biskuparnir Frehen, Gijzen og Bürcher gátu það. Og þar með

→ Hvað gerði kaþólski biskupinn Frehen þá hinn svívirtu gerði honum uppskált um þessi ódæðisverk, árið 1966? Hvað gerðu kaþólsku prestarnir þá þeir voru upplýstir um þau, árið 1977? Hvað gerðu þeir? Þeir gerðu ekkert.

sviku þolendurna um einu huggunina harminum gegn, sem er víðurkenning glæpsins og fyrirgefningarbeiðni af heilum hug.

Svo hvað gerir biskupinn Bürcher nú? Hann í „fullkominni auðmýkt“ biður „afsökunar“ þá sem „í raun“ eiga hlut að máli. Og þar með rengir tárur drifna sögu nemenda Landakotsskólans og biðst ekki fyrirgefningar (fyrirgefningarboðberinn sjálfur). Segist síðan verða að fá „naudsýnlegan tíma og ráð til að komast að niðurstöðu,“ og það „ef til vill“ fyrir hjálp „réttarkerfisins“ – sem hann veit, eða má vita, að vegna fyrningar svíkur þolendurna um réttlætið. Segir svo að „kaþólska kirkjan á Íslandi muni hér eftir grípa til ráðstafana til þess að koma í veg fyrir kynferðislega misnotkun í framtíðinni“.

Þarf hún ekki þá að byrja á því að kynna sér góða mannsiði og fara að iðka þá, þessa sem hún kennir? Eins og t.d. þá að „hugga hrellða“?

Myndi Kristur, þessi, manstu, sem þú boðar, sá sem rengdur var, rægður, og rakkaður niður af hrokafullum hræsrunum; öldungunum, fariseunum og fræðimönnum, segja: Nauðgaði klerkurinn þér? Afsakaðu, ef þú ert þá að segja satt. Ég ætla að ráðgast við lögfræðinginn minn. Talaðu svo við mig eftir hálf t.ár.

Getur kirkja sem breytir ekki sem hún býður kallast kirkja Guðs? Er kirkjan Guð? Hver er hún? Hún er fólk, er hufur hann, sem þessir „andlegu tituprjónar“ kirkjunnar hafa svikið þessi börn hans um, nefnilega kærleikann.

# Helstu átakamál samfélagsins má rekja til íslensku krónunnar

Upphrópanir um reikningaskil milli kynslóða eru ekki nýlunda á Íslandi. Meðal þess sem rætt hefur verið um í því sambandi er kynslóðin sem fékk lánin sín að gjöf, þ.e. að þeir sem voru í réttum stjórnmálaflokkum á árunum fyrir verðtryggingu gátu margir hverjir fengið óverðtryggt „lán“ til kaupa á íbúð sem þeir þurftu aldrei að borga til baka nema að óverulegu leyti, þar sem verðbólgan sá um að gera lánin verðlaus áður en þau voru að fullu greidd.

Nefna má „Sigtúnshópin“ sem kom fram í byrjun níunda áratugarins þegar fyrst opinberuðust, eftir að verðtrygging var heimilud 1978, þau vandkvæði sem stafa af því þegar misgengi verður milli lánskjara og launa. Þá, eins og nú, var minnt á kynslóðina á undan sem ekki þurfti að greiða lánin sín til baka nema að litlu leyti.

Einnig má minna á baráttu námsmanna, um miðjan áttunda áratuginn, fyrir verðtryggingu námslána sem var fyrst og fremst baráttu fyrir því að fjármunir fengjust í Lánasjóð námsmanna og fleirum yrði gert kleift að stunda nám. Ekki hvarflaði að neinum að þau lán ættu að vera

gjafir til námsmanna. Lánin árin á undan voru óverðtryggt með 3% föstum vöxtum.

## Notum kraftana í uppbyggilegri viðfangsefni

Eitt eiga þessi miskliðarefni öll sameiginlegt; alltaf er verið að takast á við afleiðingar sem rekja má beint til íslensku krónunnar og þeirrar hagstjórnar sem hún endurspeglar. Meðan við höfum gjaldmiðil sem er alltaf afgangsstærð í hagstjórn, þ.e. stærð sem er látin gefa eftir þegar hagstjórnin hefur reynst stjórnmálamönnum ofviða, þá verður krónan í senn orsök og afleiðing lélegrar hagstjórnar.

Það jákvæða sem gæti mögulega komið út úr slíkri kynslóðatogstreitu, líkt og þeirri sem nú er uppi, væri ef við berum gæfu til að leita leiða til að losna við orsök deilnanna, íslensku krónuna. Hvað mundum við, sem meðlimir í einhverjum félagsskap, gera ef við stæðum frammi fyrir slíkum friðarspilli með reglulegu milli-bili? Mundum við ekki leita leiða sem myndu losa okkur undan því að þurfa að eyða kröftunum í jafnmiður skemmtileg viðfangsefni? Í öllum venjulegum samtökum hlytum við að spyrja okkur hvort ekki væri til félagsskapur sem við gætum átt aðild að, þar sem

→ Meðal þeirra skilyrða sem gjaldmiðlar þurfa að uppfylla til að geta talist þjóna hlutverki sínu er að gjaldmiðill þarf bæði að vera áreiðanleg mælieining og ekki síður leið til að geyma verðmæti.

búið væri að leysa þau vandamál sem rekja má til íslensku krónunnar og við gætum snúið okkur að öðrum og uppbyggilegri verkefnum. Umræða um mun kynslóðanna skilar okkur litlu til framtíðar og þessi umræða spinnst öll vegna þeirrar markleysu sem íslenska krónan er.

Meðal þeirra skilyrða sem gjaldmiðlar þurfa að uppfylla til að geta talist þjóna hlutverki sínu er að gjaldmiðill þarf bæði að vera áreiðanleg mælieining og ekki síður leið til að geyma verðmæti. Hvorugt þessara skilyrða uppfyllir íslenska krónan. Gjaldmiðlar rísa undir nafni þegar þeir yta undir ráðdeild og hagsýni og notendur þeirra fá notið erfiðis síns og fórna. Gjaldmiðill er því aðeins raunverulegur að ekki sé reglulega sagt við okkur „allt í plati“ og allar áætlanir um sparnað eða fjárfestingar hrynja vegna hins sibreytilega verðmætis hans.

**Gjafabréf Heimsferða**  
er tilvalin gjöf fyrir þá sem „eiga allt“  
Gefðu hlýju og samveru um jólin!

Heimsferðir bjóða nú sérstakt jólatilboð! Keyptu gjafabréf fyrir 5.000 kr. en andvirði þess verður 7.000 kr.! Eða keyptu gjafabréf fyrir 10.000 kr. og andvirði þess verður 15.000 kr.! Athugið að tilboðið gildir einungis fyrir upphæðirnar sem eru tiltekna hér að ofan og einungis er hægt að nota eitt gjafabréf á mann í bókun. Gjafabréfið gildir einungis á nýjar bókanir.

Nánar á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is) og í síma 595 1000.

**Heimsferðir**

Discovery CHANNEL

FJÖLVARP

DEADLIEST CATCH



NÝTT

# Senseo®

ILMANDI FERSKT GÆÐAKAFFI  
Á HVERJUM EINASTA DEGI



UPPGÖTVAÐU NÝJAN BRAGÐHEIM SENSEO

**JVC****JVC RDEZ16**

Ferðatæki með FM/AM útvarpi og geislaspilara. CD spilari með MP3 stuðningi. USB, Audio in tengi og fjarstýring.

**VERÐ ▶ 19.990****JVC****JVC HLB3B**

60w RMS Soundbar heimabíó með iPod/iPhone vögg. Dolby Digital og DTS Digital Surround. Front-surround system með SRS StudioSound HD. 3D ARC. 2x HDMI inn og 1 HDMI út. Má hengja á vegg.

**VERÐ ▶ 39.990****JVC****JVC UXF3**

120w MIKRÓSAMSTÆÐA með tveimur iPod vöggum, geislaspilara. FM útvarpi með stöðvaminnum, Active Hyper-Bass, vídeó-út, Aux-inn að framan, heyrnartóstengi, tónjafnara, klukka o.fl.

**VERÐ ▶ 59.990****JBL**

Bluetooth®

**JBL FLIPBLACK**

Tveir öflugir 2 x 5W hátalarar með þráðlausri Bluetooth tengingu. Innbyggður hljóðnemi. 3.5mm jack tengi AUX. Li-ion hleðslurafhlaða. Straumbreytir og taska fylgja.

**VERÐ ▶ 24.990****JBL**

Bluetooth®

**JBL ONBEATAWAKEBLACK**

Hátalari með iPad / iPod / iPhone vögg og 10w D klassa magnara. Bluetooth með HARMAN TrueStream. Vekjari. Spennibreytir og fjarstýring fylgir.

**VERÐ ▶ 24.990****JBL**

Bluetooth®

**JBL ONBEATVENUEBLACK**

Margmiðunarhátalari með iPad/iPod/iPhone vögg. 2 x 15W magnari. 2 öflugir hátalarar. Bluetooth þráðlaus tenging með HARMAN TrueStream. 3.5mm jack tengi AUX.

**VERÐ ▶ 39.990****harman/kardon****HarmanKardon AVR70**

5x75W 5.1 rása Dolby Digital/DTS heimabíómagnari. 75W per rás @ 6 ohms, 20hz-20kHz (Multi channel og stereo). Signal-to-noise Ratio (IHF-A): 100 dB. Dolby Digital Plus, DTS-HD, Dolby TrueHD hljóðvinnsla. Dolby Pro Logic II. FM/AM útvarp. Digital Audio (1 Coaxial / 3 Optical) tengi. Analog, Bassabox-, heyrnatóls- og aux tengi. 3x HDMI 1.4a með 3D stuðningi (4/1). USB tengi.

**VERÐ ▶ 79.990****harman/kardon****HarmanKardon STEREO980**

Steríó magnari og geislaspilari (HK980+HD980) saman í pakka. 2x80w RMS magnari í 8 ohm. 6 x Audio (RCA). 2x Analog upptöku útgangar. Heyrnatóls- og A/B hátalaraútgangur. Fjarstýring.

**VERÐ ▶ 109.990****harman/kardon***Fæst einnig hvítt!***HarmanKardon BDS370**

3D Blu-ray Disc heimabíókerfi með 2x65W Digital magnara. Basshátalari með 200W RMS magnara. 120W 2 Way hátalarar. Dolby Virtual 5.1 Surround Sound. DVD uppskölin í 1080p. Dolby Digital, Dolby Digital Plus, Dolby TrueHD, DTS Digital, DTS-HD High Res Audio, DTS-HD Master Audio, FM útvarp með 30 minnum o.fl.

**VERÐ ▶ 189.990****Panasonic**

3 LITIR

**Panasonic SCHC37**

Ofurþunn 40W RMS samstæða með innbyggðri iPod vögg. D.Bass. Pure Direct Sound. FM/AM útvarp. Klukka með vekjara og svefnrofa. USB, heyrnatóls- og Music Port tengi. Nanosized Bamboo Cone hátalarar. Má festa á vegg.

**VERÐ ▶ 59.990****Panasonic**

Blu-ray Disc

**Panasonic SCBTT282**

520w 3D Blu-ray Disc 2.1 heimabíókerfi með iPod/iPhone vögg. 2 Vandaðir hátalarar (Anti Distortion) og öflugt bassabox. 5.1 Virtual Cinema Surround Sound. 2D-3D conversion (breytir 2D í 3D). P4HD. High Definition 1080p @ 24fps myndgæði. DTS-HD og Dolby TrueHD. DVD uppskölin í 1080p. VIERA Link. FM útvarp með 30 minnum.

**VERÐ ▶ 94.990****Panasonic**

Blu-ray Disc

**Panasonic SCBTT490**

1000w Digital RMS 3D Blu-ray Disc 5.1 heimabíókerfi með iPod og iPhone vögg. Kortalesari. VIERA CAST og þráðlaus nettenging. RDS útvarp með 30 minnum. 2x HDMI tengi o.fl.

**VERÐ ▶ 129.990**



# HEIMABÍÓ Í EINUM HÁTALARA



## Góðar gjafir og Gledileg Jól

Einfaldlega tengt og spilað. Soundbar heimabíó með HARMAN Display Surround tækni og Bluetooth tengingu

HELSTU KOSTIR

- Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
- Harman Display Surround tækni
- Þráðlaus Bluetooth tenging
- Einfalt í uppsetningu

JBL Cinema SB200

VERÐ ▶ 59.990



MIKIÐ ÚRVAL AF FERÐATÆKJUM,  
HLJÓMTÆKJUM, HEIMABÍÓUM  
OG HÁTÖLURUM



Panasonic

PHILIPS

JVC

JBL

harman/kardon

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)



## Er gætt að rétti þínum?

Starf mitt felst í því að gæta að réttindum fólks, meðal annars vegna umferðarslysa. Ég veit því vel að það verður seint sagt að íslenskt tryggingumhverfi ofali þá sem eiga um sárt að binda vegna slysa. Sumir launþegar eru þó betur settir en annað fólk, þar sem þeir hafa viðbótartryggingavernd vegna bílslysa í sínum kjarasamningi. Tryggingin er þó að hverfa úr kjarasamningnum án þess að nokkur veiti því athygli.

### KJARAMÁL



Ingólfur Magnússon  
héraðsdómslögmaður og sérfræðingur í slysa- og skaðabótamálum

Til mín leituðu tveir einstaklingar á síðasta ári sem tóku laun eftir sama kjarasamningi og lentu í umferðarslysi sem var bóta-skytt eftir reglum umferðarlaga. Rétt rúmir tveir mánuðir voru á milli slysa og fékk annar aðilinn 30% hækkun á bætur en hinn fékk enga slíka hækkun. Ástæðan var einföld, á milli slysa hafði viðbótartryggingarvernd vegna umferðarslysa verið tekin út úr kjarasamningnum. Því átti annar aðilinn bótarétt úr slysatryggingu launþega meðan hinn átti engan slíkan rétt. Kjarasamningsrétturinn hafði því verið skertur.

### Hagur launþega ekki betri

Við þetta rifjaðist upp samtal sem ég átti við fulltrúa launþega í mjög stóru stéttarfélagi stuttu eftir efnahagshrunið í október 2008. Ég velti því fyrir mér hvort nokkurt svigrúm væri til launahækkana á Íslandi næstu árin

og hvort ekki væri hægt að nota tækifærið til að semja um betri réttindi, svo sem aukna tryggingavernd, styttri vinnuviku og fleiri sumarfrisdaga. Ef gefa ætti þessi auknu réttindi eftir síðar yrði það ekki gert nema gegn launahækkunum. Stáða launþega myndi því batna til lengri tíma. Fulltrúinn sagði almennan vilja fyrir launahækkunum, þar sem fjárhagsstaða almennings væri erfið. Ég hafði áhyggjur af tvennu þegar

ég hugsaði að launahækkunir yrðu sambærilegar hjá öllum stéttarfélagum: Í fyrsta lagi hvort hækkunir myndu skila sér út í verðlagið og að auki hækka verðtryggðar skuldir þannig að nettó ávinningur af flötum launahækkunum væri enginn. Í öðru lagi hvort ríki og sveitarfélög hefðu takmarkað fjármagn í almennar hækkunir sem myndi leiða af sér hækkun skatta og útsvars. Því miður urðu áhyggjur mínar að veruleika.

Þegar lítið er til kjarasamnings einstaklinganna sem ég nefndi í upphafi greinarinnar, og þá sérstaklega tímabilsins frá október 2008 til dagsins í dag, má sjá að lægstu laun í samningnum hafa hækkað um 36%, sem er vel, en hæstu launin um 17%. Þess ber að geta að hæstu launin í launatöflunni voru þó ekki hærrí en svo að þau voru rétt yfir meðalheildarlaunum Íslendinga. Á sama tíma hefur vísitala neyslu-

→ **Kaupmáttur hefur því ekki aukist heldur minnkað. Almennar launahækkunir hafa því ekki skilað því markmiði að bæta hag launþega.**

verðs hækkað um tæp 27%, vísitala launa um tæp 24%, vísitala byggingarkostnaðar um tæp 29%, bensín, áfengi og tóbak um rúm 60% og raunskattlutfall meðal-launa hækkað úr 25,5% í 27,7%. Kaupmáttur hefur því ekki aukist heldur minnkað. Almennar launahækkunir hafa því ekki skilað því markmiði að bæta hag launþega. Til að bæta gráu ofan á svart er verið að skerða önnur réttindi í kjarasamningum á sama tíma.

### Erfitt að ná réttindum aftur

Ég er ekki forspár maður og ekki sérfræðingur í hagfræði. Þegar áður nefndar áhyggjur mínar komu á daginn taldi ég líklegast að ég hefði ekki verið einn um að átta mig á samhengi almennra launahækkana og verðlags- og skattahækkana. Ég vona að þeir fáu heppnu sem enn þá hafa aukna tryggingavernd í sínum kjarasamningum, s.s. í kjarasamningum við ríki og sum sveitarfélög, gefi þessi réttindi ekki eftir án nokkurs endurgjalds. Erfitt er að ná réttindum aftur inn síðar þegar ekkert er til að semja um á móti. Því spyr ég þig, kæri launþegi: Er gætt að rétti þínum?

## Skólastarf í framhaldsskólum í skugga niðurskurðar

### MENNTAMÁL



Aðalheiður Steingrimsdóttir  
formaður Félags framhaldsskólakennara



Hrafnkell Tumi Kolbeinsson  
varaformaður Félags framhaldsskólakennara

Því er oft haldið fram að lítill niðurskurður hafi orðið í velferðarkerfinu og vísað til forgangsröðunar í ríkisfjármálum. Ætli það sé raunin hjá framhaldsskólum landsins sem eru hluti af velferðarkerfinu? Hefur þeim verið hlífð við niðurskurði? Hver er veruleikinn í skólastarfinu? Hér á eftir verða dregnar fram nokkrar staðreyndir til ihugunar fyrir þá sem standa fyrir utan skólakerfið.

Verkefni framhaldsskólanna hafa aukist jafnt og þétt á undanförunum árum, einkum vegna fjölgunar nemenda. Þannig voru nemendur í framhaldsskólum árið 2007 samtals 19.096 en 20.235 árið 2011 sem varð tæplega 6% fjölgun. Þessu til viðbótar innrituðust tæplega 1.500 nemendur í skólana haustið 2011 vegna átaksins „Nám er vinnandi vegur“.

Rétt er að minna á þá staðreynd að fyrir hrúnið haustið 2008 hafði framhaldsskólinn þegar orðið fyrir miklum niðurskurði. Fjárhæmildir hans síðan þá hafa þrátt fyrir það ekki verið í samræmi við fjölgun nemenda og aukin verkefni. Á árunum 2007 til 2011 voru fjárhæmildir til skólanna skornar niður um rúmlega 18%, reiknað á verðlagi ársins 2011. Í skýrslum OECD um menntamál kemur fram að árleg útgjöld vegna hvers nemanda í íslenskum framhaldsskólum lækkuðu að raunvirði milli árunna 2006 og 2007 og voru þó lág fyrir í alþjóðlegum samanburði. Árið 2008 voru árleg útgjöld á hvern fram-

haldsskólanemanda í fullu námi á Íslandi að raunvirði 12% undir meðaltalinu í löndum OECD.

Eftir 2008 hefur mikill niðurskurður fjár til framhaldsskóla snaraukið vandann sem þegar var fyrir hendi. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2013 kemur fram að uppsafnaður niðurskurður í framhaldsskólakerfinu frá 2009 til 2013 sé rúmlega 4 milljarðar, sem er rúmlega 18% á verðlagi ársins 2013. Í árlegri fjárlagaferð hefur ekki verið tekið tillit til mikillar fjölgunar nemenda og meira skorið niður í rekstri þeirra en stjórnvöld vilja vera láta.

### Veruleikinn í skólastarfinu

Niðurskurðurinn í skólastarfinu birtist þannig að fjöldi nemenda á hvert kennslustarf hefur aukist og námshópar fara sístækkandi en fjöldi kennara hefur ekki þróast í samræmi við fjölgun nemenda. Í rannsókn á starfs-umhverfi í framhaldsskólum í byrjun þessa árs, sem um 1.000 félagsmenn KÍ í framhaldsskólum tóku þátt í, kom fram að haustið 2011 voru 90% kennara með fjölmennari námshópa en hópaviðmið segja til um. Sístækkandi námshópar eiga stóran þátt í slæmum starfsaðstæðum nemenda og kennara.

Kennarastarfið er erfiðara andlega og streita í starfi jókst um 16 prósent milli árunna 2010 og 2012. Kennarar hafa minna svigrúm til að sinna hverjum nemanda og nota fjölbreytta kennsluhætti og námsmatsaðferðir. Minni einstaklingsbundin samskipti kennara og nemenda í kennslustundum bitna á öllum nemendum en mest á þeim sem þurfa á sérstakri leiðsögn að halda. Námshópar í verklegu námi eru stærri en aðstæður leyfa, og alvarlegar spurningar vakna um öryggiskröfur við slíkar aðstæður. Framhaldsskólar landsins eru rúmlega 30, og höfðu 8 þeirra um helming nemenda árið 2011. Þessir 8 skólar hafa á að skipa rúmlega 20 náms- og starfsráðgjöfum til að sinna nem-

→ **Kennarastarfið er erfiðara andlega og streita í starfi jókst um 16 prósent milli árunna 2010 og 2012. Kennarar hafa minna svigrúm til að sinna hverjum nemanda og nota fjölbreytta kennsluhætti og námsmatsaðferðir.**

endunum, sem þýðir um 500 nemendur á hvern náms- og starfsráðgjafa. Í framhaldsskólalögum er kveðið á um rétt nemenda til náms- og starfsráðgjafar. Við slíkar aðstæður er þessi réttur bara í orði en ekki á borði. Til að minnka brottþarf úr framhaldsskólanámi þarf að rjúfa víthring slæmra starfsskilyrða nemenda og starfsmanna skólanna. Samfélagið ætlast til mikils af skólunum, þeir eiga því að geta vænst mikils af samfélaginu.

### Launapróun félagsmanna KÍ

Á árunum 2007 til 2010 dróst meðallaunakostnaður á hvert stöðugildi í framhaldsskólum saman um 15%. Frá 2006 hefur framhaldsskólinn verið að dragast aftur úr launapróun hefðbundinna háskólamenntaðra viðmiðunarhópa sem starfa hjá ríkinu. Nú munar um 15-16% á dagvinnulaunum og 8-9% á heildarlaunum, framhaldsskólunum í óhag. Framhaldsskólarnir eru í dreifstýrðu launakerfi eins og aðrar ríkisstofnanir. Væntingar um að stofnanasamningar gæfu möguleika á eðlilegri launapróun gengu ekki eftir.

Á næstu árum munu margir starfsmenn í framhaldsskólum láta af störfum vegna aldurs og ráða þarf nýtt fagfólk í staðinn. Það verður aðeins gert með því að framhaldsskólarnir verði samkeppnishæfir í launum. Forgangsmál í kjarasamningum 2014 er að jafna laun í framhaldsskólum launum viðmiðunarhópa og koma á eðlilegri og stöðugri launapróun.

**NIÐUR  
BREKKU FER**



HERRASKÍÐI  
MEÐ BINDINGUM  
ROSSIGNOL ALIAS 74  
**69.990 KR.**



DÖMUSKÍÐI  
MEÐ BINDINGUM  
ROSSIGNOL ATTRAXION 1  
**79.990 KR.**



HERRASKÍÐASKÓR  
ROSSIGNOL  
ALIAS SENSOR 70  
**33.990 KR.**



DÖMUSKÍÐASKÓR  
NORDICA  
CRUISE 55  
**29.990 KR.**



HJÁLmur  
ROSSIGNOL  
TOXIC - GRÁR  
**11.990 KR.**



SKÍDAGLERAugu  
UVEX  
CERVON  
**7.990 KR.**

**20% PAKKAFLÁTTUR EF KEYPT  
ERU SKÍÐI, BINDINGAR OG SKÓR**

**ÚTILÍF**

# KRÓNAN




- fyrst og fremst ódýr!



**3990** kr.  
Reykjavíkurnætur



**2719** kr.  
Dóttir húshjálparinnar



**8999** kr.  
Upphafið, leiðsögn í máli og myndum



**2599** kr.  
Rökkurhæðir 4: Ófriður

## JÓLABÆKUR á frábæru verði!



**2650** kr.  
Game of Thrones



**3390** kr.  
Ljúfmeti úr lækningajurtum



**4110** kr.  
Eldað og bakað í ofninum heima



**5399** kr.  
Stafræn ljósmyndun



**5959** kr.  
Bílar - í máli og myndum



**4890** kr.  
Návigi á norðurslóðum



**2980** kr.  
Skórnir sem breyttu heiminum



**2980** kr.  
Apena að eilífu, kúmen



**4110** kr.  
Kuldi



**2650** kr.  
Þú afhjúpar mig



**4120** kr.  
Kantata

Allir titlar fást í Krónunni Akranesi, Bildshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ og Selfossi, minna úrval í öðrum verslunum. Tilboðin gilda 7.des.-9. des.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GRM Í SALNUM

Stórtónleikar verða í Salnum í Kópavogi í kvöld kl. 20.30 þegar þar stíga á svið Megas, Gylfi Ægisson og Rúnar Þór og flytja ógleymanlega smelli á borð við Minningu um mann, Drottninguna vondu og Spáðu í mig auk annarra þekktara laga. Miðaverð er 3.900 krónur.

## VANDAÐAR ÞÝSKAR HEILSUVÖRUR MEDISANA® *made for Life*



3ja ára  
ábyrgð!

BLÓÐPRÝSTINGS-  
MÆLAR

VERÐ FRÁ  
5.995



HITAPÚÐAR

OG TEPPI  
VERÐ FRÁ  
5.995



VÖNDUÐ  
NUDDSÆTI  
VERÐ FRÁ  
13.995

 Heimilistæki

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700  
• GARDARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380  
• KAUPVANGI 6 EGISSTÖÐUM S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500



**Holta**  
KJÚKLINGUR

## ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.

**M**atreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur brasseraðar kjúklingabringur með blaðlauk, rósmaríni og hvítlauk.

Bringurnar eru bornar fram með rjómasósu, góðum kartöflum og salati. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þennan gírnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN.

Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

### BRASSERAÐAR KJÚKLINGABRINGUR MEÐ BLAÐLAUK, RÓSMARÍNI OG HVÍTLAUK

#### ■ FYRIR FJÓRA

800 g kjúklingabringur  
3 msk. olía  
4 blaðlaukar, hvíti parturinn  
2 dl hvítvín, mysa eða vatn  
2-3 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir  
2-3 greinar rósmarín eða 1 msk.  
þurrkað  
2 1/2 dl rjómi  
1 tsk. kjúklingakraftur  
40 g kalt smjör í teningum, má  
sleppa  
Sósujafnari  
Salt og nýmalaður pipar

#### ■ AÐFERÐ

Kryddið bringurnar með salti og pipar og steikið í olíu á vel heitri pönnu í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Takið þær af pönnunni og geymið á disk. Steikið blaðlaukinn í 3-4 mínútur eða þar til hann er orðinn fallega brúnaður. Bætið hvítvíni, hvítlauk og rósmaríni á pönnuna og sjóðið í 3 mín. Þá eru bringurnar aftur settar á pönnuna og hún færð í 180°C heitan ofn í 10-12 mín eða þar til kjarnhiti í bringunum er orðinn 70°C. Takið þá pönnuna úr ofninum og færið á heita eldavélarhelli. Hellið



rjómanum á pönnuna og þykkið með sósujafnara. Takið pönnuna af hellunni og bætið smjörinu saman við. Hræið í með sleif þangað til smjórið hefur bráðnað. Smakkið til með salti og pipar og kjúklingakrafti. Berið bringurnar fram með sósunni, blaðlauknum, góðum kartöflum og salati.

tilboð fyrir 2 og fleiri

# tilboð 2

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu  
Svínakjöt og grænmeti með plómusósu  
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti  
Kjúklingastrimlar og grænmeti í kókos karrýsósu

3780  
krónur fyrir tvo  
**1890**  
krónur á mann  
Tilboðið er eingöngu fyrir 2 eða fleiri

# NINGS

og kroppurinn  
blómstrar

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427

**LAGERSALA**  
Lagersala Ármúla 22 2. Hæð  
Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði  
Opíð alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19

„Kryddaðu fataskápinn .....“



Síffon bolur á 5.900 kr.  
Hlýratoppur á 2.900 kr.  
Pils á 11.900 kr.  
Belti á 1.890 kr.  
Veski á 6.900 kr.

Við erum á Facebook

**black pepper**  
FASHION

Opíð mán.-miáv. kl. 11-18  
Opíð fimmt.-föst. kl. 10-18  
Opíð laugardaga kl. 10-16

Laugavegi 178 • Sími 555 1516

**Jólakjolar 9.990**

Áður 16.990  
nú 9.990



Stærðir 36-46

**FLASH**

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Við erum á Facebook



**KENNIR Á ÚKÚLELE**  
Svavar Knútur kennir nokkrum nemendum í Ísaksskóla á úkúlele. Hér er hann að undirbúa hópinn sinn fyrir tónleika.

## TÍMI ENDURNÝJUNAR

**JÓLATÓNLEIKAR** Tónlistarmaðurinn Svavar Knútur segir jólin minna sig á það sem skiptir mestu máli í lífinu. Undanfarið hefur hann verið að fylgja eftir nýjstu plötu sinni, *Ölduslód*, en í desember blæs hann til jólaveislu.

Jólin eru Svavari Knúti einstaklega kær og vill hann leggja sitt af mörkum með jólatónleikum í þeirri von að fólk njóti aðventunnar. „Fyrir mér eru jólin sá tími sem maður endurnýjar heit sín við fjölskylduna. Þau minna mann á það sem skiptir máli, að halda það góða í heiðri. Í minni fjölskyldu eru það samverustundirnar og notalegheitin sem skipta mestu máli,“ segir Svavar Knútur.

Í samstarfi við annað tónlistarfólk ætlar Svavar Knútur því að halda nokkra jólatónleika á aðventunni. Allir eiga þeir það sammerkt að vera látlausir með tónlistarflutninginn í forgrunni. „Það verður ekkert yfirdrifið eða ofhlaðið heldur fær hið mannlega að ráða ríkjum, vonandi nær músíkin og samveran að minna fólk á hvað er mikilvægt í lífinu. Tilgangurinn er að eiga fallega og notalega stund saman.“

Fyrstu tónleikarnir verða á Café Rosenberg hinn 14. desember klukkan átta. Þar munum við Kristjana Skúladóttir taka höndum saman í jólagleðinni og nokkrir leynigestir kíkja í heimsókn. Daginn eftir er Svavar með tvenna tónleika, þá fyrri í Háteigskirkju klukkan fimm. „Ég, Anna frænka og Sophie Schoonjans hörpuleikari í Tríoí Mirabilis spilum hefðbundin, falleg jólalög og allt verður einstaklega hátíð-



legt. Fullkomið fyrir fjölskylduna og þá sem vilja minna sprell og meiri hátíð.“

Seinni tónleikarnir eru klukkan tíu á Café Rosenberg. „Þar verður aðeins meira sprell og gleði þar sem ég verð í gestgjafahlutverki með nokkrum vel völdum jólagestum. Síðustu tónleikarnir eru á sunnudeginum. Það eru hinir árlegu tónleikar Sælustund í skamdegínu í Frikirkjunni. Meðal listamanna sem fram koma eru kórinn Vox Populi, hljómsveitin Ylja, Sing for Me Sandra og fleiri. Það verður ekkert ljósasjó, gervisnjór eða stjörnufans, bara fólkíð á gólfinu.“

■vidir@365.is

**GÓÐAR STUNDIR**  
„Tilgangurinn er að eiga fallega og notalega stund saman,“ segir Svavar Knútur um væntanlega jólatónleika í desember.

### JÓLATÓNLEIKAR Í DESEMBER

- 14. *Café Rosenberg*
- 15. *Háteigskirkja*
- 15. *Café Rosenberg*
- 16. *Frikirkjan í Reykjavík*

Öll börn eiga rétt á Gleðilegum Jólum



[www.hvitjol.is](http://www.hvitjol.is)

**LAUFABRAUÐ Í VIÐEY**

Jólin eru komin í Viðey

Laufbrauðsútskurður tíðkast á mörgum heimilum á aðventunni. Aðrir hafa aldrei kynnst þessari hefð en nú gefst tækifæri til þess úti í Viðey. Á sunnudaginn verður boðið upp á kynningu á þessari skemmtilegu íslensku hefð þar sem fólk getur prófað að skera út og lært aðferðina. Viðeyjarstofa verður með kósí stemningu, kertaljós og jólatónlist.



7. DESEMBER 2012

# Lífið

SVANSÍ ÚTVARPSKONA  
HEIMSÓTT

ÚTGÁFUHÓF  
EDDU BJÖRGVINS

HÚRRANDI  
HAMINGJA Í HÖRPU

## FINNUR TÆKIFÆRI Í HVERRI ÓGN


ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR UM LÍFIÐ EFTIR STJÓRNMÁLIN,  
FJÖLSKYLDUGILDIN, BRÓÐURMISSINN OG AÐVENTUNA

**HVERJIR VORU HVAR?**

Yfir 100 manns mættu í síðustu viku á Grand Hótel Reykjavík til að kynna því allra nýjasta á snyrtivörumarkaðnum í dag – Dermatude's Meta Therapy. Um



er að ræða róttæka meðferð sem hægir á öldrun húðarinnar og dregur úr ummerkjum öldrunar. Dermatude hefur komið af stað byltingu



hjá snyrtifræðingum og er vægast sagt að slá í gegn um allan heim. Þar mætti fjölmiðla-konan **Valgerður Matthíasdóttir**,



hárgreiðslumaðurinn **Karl Berndsen, Hafðís Jónsdóttir** framkvæmdastjóri World Class, Lisa Johansen pilates-kennari og allir flottustu snyrtifræðingar landsins.



**Lífið**

**UMSIJÓN**  
Elly Ármann elly@365.is  
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf.  
**Forsíðumynd** Anton Brink  
**Auglýsingar** Atli Bergmann atlib@365.is

**Lífið** Skaftahlíð 24,  
105 Reykjavík, sími 512 5000  
www.visir.is/lifid

**Förðun Ásdísar Höllu:** Harpa Káradóttir



Anna, grafískur hönnuður, Brynja flugfreyja og Anna Raket, fyrirsæta og plötusnúður.



Þóra Karítas leikkona og Sigrún hjá Landsskrifstofu Nordplus við Háskóla Íslands.



Sigrún, starfsmaður hjá Zymetech, og Erna, snyrtifræðingur á Garðatorgi.

**HÚRRANDI HAMINGJA Í HÖRPU**

Í síðustu viku voru ZoPure serum andlitsdroparnir formlega kynntir í Hörpu. Droparnir, sem eru byggðir á meira en aldarfjórðungs rannsóknar- og þróunarstarfi vísindamanna við Háskóla Íslands, vöktu forvitni gesta sem voru leystir út með Zopure-gjöf.



Margrét Sif og Lukka, framkvæmdastjóri Happs.



Margrét þjattrófa með meiru og Inga verslunareigandi.

➤ Sjá meira á [visir.is/lifid](http://visir.is/lifid)

**EDDA BJÖRGVINS FAGNAR MEÐ FJÖLSKYLDUNNI**

Edda Björgvins leikkona fagnaði á miðvikudag ásamt vinum og fjölskyldu á Kaffitári í Borgartúni útkomu bókarinnar „Dagbók Eddu Björgvins“.



Gísli Rúnar mætti að sjálfsögðu.

MYNDIR/LÍFIÐ



Viktor, Eva, Bjarni Gabriel, Edda og dóttir Evu, Sara.



Yndislegar mæðgur. Eva Dögg Sigurgeirsdóttir og Edda ásamt yngsta syni Evu, Viktori Áka.



Gefðu umhverfisvæna jólagjöf í ár  
Margnota töskurnar frá Envirosax  
færðu hjá [disir.is](http://disir.is)

Sendum frítt um allt land!





## VARMALAND

Hly og mjúk undirföt úr 100% merino ull

Dömutöppur kr. 10.900

Dömubuxur kr. 9.600

Afabólur kr. 12.900

Síðar buxur (ekki á mynd) kr. 10.900

FARMERS & FRIENDS' VERZLUN - HOLMASLOD 2 - GRANDI - 101 REYKJAVIK - S 552 1960

### Farmers Market

ICELAND

[WWW.FARMERSMARKET.IS](http://WWW.FARMERSMARKET.IS)

# ÓMÓTSTÆÐILEG HNETUSTEIK

Kertaskreytingakonan Ragnhildur Eiríksdóttir hefur nú hafist handa við að undirbúa jólin, fönndra og hanna jólakortin sem eiginmaðurinn og rit-höfundurinn Þorgrímur Þráinsson sér svo um að skrifa á. Lífið spjallaði við Ragnhildi og fékk uppskrift að hollum og góðum jólamat.

## RAGNHILDUR EIRÍKSDÓTTIR

**STARF:** Merkilegasta starfið sem ég hef unnið og einnig það mikilvægasta er að vera móðir! Ég starfa við það að leitast við að gera betur í dag en ég gerði í gær, stundum tekst það svaka vel en aðra daga eitthvað síður. Börnin er líklega bestu kennarar sem við fáum á lífsleiðinni!

**Hvenær byrjaðir þú á kertagerðinni?** Það eru rúm tvö ár síðan ég byrjaði að skreyta kerti. Seldi þetta fyrst á markaði sem starfsfólki Ícelandair var með á Hótel Hilton.

**Hvar er hægt að nálgast kertin þín?** Hægt er að nálgast þau á fésbókarsíðu sem heitir Vanilla Palace en kertin eru einnig til sölu á veitingastaðnum Happi.

**Ertu mikið jólabarn?** Mér finnst jólin mjög skemmtilegur tími og ég fæ mikla ánægju út úr því að finna eitthvað skemmtilegt í jólapakkann fyrir mína nánustu, nú eða búa það til.

**Hvenær hefst jólaundirbúningurinn hjá þér?** Ég byrja oft snemma að hugsa um það að hefja jólaundirbúning en svo endar það líklega oftast með því að vera nokkuð sein. Eiginmaðurinn skrifar jólakortin á heimilinu en ég sé um að búa þau til. Ég er nokkuð ánægð með þau skipti. Hann hefur hins vegar kvartað yfir því að fá þau frekar seint. Spurning hvort þremur dögum fyrir jóli er of seint til að skrifa 75 jólakort?

**Eru einhverjar sérstakar jólahefðir sem þið endurtakið á hverju ári fjölskyldan?** Við erum þeirrar blessunar aðnjótandi að Kertasníkir kemur með eitthvað fallegt í skóinn handa okkur öllum á aðfangadagsmorgun. Eftir að allir eru búnir að opna pakkann sinn förum við öll saman í jólabaðið í einhverri af þessum frábærum sundlaugum sem við eigum hér í Reykjavík og nágrenni.

**Hvað borðar fjölskyldan á aðfangadagskvöld?** Hnetusteik, hún er með því betra sem ég fæ að borða og er alltaf á boðstólum á aðfangadagskvöld. Einnig erum við með kalkún.



## Hnetusteik – Uppskrift

- 5 dl soðin hrísgrjón
- 1 stór sellerírót rifin
- 1 rauðlaukur saxaður smátt
- 1 lítið chili, ég nota kjarnann líka
- 1 1/2 dl þurrkaðar apríkósar saxaðar og soðnar
- 3-4 msk. kreólakrydd PG
- 1 tsk. Maldon-salt
- 200 g heslihnetur ristaðar og saxaðar
- Rasp
- Sesamfræ

Laukur og sellerírót mykt á pönnu, kryddi bætt út í, svo apríkósum og hnetum. Hrisgrjónin eru hökkuð og ég nota hnifinn á matvinnsluvélinni. Þessu er öllu hnoðað saman annað hvort með hrærivél eða í höndunum. Svo er hægt að móta þetta í hleif og strá sesamfræjum yfir og bakað í


ofni á 200° í ca 40 mín. Einnig er hægt að kæla deigið og móta svo buff sem er velt upp úr sesamfræjum og steikt á pönnu.

## Sæt kartöflumús

2 sætar kartöflur soðnar  
góður slatti af íslensku smjöri  
Kartöflurnar settar í hrærivél með smjörinu. Ég notaði líklega 50 g en því meira smjör, þeim mun betra.

## Salat

1/2 l AB mjólk  
3 msk. sinnep  
1/2 tsk. wasabi  
5 msk. hunang  
AB mjólk sett í kaffisíu og látið leka af henni í 1-2 klst. Með þessu verður hún sætari. Öllu hrært saman við AB mjólkina.



2 epli, ég notaði græn  
100 g valhnetur

Eplið skorðið í smáa bita og valhnetur saxaðar. Allt sett saman við AB mjólkina. Ég ætlaði að setja granatepli en gleymdi því.

## Sósa

sveppir eftir smekk  
1 stk. grænmetiskraftur Rapunzel  
2 msk kreólakrydd PG  
2-3 msk. kalkúnakrydd PG  
1 dós kókosmjólk Rapunzel  
3 msk. sulta, t.d. hindberja. Ég notaði heimalagað rífsberjahlaup með chili. Sveppir steiktir, öllu bætt út í nema sultu, sósan þykkt. Ég nota spelt og vatn, að lokum er sósan smökkuð til með sultunni.



MYNDIR/ANTON BRINK



## FER EKKI Í DÝRAR GOLFFERÐIR



„Ég fer ekki í dýrar skíða- eða golfferðir en elska dýrar og fallegar hönnunarvörur og þær endast,“ segir Svansí, sem segist ekki ætla eða þurfa að skammast sín fyrir áhugamálið. Í Heimsókn annað kvöld bankar Sindri Sindrason upp á hjá Svansí, en þátturinn er í opinni dagskrá, strax að loknum fréttum á laugardögum á Stöð 2.



Svansí er mikill fagurkeri. Hún elskar fallega hönnun og skammast sín ekki fyrir það – enda engin ástæða til þess heldur.



the  
**PIER**  
FOR

JÓLATRÉ

9.900

3 FYRIR 2



AF ALLRI JÓLAVÖRU



MAMASAN OG PAPASAN

-20%

FRÁ  
30.240

Áður frá 37.800

FRÁ  
16.400

Áður frá 20.500



LENGRI OPNUNARTÍMI  
Í DESEMBER

LAMPAR  
VERÐ FRÁ  
6.990

159.900

FRIDAY SÓFI

the  
**PIER**



SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



„Bergljót Þorsteinsdóttir tók þessa mynd af okkur. Í fanginu á mér er Lilja (2ja), fyrir ofan mig er Jónas (22ja), svo kemur Bragi (13) og Aðalsteinn,” segir Ásdís spurð um fjölskyldumyndina.

www.lyfja.is

**CLINIQUE**  
Ófærnisprófað. 100% ilmefnalaust.

**Pore Refining Solutions Instant Perfecting Makeup**  
Postulínsslétt húð frá og með deginum í dag  
Það er meira en að segja það

Oliulaus farði sem er svo léttur að jafnvel í návígi virðist húð þín hafa postulínsslétta áferð. Húðin verður fíngerðari og áferðarfallægri með degi hverjum.

**Kaupauki.\***  
Með uppáhalds farðanum eða púðrinu þínu frá Clinique færðu Airbrush Hyljara eða Chubby Stick varagloss í kaupbæti.  
\*Meðan birgðir endast

**LYFJA**  
- Lífið heil

# ÁKVAÐ AÐ ÞROSKAST Á NÝJUM VETTvangi

Ásdís Halla Bragadóttir er kraftmikil fjölskyldukona sem leggur sig nú fram við uppbyggingu á dvalarheimili fyrir einstaklinga sem kjósa að láta sér líða vel. Hún ræðir aðventuna, stjórnsmál, bróðurmissinn og hennar sýn á lífið og tilveruna.

## ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR.

**STARF:** Starfandi stjórnarformaður og stofnandi Sinnum ehf.

**ALDUR:** 44 ára.

**HJÚSKAPARSTABA:** Gift.

**BÖRN:** Þrjú sem eru 2, 13 og 22 ára.

**HVAR SÉRÐU ÞIG EFTIR 10 ÁR?** Hamingjusama, frjálsa og ómeðvitaða í því að njóta hverrar stundar.

## Hvar hefur þú verið undanfarið og hvað tekstu á við þessa dagana?

Þessa dagana er ég að koma af stað nokkurs konar dvalarheimili þar sem einstaklingar og hjón á öllum aldri geta búið. Þetta er úrræði fyrir fólk sem þarf mikla heimaþjónustu en hefur til dæmis ekki komist inn á dvalarheimili eða vill heldur búa á heimili þar sem er meiri félagsskapur en þegar fólk býr eitt heima. Heimilið er rekið af Sinnum, sem við Ásta Þórarinsdóttir stofnuðum fyrir um fimm árum, en fram til þessa höfum við aðallega sérhæft okkur í heimaþjónustu auk þess sem við önnumst daglegan rekstur sjúkrahótelsins í Ármúla. Við erum með frábæran starfsmannahóp og eðlilegt næsta skref hjá okkur var að opna Heimilið í Holtsbúð í Garðabæ þar sem við erum með sextán laus herbergi. Húsnæðið er yndislegt og það er spennandi að skapa þarna hlýlegt og notalegt samfélag fólks á öllum aldri.

## Fimm ár í uppbyggingu

Ég er starfandi stjórnarformaður í Sinnum og er aðallega í að þróa þær

nýju þjónustuleiðir sem við bjóðum upp á hverju sinni. Megnið af minni starfsorku undanfarin fimm ár hefur farið í að byggja upp Sinnum og það hefur gengið mjög vel. Við erum nú með um 65 starfsmenn og vöxturinn hefur verið jafn og öruggur frá upphafi. Það hefur verið mjög gefandi og lærdómsríkt að vera í fyrirtæki sem helgar sig umönnun og hvers kyns stuðningi við einstaklinga sem eru hjálparþurfi. Eftirminnilegastar eru þó þær stundir þar sem ég hef sjálf verið á vettvangi og fyrstu árin var það reglulegur hluti af mínu starfi að vera sjálf í almennri heimaþjónustu eins og þrífum, liðveislu, hjálpa fólki að taka lyfin sín eða að elda mat í heimahúsum.

## Forréttindi að eignast börn

Athyglisverðast fannst mér að eldra fólk hefur alltaf mestan áhuga á persónulegum högum þeirra sem koma í heimsókn og það spurði mig nánast undantekningalaust hvað ég ætti mörg börn. Þegar ég sagðist þá eiga tvö börn þá kom yfirleitt sama spurningin: „Eru það stelpur eða strákar?“ Ég sagðist þá eiga tvo stráka og þá horfði fólk gjarnan á mig með vorkunn í augunum og sagði: „Æ,æ,æ ... þá mun engin heimsækja þig þegar þú verður gömul.“ Ég vissi vel að margir voru að tala af reynslu þó að auðvitað sé persónubundið hvort synir eða dætur sinna öldruðum foreldrum. En óháð því var okkur búið að langa í fleiri börn í einhvern tíma því mér

finnst ekkert meira gefandi en að eiga góðar stundir með fjölskyldunni. Við Aðalsteinn vorum svo lán-söm að eignast litla dóttur fyrir rúmlega tveimur árum. Það eru algjör forréttindi að fá að upplifa það aftur að eignast barn þegar maður er komin yfir fertugt, en það eru 20 ár á milli elsta og yngsta barnsins. Í raun erum



**Stjórnvöld hefðu númer 1,2 og 3 átt að einblína á að koma í veg fyrir það að efnahagshrunið bitnaði jafn illa á almenningi.**

Framhald á síðu 8

# eittíu að arti og óðmívísi

Í Minju finnur þú fallega íslenska hönnun jafnt sem listrænar gjöfvorur frá öllum heimshornum!



## Hani, krummi, hundur, svín

Veggskraut með 4 snögum. Kr. 11.900

## Heico lampi

Sveppur.  
Kr. 6.200



## Magnet vasar


Mögnuð  
borðskreyting.

5 í pakka.  
Kr. 5.900



## Eilífðardagatal MoMA

Einstök hönnun frá  
núttímalistasafni NY borgar.



Kr. 8.400



## Heico lampar

Mikið úrval – margir litir  
Kanána Kr. 7.400

## Myndaramma-klukka

Settu fjöldskyldumyndirnar  
í klukkuna. 2 litir,  
svart og silfurgrátt.  
Kr. 3.390



## Rjómaferna

„Half pint“ glerkanna fyrir mjólkina í kaffið  
Kr. 3.390



## Púðar

Dýramyndir eftir Ross Menuez - Mikið úrval!  
Kr. 7.790



## Helgarhamar

Fjölnota verkfæri fyrir  
vinnu og helgargleði.  
Kr. 2.790



Kr. 4.900



Armband Kr. 4.900

## Skartgripir

Hönnun eftir Hlín Reykdal - Fjölbreytt úrval!

Kr. 3.900



## Kjarnapúðar

Fylltir kirsuberjakjörnum.  
Lina bólgn og stífa vöðva.



## Distortion kertastjaki

Hönnun eftir Paul Loebach  
Formið úr skorðum, hmm, áhugavert...



Kr. 1.930

## Cubebot

Ferningsmennið fjölbreytilega í ótal litum!  
Undir áhrifum japanskra þrauta er cubebot  
jafnt leikfang, skraut og þraut.



## Linsukrús

Kaffikrús í dulargervi.  
Kr. 2.690,-

## Skartgripatré

Vandað úr eðalvið.  
Kr. 3.490



## Alarm Dock

Breytir iPhone í vekjarklukkuna.  
7 litir. Kr. 6.900

## KeepCup kaffimál

Létt, þétt & kúl fyrir heita drykki!



Espresso mál.....kr. 2.100,-  
Lítið mál.....kr. 2.290,-

Miðlungs mál.....kr. 2.490,-  
Stórt mál.....kr. 2.690,-



## High Heel kökuspaði

Kökuspaðinn nýstárlegi!  
Kr. 3.390



minja  
Design

skólavörðustíg 12 • sími 578 6090 • www.minja.is • facebook: minja



## Uppáhalds

**HEIMASÍÐA:** Mbl.is til að sækja fréttir og Epicurious.com til að ná í matarupp-skriftir.

**TIMARIT:** Ég er alæta á timarit og upphalds fer bara eftir því í hvaða stuði ég er þann daginn.

**DEKUR:** Föstudagskvöld með ís, slatta af nammi og góðri dvd bíómynd.

**HÖNNUÐUR:** Ég hrífst meira af efnum en einstaka hönnuðum. Í fatnaði elska ég mjúk og vönduð efni sem helst þurfa að vera hlý og klæðileg. En í húsgögnum þá finnst mér fátt fallegra viður sem nýtur sín til fulls í vönduðu handverki.

**VEITINGASTABUR:** Happ í Borgartúni og Kolabrautin í Hörpunni.

### Framhald af síðu 6

við nánast að ala upp þrjú einbirni og hvert tímabil hefur haft sinn sjarma.

#### Situr í stjórn Nova

Auk þess að sinna fjölskyldunni og Sinnnum er ég líka í stjórn Nova og hef haft mjög gaman af því að fylgjast með því fyrirtæki vaxa ótrúlega hratt á síðastliðnum fimm árum. Félagið er með yfir 100.000 viðskiptavini og menningin sem Liv Bergþórsdóttir framkvæmdastjóri hefur innleitt einkennist af mikilli jákvæðni, krafti og þjónustulund. Undanfarið ár hef ég líka verið í stjórn Árvakurs þar sem reksturinn stefnir í rétta átt eftir mikinn samdrátt á dagblaðamarkaði. Ég er með miklar taugar til Morgunblaðsins, sem var minn fyrsti vinnustaður eftir háskólanám, og hef gaman af því að fylgjast með fyrirtækinu finna ný sóknarfæri.

Í raun hef ég gaman af uppbyggingu á nánast hvaða sviði sem er. Ég legg mig fram um að finna tækifærið í hverri ógn og mér finnst það skemmtileg áskorun að hvetja sjálfa mig og aðra til að finna leiðir til að nýta áhugaverð tækifæri. Ég er því alltaf með nokkur járn í eldinum en vanda mig samt við að halda góðum fókusi á því sem þarfnast mestar at-lygli hverju sinni.

#### Desember yndislegur tími

**Hvernig er desember hjá þér og fjölskyldu þinni? eru einhverjar jólahæðir ómissandi að ykkar mati?** Mér finnst desember yndislegur tími en legg mig þó fram um að gera ekkert of mikið úr hlutunum. Þegar ég er búin að baka sösur, skreyta piparkökuhús og kaupa jólagjafirnar er ég í raun „búin að gera allt“ fyrir jólin því það er það eina sem ég geri alltaf. Stundum sendi ég jólakort og stundum bý ég til adventukrans en það fer allt eftir því hvernig stuði ég er í það árið. Við höfum ekki komið því í verk síðastliðin ár að senda jólakort en eigum án vafa eftir að koma því aftur í verk. Mér finnst ágætt að hafa hefðirnar ekki of stífar en þó er tvennt alltaf nokkuð fastmótað. Annars vegar kemur tengdafjölskylda mín í jólahlaðborð til okkar Aðalsteins á afmælinu hans 18. desember. Ég elska að útbúa mat fyrir þessa veislu og fönðra gjarnan við matinn. Íðulega tek ég mér einn frídag til að geta undirbúið þetta sem best og legg mig fram um að réttirnir séu ekki bara bragðgóðir heldur líka fyrir augað. Hápunkturinn í veislu- unni undanfarið ár er rjúpur sem Aðalsteinn veiðir sjálfur og sem betur fer náði hann nokkrum þetta árið líka. Ég hef mjög gaman af því að elda og baka og ég nota afmæli Aðalsteins sem tækifæri til að gefa mér góðan tíma til þess. Annars baka ég oftast mjög seint á kvöldin þegar ró er komin á og ósjaldan skýst ég út í Hagkaup um miðjar nætur til að kaupa eitthvað sem vantar í baksturinn.

Hin jólahæðin er sú að fjölskyldan mín hefur komið í mat á aðfangadag og þá eru hlutverkaskipti hjá okkur Aðalsteini. Hann eldar þá megnið af

matnum enda er aðalrétturinn ley- nupskrift frá ömmu hans sem mamma hans hefur verið svo ótrúlega góð að útbúa fyrir okkur. Á meðan hann eldar matinn sé ég um að hafa ofan af fyrir krökkunum og við reynum að gera eitthvað skemmtilegt til að biðin eftir pökkunum verði ekki óbærileg. Lengi vel fór ég alltaf í sund á aðfangadag með strákana og nú þegar litla mín er orðin tveggja gæti verið upplagt að taka þá hefð upp aftur.

**En að allt öðru. Af hverju ákvaðst þú að hætta í stjórn málum?** Ég var svo ung þegar ég varð virk í pólitík að þegar ég var 37 ára hugsaði ég með mér að ef ég ætlaði mér einhvern tímann að gera eitthvað annað yrði ég að byggja upp annars konar starfs- reynslu áður en ég yrði mikið eldri. Þó að ég hefði mjög gaman af því að vera í stjórn málum var ég ekki reiðu- búin að taka þá ákvörðun að ég ætla- aði mér að verða stjórn málamaður það sem eftir var ævi minnar. Mér fannst erfitt að hætta í pólitík en mér fannst það samt auðveldara en að lifa með þeirri tilfinningu að ég myndi hugsanlega festast í hlutverki stjórn- málamannsins, hvort sem mér líkaði betur eða verr. Auk þess finnst mér of margir stjórn málamenn einangr- aðir í sínum heimi og ekki átta sig á rekstrarumhverfi fyrirtækjanna eða daglegu lífi venjulegra launþega. Ég gat ekki hugsað mér að verða einn af þeim stjórn málamönnum sem hefðu takmarkaða reynslu utan stjórnsýsl- unnar og ákvað að öðlast starfs- reynslu og þroska á nýjum vettvangi. Ég er mjög ánægð með þá ákvörðun og mér hefur þótt mjög gefandi að byggja upp rekstur algjörlega frá grunni þar sem ég hef þurft að kunna flest af því sem þarf til að halda fyrir- tækinu gangandi. Fyrstu árin færði ég til dæmis bókhaldið sjálf á kvöldin til að vera algjörlega með puttan á púlsinum en nú er reksturinn orðinn svo umfangsmikill að það er komið í hendur annarra.

#### Hefur lengi haft mikla trú á Hönnu Birnu

**Nú er Hanna Birna gríðarlega vinsæl innan Sjálfstæðisflokksins – hvernig líst þér á það og hvernig er að fylgjast með framvindu mála sem áhorfandi en ekki beinn þátt- takandi?** Þó að ég sé farin úr póli- tikinni er pólitíkin ekki farin úr mér. Ég hef gaman af því að fylgjast með og hafa skoðanir en ég hef ekki verið þátttakandi í formlegu flokks- starfi í nokkuð mörg ár. Ég hef lengi haft mikla trú á Hönnu Birnu, en við byrjuðum að vinna saman í Sjálfstæðis- flokknum fyrir átján árum. Við höfum farið saman í gegnum alls konar verk- efni og í gegnum það samstarf höfum við upplifað bæði sigra og ósgra. Mamma mín sá snemma hversu náin vinátta okkar Hönnu var og þegar hún upplifði hvað Hanna studdi vel við bakið á mér þegar ég var kosin formaður SUS sagði mamma: „Ég vissi að margir eignast óvini í pólitík en ég vissi ekki að maður gæti eignast svona góða vini í pólitík.“ Stað- reyndin er hins vegar sú að margir af mínum bestu vinum í dag eru fólk



Myndin af Ásdísi er tekin í gömlu kapellu nunnanna í Holtsbúð í Garðabæ, en nú er þar sameiginleg setustofa fyrir verðandi íbúa Heimilisins. Áhugasamir sækja um búsetu hjá Sinnnum og nú er verið að taka á móti fyrstu umsóknunum. MYND/ANTON

sem ég kynntist í gegnum stjórn málin og ég er mjög þakklát fyrir það. Mér finnst gaman að geta lagt af mörku- num þegar gott fólk er reiðubúið að helga sig stjórn mála og mér finnst það mikill ávinningur, ekki bara fyrir Sjálfstæðisflokkinn heldur stjórn málin í heild sinni, þegar fólk eins og Hanna Birna er reiðubúið að helga líf sitt því að búa til betra samfélag. Það er stór ákvörðun sem hefur ekki bara áhrif á líf stjórn málamannanna heldur fjöl- skyldur þeirra. Ég er sannfærð um að Hanna Birna á eftir að skipta máli í is- lenskum stjórn málum og ég trúir því að hún eigi eftir að hafa góð áhrif.

Í dag sjá stjórn völd það sem einu lausnina að hækka skatta og ég held að um 100 skattahækkunarir hafi átt sér stað á kjörtímabilinu. Það er galið! Nú þurfum við stjórn völd sem gefa fólki og fyrirtækjum tækifæri til að nýta kraft- ana. Þjóð sem er svona rík af auðlind- um og menningu getur snúið blaðinu við og sótt fram. Sorglegast er að nú þegar er mikill skaði skeður og fjöldi fólks er þegar búinn að missa heim- ili sín og aleigu. Það finnst mér erf- iðast að upplifa eftir hrúnið. Stjórn völd hefðu númer 1, 2 og 3 átt að einblína á að koma í veg fyrir það að efnahags- hrúnið bitnaði jafn illa á almenningi. En fókusinn hefur því miður verið út og suður, allt frá stjórn lagaráði til Evrópu- sambandsins. Þannig hefur verið alið á óeiningu og sundrun þegar verk- efni ríkisstjórnarinnar hefði bara átt að vera það eitt að skapa þjóðarsátt um að bjarga heimilunum.

#### Sátt og vill ekki skipta

**Þú varst svo sannarlega ein af vonarstjórnnum Sjálfstæðisflokks- ins – langar þig ekki að taka virkan þátt á ný og hafa áhrif? Stutta svarið**

er að mig langar ekki að skipta um vettvang. Í gegnum starf mitt í Sinn- num finnst mér ég hafa áhrif á samfé- lagið. Nokkur hundruð manns njóta þjónustu Sinnnum frá degi til dags og ég finn að sem leiðandi fyrirtæki í heimaþjónustu höfum við heimik- il áhrif á þessu sviði. Þannig upplifi ég að við erum að láta gott af okkur leiða. Mér finnst líka ánægjulegt að í þessu fyrirtæki eru 65 manns í dag að fá laun mánaðarlega og mér finnst áhugaverðara að vera raunverulega að skapa störf en að tala um mikil- vægi þess að skapa störf. Ég er svo sátt í því sem ég er að gera í dag að ég myndi ekki vilja skipta.

**En að áhugamálu þínum – hver eru þau?** Áhugamálin hafa aðallega verið að sinna áhugamálu barnanna og þá sérstaklega í tengslum við íþróttir. Núna erum við til dæmis farin að skipuleggja ferðalög og sumarfrí mikið í kringum golfiðkun Braga, sem er unglingurinn á heimilinu. Fyrir honum er golfið lífið sjálft og ástríðan er svo mikil að við leggjum okkur fram um að styðja hann í því á meðan hann er á þessum miklu mótunarárum. En mitt privat áhugamál er að styðja fólk í að ná fram jákvæðum breyt- ingum í lífinu og síðastliðin tólf ár hef ég verið með mín eigin leiðtoganám- skeið fyrir konur þar sem allt er unnið í sjálfboðastarfi. Ég hef mjög gaman af því að sjá fólk vaxa og það hafa allir hæfileika sem þeir geta virkjað betur. Um sjö þúsund konur hafa nú samtals komið á þessi námskeið og það er fátt sem gefur mér meira en þegar ég fæ skilaboð frá konunum

”  
Ég legg mig fram um að finna tækifærið í hverri ógn og mér finnst það skemmtileg áskorun að hvetja sjálfa mig og aðra til að finna leiðir til að nýta áhugaverð tækifæri.

### Framhald á síðu 12



AUGLÝSING – SÓLEY ORGANICS KYNNIR

# FIMM NÝJAR VÖRUR FRÁ SÓLEYJU

Sóley Organics framleiðir íslenskar hágæða húðsnyrtivörur sem byggja á aldagamalli hefð. Vörurnar eru unnar úr villtum íslenskum jurtum og tæru íslensku vatni. Önnur innihaldsefni eru nær 100% náttúruleg.

„Við kynnum fimm nýjar vörur sem koma í verslanir nú fyrir jólin, Lind líkamskrem úr íslenskum jurtum sem margir hafa beðið eftir og Lind sturtusápu. Þá erum við einnig að ýta úr vör nýrri kertalínu sem kallast Mind, en Sóley Organics gengur út á hugmyndina um heilbriggt lífni og tengingu líkama og sálar,“ segir Sóley Elíasdóttir, eigandi Sóley Organics.

„Mind-línan samanstendur af kertum sem búin eru til úr kókosp og bývaxi með náttúrulegum ilmi og þau innihalda ekkert blý. Við köllum þau Ljóð á ljósi en á kertunum eru ljóð eftir íslensk skáld. Ljóðin Tvær stjórnur eftir Megas, Bústaður eftir Sigurbjörgu Prastardóttur, og Lendar elskhugans eftir Vigdís Grímsdóttur. Stefnan er að Sóley Organics verði heildstætt lífsstílsvörumerki,“ segir Sóley, en einungis þrjú ár eru síðan Sóley Organics snyrtivörurnar komu á markað.

„Við erum dæmi um lítið sprotafyrirtæki sem byrjar heima í eldhúsi en hefur vaxið jafnt og þétt. Í dag eru Sóley Organics vörurnar í sölu víða um heim, meðal annars í Singapúr, og þá hafa þær hlotið frábærar mótökur í Noregi, en þar eru vörurnar til sölu í 140 verslunum. Allar vörurnar okkar eru búnar til frá grunni hér á Íslandi og framleiddar hjá Pharmarctica á Grenivík. Kertin eru eina undantekningin, en þau eru framleidd í Frakklandi. Okkar hreina land og umhverfisvæn hugsun er okkar sérstaða til að selja út á, ekki bara hvað við getum búið til mikið rafmagn,“ segir Sóley. „Þá sýnir vöxtur Sóley Organics að styðja eigi við litlu sprotafyrirtækin.“



Sóley Elíasdóttir kynnrir fimm nýjar vörutegundir frá Sóley Organics.

MYND/VILHELM



➤ [Sjá nánar á visir.is/lifid](http://visir.is/lifid)



## Lind Sturtusápa

Náttúruleg sturtusápa með íslenskum jurtum sem hreinsar húðina og hárið, nærir og róar. Lind sturtusápan þurrkar hvorki húðina né hársvörðinn. Hún inniheldur blöndu af villtum íslenskum jurtum sem eru handtíndar á svæðinu kringum Laugarvatn.

## Lind líkamskrem

Silkimjúk og rakagefandi húðmjólk sem nærir og mýkir húðina. Lind líkamskrem inniheldur blöndu af villtum íslenskum jurtum sem eru handtíndar á svæðinu kringum Laugarvatn og olíu úr shea-hnetum. Kremið er lífrænt vottað.

## Ljóð á ljósi

Sóley Mind vörurnar eru framleiddar til að næra andann, auka vellíðan og minna okkur á að lifa í núinu. Fallegu ljósin okkar eru búin til af alúð úr hágæða náttúruafurðum, fyrir þig að njóta. Hugsaðu vel um þig og umhverfi þitt.



## Lendar elskhugans

Ljóð eftir Vigdís Grímsdóttur. Ilmur af fjólum og fikjum.

## Tvær stjórnur

Ljóð eftir Megas. Ilmur af engifer, mandarínnum og kardimommum.

## Bústaður

Ljóð eftir Sigurbjörgu Prastardóttur. Ilmur af rabarbara og patsolí.



VARMA býður upp á klassíska mökkainniskó og lúffur. Fyrr á árinu kom svo á markað endurhönnuð mokkalína eftir iðnhönnuðinn Sigríði Heimisdóttur.



## HLÝJA Í JÓLAPAKKANN

Ullarvörur og vörur úr íslensku lambaskinni frá VARMA rata í auknum mæli í jólapakka landsmanna enda varla hægt að hugsa sér notalegri jólagjafir. Vörurnar eru alfarið framleiddar á Íslandi.

„VARMA-vörur eru tilvaldar í jólapakkann, en VARMA er stærsta alíslenska fyrirtækið sem framleiðir ullarvörur. Vörurnar eru klassískar og fallegar og eru alfarið framleiddar héraðslendis,“ segir Birgitta Ásgrímsdóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá vöruverkinu VARMA. „Við erum með starfsstöðvar á Norðurlandi, Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu og hefur hver starfsstöð sína sérhæfingu og verklag enda um margt konar vörur að ræða.

Undir merkjum VARMA bjóðum við upp á mikið úrval af ullarsmávöru eins og húfum, treflum, sjólum, vettlingum og ennisböndum. Þá bjóðum við upp á klassískar flikur úr íslenskri ull og má þar til dæmis nefna slár með handprjónuðum kragum og síða þæfða jakka sem hafa notið vinsælda upp á síðkastið. Klassísku peysurnar, sem fást í mörgum útgáfum, henta líka flestum og gleðja dætur, mæður, frænkur, ömmur og afa.“

Birgitta segir sömuleiðis mikið úrval af vörum úr íslensku lambaskinni. „Þetta eru vandaðar vörur sem endast í mörg ár. Við bjóðum upp á klassískar mokkalúffur sem hafa verið á markaðnum árum saman og margir muna eftir úr sinni æsku. Einnig

mökkainniskó sem er tilvaldir fyrir sumar- bústaðinn og ljúfar stundir heima fyrir. Fyrr á árinu settum við svo á markaðinn endurhannaða mokkalínu eftir Sigríði Heimisdóttur iðnhönnuð. Í þeirri vinnu var aðaláherslan lögð á einfaldleika og gæði og í hönnuninni var bryddað upp á bæði fallegum og praktískum smáatriðum. Frískað var upp á mokkalúffurnar með lituðum saumum eða íslensku laxaskinni. Sigríður hannaði sömuleiðis tösku, kraga og vesti. Vestunum og krögunum er hægt að snúa við og nota á hvorn veg sem hentar og buddurnar eru tilvaldar fyrir bíóferðina eða til að geyma það mikilvægasta sem á það til að tynast í stóru kventöskunni,“ segir Birgitta.

Sigríður fékk leyfi til að leika sér svolítið og hannaði líka litla heimilislínu úr mokka-skinninu. Línan samanstendur af kollum með moccasessu, mokkaþúðum og tímalausum gestabókum. „Þessar vörur smellpössuðu við teppin sem við framleiðum líka. Þau koma í tveimur stærðum; annars vegar sem rúmteppi í fjórum litum og hins vegar sem væðarvoðir sem eru tilvaldar í ferðalagið, á pallinn eða í sjónvarpssófann,“ segir Birgitta.

Fyrir tveimur árum setti VARMA fatalínuna Blik á markað, en hún er eftir fatahönnuðinn Laufeyju Jónsdóttur. „Við komum með nýjungar inn í þessa línu í haust enda eru vörulínur okkar í stöðugri þróun.“

Birgitta segir það færast í aukana að fólk gefi fallega og nýtilega hluti í jólagjöf og þannig hafa VARMA-sokkar fengið að fljóta með í marga pakka. Þá hafa angórasokkarnir verið gífurlega vinsælir en íslensku ullar-sokkarnir og útivistarsokkarnir fylgja fast á eftir. „Salan fyrir jólin hefur margfaldast síðustu ár,“ segir Birgitta. VARMA-vörurnar eru á viðráðanlegu verði og er mikið úrval fyrir börn, konur og karla á öllum aldri. Birgitta segir útflutning sömuleiðis hafa aukist. „Útflutningur til Skandinavíu hefur þrefaldast síðan í fyrra auk þess sem töluverð aukning er í útflutningi til Pýskalands og fleiri landa.“

Allar vörur VARMA eru seldar undir vöruverkinu VARMA, The Warmth of Iceland.

Helstu útsölu- staðir eru Hagkaup, Ellingsen, Handprjónasambandið, Samkaup og allar helstu ferðamannabúðir. Blik-línan fæst í ATMO hönnunarhúsi, Kraumi, Álafossi og Reiðhjólaversluninni Berlín. Mokka- vörurnar

úr nýju línunni fást svo í Geysisverslunum, ATMO, Kraumi, Kistunni, Hrími og hótelveslunum hjá Hilton, Natura og Radisson SAS. Sjá nánar [www.varma.is](http://www.varma.is) og á Facebook.

Úrval ullarsmávöru er í boði frá VARMA en sömuleiðis ullarpeysur og jakkar.



# ATMO

ÍSLENSKT TÍZKU- OG HÖNNUNARHÚS



VILLIMEY VARA GALDUR  
Verð: 1.400 kr.



SUNBIRD  
Verð: 5.800 kr.



TULIPOP LAMPI  
Verð: 12.900 kr.



MARTA JÓNSSON  
Verð: 54.900 kr.



UMEMI PÚÐAR  
Verð: 20.000 kr.



REY LEÐURKJÓLL  
Verð: 86.000 kr.



MUNDI TREFILL  
Verð: 19.900 kr.



DEMO LJÓS  
Verð: 69.000 kr.



HELICOPTER  
Verð: 35.000 kr.



SCINTILLA PÚÐI  
Verð: 13.900 kr.



TULIPOP  
Verð: 2.100 kr.



HUGINN MUNINN KK  
Verð: 20.900 kr.



ERRÓ BÓK  
Verð: 6.900 kr.



MARTA JÓNSSON STÍGVÉL  
Verð: 19.900 kr.



MUGISON DISKASAFN  
Verð: 3.490 kr.



HLÍN REYKDAL HÁLSMEN  
Verð: 11.900 kr.



GLING GLÓ  
Verð: 14.900 kr.



BIRNA  
Verð: 23.900 kr.



FÆRIÐ GLASAMOTTUR  
Verð: 3.900 kr.



LUKA  
Verð: 33.900 kr.



SÁPA FRÁ SAPUSMIÐJUNNI  
Verð: 990 kr.



SKAPARINN SILKIKJÓLL  
Verð: 43.000 kr.



HANNA FELTING  
VETTLINGAR  
Verð: 3.800 kr.



LÍBER KLÚTUR  
Verð: 35.000 kr.



ÞÆVISAGA  
Verð: 6.490 kr.



GUST  
Verð: 41.300 kr.



ORR-FINN KK HÁLSMEN  
Verð: 18.300 kr.

## GEFÐU ÍSLENSKT UM JÓLIN!

60 íslensk vörumerki á einum stað.

Opið á föstudag og laugardag frá 11-18 og sunnudag frá 11-17.



Ásdís er afskaplega gefandi kona með sterka nærveru.

MYND/ANTON BRINK

## Framhald af síðu 8

um að námskeiðin hafi haft jákvæð áhrif á líf þeirra. Í gegnum þetta fæ ég líka útrás fyrir að tjá mig og miðla, en ég hef mikla þörf fyrir að móta texta, hvort sem er í ræðu eða riti.

### Meðvituð um hollt mataræði

**Hvernig heldur þú þér í formi – líkamlega og andlega?** Fyrir nokkrum árum gerði ég það upp við mig að ég yrði að lifa í samræmi við setninguna: „Ef þú hefur ekki tíma fyrir heilsuna í dag hefur heilsan ekki tíma fyrir þig á morgun.“ Ég held mér aðallega í formi með því að fara í líkamsrækt í Heilsuborg í Skeifunni tvisvar í viku og þegar veðrið er þokkalegt fer ég reglulega í göngutúra. Ég er líka orðin miklu meðvitaðri um næringuna og grænmeti og ávextir eru miklu stærri hluti af mataræðinu núna. Í staðinn fyrir að hætta að borða eitthvað hef ég bara

bætt inn í meira af hollustu þannig að smám saman hefur orðið til minna pláss fyrir óhollustu – en hún fylgir þó alltaf með. Nýlega kom hins vegar í ljós að Bragi minn þolir illa MSG og veikist stundum nokkuð heiftarlega þegar hann borðar mat sem inniheldur það. Því miður er þetta mjög lúmskt og MSG má finna í alls konar tilbúnum mat, sósom, kryddum og ekki síst skyndibita. Í framhaldi af því erum við farin að passa betur upp á að vinna matinn frá grunni heima og það hefur jákvæð áhrif á okkur öll. Mér finnst lestur góðra bóka gera mest fyrir andlegu heilsuna og ég sæk mest í uppbyggilegar og jákvæðar bækur en forðast hrylling og spennusögur.

Fyrr á þessu ári fór ég svo að taka skipulega þau vítamín og fæðubótar efni sem líkaminn þarf til að eldast betur og sjálfsagt er það ein besta ákvörðunin sem ég hef tekið á þessu ári. Jónas minn, sem er á þriðja ári í læknisfræði, spyr reglulega hvort ég sé ekki örugglega enn að taka vítamínin því að í gegnum námið læra þau hvað allt þetta forvarnarstarf og lífsstíllinn gerir mikið fyrir heilsuna til lengri tíma. Ég finn mikinn mun á orku og einbeitingu og ætla samviskusamlega að halda þessu áfram.

### Erfiður bróðurmissir

**Kraftur þinn, gáfur og áræðni er áberandi í fari þínu. Hverju þakkar þú eiginleika þína?** Vá, hvað þetta er fallega sagt! Eins og margt ungt fólk hélt ég lengi vel að ég hefði skapað mig sjálf en vandinn er sá að flestir sjálfskapaðir einstaklingar eiga það til að dýrka skapara sinn fullmikið. Smám saman áttaði ég mig á að auðvitað er maður einhvers konar sambland af genetískum grunni, aðstæðum og lífsreynslu. Ég hef verið svo lánsöm að fá að fara í gegnum frábært nám og öðlast góða starfsreynslu. Það hefur verið mjög þroskandi og áhugavert. En eflaust mótar nærumhverfið mann þó mest. Sumir atburðir móta mann jafnvel svo djúpt að þeir hafa áhrif það sem eftir er ævi manns. Sjálfsagt hefur ekkert haft jafn sterk áhrif á mig og þegar ég missti bróður minn sem tók of stóran skammt af fíkniefnum. Hann var búinn að berjast lengi gegn fíkninni og þessi hræðilegi heimur fíkniefnanna hafði mikil áhrif á allt fjölskyldulífið. Alltaf héldum við þó í vonina um að hann myndi ná bata en því miður gerðist það sem ég óttadist mest. Svona lífsreynsla mótar allt og ekki síst forgangsröðunina í lífinu. Erfið persónuleg áföll hafa líka

þau áhrif að maður fer að taka ýmsu af meira æðruleysi. Lætur smáatriði síður slá sig út af laginu og heldur sínu striki. Ég hef í gegnum þetta líka lært að flækja hlutina ekkert of mikið. Í því sambandi kemur upp í hugann lítill minning frá því að ég var að vinna í menntamálaráðuneytinu. Á mánudagsmorgni birtist í gættinni á skrifstofunni afar elskulegur maður sem kynnti sig sem leigubílstjóra. Hann sagðist hafa orðið að kíkja við hjá mér því hann hefði verið að hlusta á mig í útvarpinu daginn áður. Leigubílstjórinn sagðist oft hafa hlustað á mig og alltaf væri hann jafn hrifinn. „Það sem ég hrífst af í fari þínu er hvað þú ert einföld,“ sagði hann og kvaddi svo. Eftir sat ég og vissi ekki alveg hvort ég ætti að taka þessu sem hrósi en eftir smá umhugsun komst ég að þeirri niðurstöðu að falletta gæti hrósið varla verið. Það er svo gott að vera dálítið einfaldur því að hinar svokölluðu gáfur eiga það til að geta þvælst aðeins of mikið fyrir fólk.

**Hverjar eru þínar fyrirmyndir?** Ég hugsa að einstaklingurinn sem ég vitna hvað oftast í sé Sigríður Klingenberg lífsspekingur. Ég hef svo gaman af hennar nálgun í lífinu og ég leyfi mér að hafa ýmislegt eftir henni en upphalds tilvitnunin í hana er: „Orð eru álög.“ Mér finnst hún yndisleg manneskja og hún er klárlega ein af mínum fyrirmyndum en þær eru margar. Mamma mín notaði einfaldar uppeldisaðferðir þegar ég var stelpa og við mig sagði hún að það væru þrjár reglur sem ég ætti að fara eftir. Ég mætti ekki reykja og drekka, ekki ljúga og ekki stela. Ég hlýddi og hún hafði ekki áhyggjur af öðru. Ég er mömmu mjög þakklát fyrir þetta. Pabbi er sjálfsagt óserhlífnaði og hjálpsamasti einstaklingur sem ég hef nokkurn tímann kynnst. Frá því að ég man eftir mér hefur hann alltaf verið til staðar. Alltaf reiðubúinn að leggja hönd á plóg og er heimsins besti afi. Ef við værum kapólsk væri örugglega búið að taka pabba minn í tölu dýrlinga sem verndara barnabarna og allra annarra sem þurfa einhvers konar stuðning eða aðstoð. Ég vona að einhvern tímann verði ég amma og þá vil ég vera nákvæmlega þannig amma. Ég er líka mikill aðdáandi tengdafjölskyldu minnar en hún er svo einstaklega heilsteypt og heiðarleg. Tengdafólkið mitt er hvert öðru yndislega og mér finnst ég mjög lánsöm að fá að tilheyra þeirri fjölskyldu.



## Dagur í lífi Ásdísar

**07.00** Ég vakna upp úr 7 og byrja daginn á því að taka litlu Liljuna mína til fyrir leikskólann.

**08.00** Eftir að krakkarnir eru farnir í skólann þá gef ég mér alltaf góðan tíma í að lesa blöðin, borða morgunmat sem er yfirleitt full skál af ferskum ávöxtum, mikið af berjum, ab-mjólk og músli. Svo tek ég vítamínin og fæ heimsins besta kaffi hjá mannum mínum sem er orðinn algjör latte snillingur.

**09.00** Ég byrja vinnudaginn yfirleitt heima og vinn við borðstofuborðið í nokkra klukkutíma í ró og næði til að koma frá mér því sem er brýnast áður daglega áreitið byrjar.

**11.00** Svo fer á skrifstofu Sinnnum og hitti yndislega samstarfsfólkið sem þar er.

**12.00** Tvo daga í viku fer ég í ræktina í hádeginu.

**14.00** Eftir hádegi er ég nánast alltaf á skrifstofu Sinnnum þar til ég annað hvort sæk Lilju litlu eða fer á fundi eða á námskeið.

**19.00** Fjölskyldan borðar nánast alltaf kvöldmat saman og um átta fer sú litla að sofa.

**21.00** Það er því miður alltof algengt að ég haldi áfram að vinna eftir kvöldmat en það er eitt af því sem ég þarf að draga aðeins úr á nýju ári. Hitt sem ég þarf að breyta er að ég þarf að fara fyrr að sofa en mér finnst svo erfitt að sleppa deginum að ég vaki yfirleitt alltof lengi.

## AUGLÝSING - SMASHBOX KYNNIR



## FAGUR OG NÁTTÚRULEGUR LJÓMI

Guðný byrjaði á að setja gott rakakrem á Yesmine til að undirbúa húðina. Því næst notaði hún Photo Finish-grunnfarða til að jafna húðina og fá fallegra yfirbragð. Á kinnbein, enni og höku setti hún Photo Finish Luminizing Primer til að fá fallegan og þéttan ljóma.

„Ég notaði BB-krem á Yesmine en það er mitt á milli þess að vera farði og litað dagkrem. BB er fullkomið fyrir konur sem hafa lítinn tíma á morgnana. Það grunnar, gefur raka og jafnar húðlit og í því er SPF 35 sólarvörn. Kremið er fullkomið eitt og sér og frábær grunnur undir farða,“ útskýrir Guðný.

Undir augu og í kringum nef setti Guðný High Definition-hyljara sem er léttur og fallegur hyljari og auðveldur í notkun. „Til að fá fagurlega náttúrulegan ljóma á kinnbeinin notaði ég Halo Highlighting Wand, í litnum Gold.“



## SEIÐANDI OG SEXÍ AUGNARÁÐ

Guðný grunnaði augnlok Yesmine með Waterproof Shadow Liner, í litnum Luminous. Það er mjúkur blýantur með púða á hinum endanum sem dreifir litnum auðveldar. Blýantinn má nota einan og sér eða sem grunn undir aðra augnskugga.

„Augnskugga-pallettan Screen Shot varð fyrir valinu til að lita augnlok Yesmine. Ég setti ljósasta litinn á mitt augnlokið en dekksta litinn í skyggingu og á ytra svæði undir augum.

Gylltan skugga setti ég í innri augnkróka og síðan brúnan blýant til að fá dekkri og skýrari umgjörð kringum augun,“ útskýrir Guðný glæsilega augnmálingu Yesmine. „Maskarinn Full Exposure gefur þétt og tilkomumikil augnhár og á augabrúnir setti ég Brow to Go sem er snilldar augabrúnablýantur með glæru geli á hinum enda svo augabrúnirnar haldist mótaðar allan daginn.“



## HEILLANDI FRÍSKLEIKI OG FEGURÐ

Til að fullkomna útlitið setti Guðný Radiance-kinnalit á andlit Yesmine. „Hann er fallega fúksiubleikur og hentar öllum um leið og hann gefur afar frísklegt útlit,“ útskýrir Guðný. „Á varmar setti ég Limitless Longwear-gloss í litnum Forever til að fá fallegan gljáa.“

Til að breyta hvunn dagsfórðun Yesmine í heillandi kvöldfórðun bætti Guðný við Limitless Waterproof Liner í litnum Navy Blue, Lip Enhancing-glossi í litnum Tease og bætti við Studio Skin 15Hr Wear-farða á miðju andlitsins. „Að lokum setti ég Chiffon-kinnalit á Yesmine til að fá órlítið meiri ljóma á vangann.“

## HRÍFANDI Í ANNRÍKI DAGSINS

Íslenskar konur hrósa nú happi yfir nýjasta fengnum á sviði förðunar því nú fást loks vörur heimspektta snyrtivörumerkisins Smashbox á Íslandi. Þær eru fullkomnar fyrir konur sem eiga annríkt og þurfa alltaf að vera upp á sitt besta, og eru á góðu verði.

„Smashbox eru nýjar förðunarvörur hér á landi en afar þekktar úti í hinum stóra heimi,“ segir Guðný Hrefna Sverrisdóttir, förðunarfræðingur hjá Smashbox.

„Smashbox var nýlega aftur sett á fót og við ákaflega heppin að fá þetta frábæra merki hingað heim. Smashbox er hvað þekktast fyrir grunnandlitsfarða sína enda fyrstir til að markaðssetja slíka vöru og óhætt að fullyrða að þar beri þeir höfuð og herðar yfir önnur snyrtivöru merki,“ upplýsir Guðný um ofursvala förðunarlinu Smashbox sem samanstendur af úrvali snyrtivara á afar sanngjörnu verði.

## DUGANDI Í DAGSINS ÖNN

Guðný fékk dansarann og matgæðinginn Yesmine Olsson til að setjast í förðunarstól Smashbox.

„Yesmine á afar annríkt og er tilvalin fyrir sæta fyrir Smashbox-vörurnar sem endast daglangt og fram á kvöld,“ segir Guðný um Smashbox-snyrtivöru sem eru einkar góðar fyrir sterk ljós ljósmyndavera og nærmyndir.

„Yesmine er á þönum allan daginn, í ræktinni, að þjálfu, hún eldar í veislum og er í upp-tökum þess á milli. Hún þarf því alltaf að vera tilbúin fyrir myndavélina.“



## HVAÐ FANNST YESMINE?

„Ég hef mikinn áhuga á snyrtivörum og nota oftast nær MAC og Bobbi Brown. Mér þótti spennandi að fá tækifæri til að kynna Smashbox og hef um tíma prófað BB-kremið, hyljarann og augabrúnablýantinn. Ég er vægast sagt hrifin, sérstaklega af BB-kreminu,“ segir Yesmine um reynsluna af Smashbox.

„Ég er mikið á ferðinni og hef sjaldan tíma til að dunda lengi við förðun áður en ég held út í daginn. Með Smashbox mun ég hins vegar alveg ráða við þetta og eftir förðunina hjá Guðnýju eru Tease-glossið og Halo Wand Gold upphaldssnyrtivöru minar,“ segir hún kát.



# KLÆDDU HEIMILIÐ Í JÓLAFÖTIN

Eftir Bríeti Ósk Guðrúnardóttur, nema í innanhússarkitektúr.

Nú er aðventan að ganga í garð og sá tími árs sem hátíðarskapið tekur völdin. Já, jólin eru handan við hornið. Þetta er tíminn til þess að gera tilraunir með líti, föndur og skraut sem gefa heimilinu hlýtt yfirbragð og oftast en ekki eru það heima-gerðu hlutirnir sem standa upp úr. Möguleikarnir eru endalausir og um að gera að leyfa sköpunargleðinni að taka völdin. Hér eru nokkrar hugmyndir:



Skraut úr trölladeigi.



Hér eru filtkúlur þræddar upp á vír og útkoman er þetta fallega jólatré.



Trédrumbar og könglar í fallegri skreytingu.



Þrjónaðir jólasokkar í fallegu jólalitunum.



Hengdu upp grein og skreyttu með marglitum kúlum.



Þessi hreindýr eru gerð úr klósettrúllum og eru skemmtilegt föndur fyrir stóra sem smáa.

## FRIIS



## COMPANY<sup>®</sup>




ALLT FYRIR DÖMUNA  
*Júl 2012*

FRIIS & COMPANY L.H.ÉÐ Í KRINGLUNNI



## LÍFIÐ Á INSTAGRAM

Kristrún Ösp, ein af eigendum Hún.is, á Instagram



Besta kúrið.

Níu mánuðir síðan Baltasar Börkur kom í heiminn, er ótrúlega stolt yfir hvað hann er duglegur og klár strákur. Desember eftir af orlofinu en þá fer BB til dagmömmu. Það er æðisleg frænka okkar og ætlar að leika við krakkana til 14 á daginn.



Alveg eins #66  
#fun #outside #playing #snow.

Give The Look

Merry  
Christmas

*Brjóstahaldari*  
**1.995,-**

**LINDEX**

# Lífíð

## IÐUNN FAGNAR

Hvorki meira né minna en 30 ára höfundarafmæli rithöfundarins Iðunnar Steinsdóttur var fagnað í vikunni í húsnæði Sölu útgáfu.



Steinunn Arnþróður Björnsdóttir og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.



Sigurbjörg Prastardóttir, Kristín Marja Baldursdóttir og Olga Guðrún Árnadóttir.



Jón Hjartarson, Iðunn Steinsdóttir, Kristín Birgisdóttir og Ragnheiður Tryggvadóttir.

### Helgar-MATURINN



### LAKKRÍSTOPPAR AÐ HÆTTI KRISTÍNAR

„Fyrir jólin baka ég alltaf lakkrístoppa með mömmu – alveg ómissandi partur af jólaundirbúningnum,“ segir **Kristín Ruth Jónsdóttir**, háskólanemi og útvarpskona, sem gefur okkur uppskrift að lakkrístoppum úr Stóru köku- & brauðbók Disney.



#### Lakkrístoppar

3 eggjahvítur  
200 g púðursykur  
150 g rjómasúkkulaði  
250-300 g súkkulaðihúðað lakkrískurl

#### Aðferð

Hitið ofninn í 175 gráður. Stíffpeytið eggjahvítur og bætið sykri smátt og smátt saman við. Þeytið áfram á mesta hraða þar til sykurinn er alveg uppleystur. Saxið súkkulaðið og lakkrískurlíð smátt. Bætið varlega út í eggjahvítuna með sleif. Setjið með teskeið á pappírsklædda bökunarplötu og bakið í 12-14 mínútur.



## Allir fá þá eitthvað fallegt...



1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is

[www.epal.is](http://www.epal.is)









# SKÁLD Í VERÖLD ILLSKUNNAR



„Á grunni hinna fornu sagna hefur Þórarinn sett saman vel lukkaða og skemmtilega sögu um skrautlegt upphaf byggðar í Svarfaðardal og mátt skáldskaparins.“

EINAR FALUR INGÓLFFSSON / MORGUNBLAÐIÐ




„Textinn er ákaflega vandaður ... mikill húmor í frásögninni ... ég leyfi mér að fullyrða að sagnanörðar munu falla í stafi yfir þessari bók ... Áhrifamikil og blóðug ...“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Þórarinn Eldjárn er með fágæta skáldagáfu og segir sögu í texta eða ljóðum sem unun er að lesa ... Ef eitthvað er hæft í því að hlátur lengi lífið bætir lesandinn ábyggilega við sig nokkrum æviárum.“

SVARFDAELASYSL.COM



Fyrirboðar og forynjur, fjölkynngi og vígaferli.

*Hér liggur skáld* eftir Þórarin Eldjárn er áhrifarík frásögn af hógværu skáldi sem býður illskunni birginn.



VAKA-HELGAFELL



Elskuleg móðir, amma og langamma,  
**RAGNHEIÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**  
læknir,

lést á heimili sínu sunnudaginn 2. desember.  
Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni  
miðvikudaginn 12. desember kl. 15.00.



**Geirlaug Herdís Magnúsdóttir** **Torfi Axelsson**  
**Ragnheiður Birgisdóttir**  
**Herdís Birgisdóttir**  
**Anna Margrét Ólafsdóttir**  
**Birgir Jóhannes Jónsson**



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem  
sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og  
útför móður okkar og ömmu,

**ELSU GRÍMSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Furuhlíðar  
á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir kærleiksrika  
umönnun og hlýju.



**Arnar Sigfússon**  
**Helga Sigfúsdóttir**  
**Árni Pétur Arnarsson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir,  
afi, langafi og langalangafi,

**AÐALSTEINN ELÍAS JÓNSSON**  
Hellissandi,

lést á Hjartadeild Landspítalans föstudaginn  
30. nóvember síðastliðinn. Útförin fer  
fram frá Ingjaldshólskirkju laugardaginn  
8. desember kl. 14.00. Blóm og kransar  
eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á  
Hjartaheill.



**Aldís Stefánsdóttir**  
**Sólveig Jóna Aðalsteinsdóttir** **Pál Mortensen**  
**Stefán Guðni Aðalsteinsson** **Aðalbjörg Sigtryggisdóttir**  
**Svanur Aðalsteinsson** **Kristjana Halldórsdóttir**  
**Heiðbrá Aðalsteinsdóttir**  
**Ásdís Björg Aðalsteinsdóttir**  
**Rut Aðalsteinsdóttir** **Sigurþór Þórólfsson**  
**Þór Aðalsteinsson** **Phuong Aðalsteinsson**  
**Dís Aðalsteinsdóttir** **Andrés Sigurbjörgsson**  
**Aðalsteinn Örn Aðalsteinsson** **Sandra Ósk Eysteinsdóttir**  
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma,  
langamma og langalangamma,

**ERLA MARGRÉT HALLDÓRSDÓTTIR**  
Auðnum 11, Öxnadal,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð þriðjudaginn  
4. desember.



**Börn og fjölskyldur hinnar látnu.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir og amma

**GUÐRÚN ÞORGRÍMSDÓTTIR**  
Höfðabrekk 16, Húsavík,

sem lést 28. nóvember 2012 verður  
jarðsöngin frá Húsavíkurkirkju laugardaginn  
8. desember kl. 13.00.



**Halldór Ingólfsson** **Ólafur E. Benediktsson**  
**Puríður Halldórsdóttir** **Einar Halldór Einarsson**  
**Ingunn Halldórsdóttir**  
**Halldór Elís Ólafsson**  
**Guðbjörg Ólafsdóttir**  
**Guðrún Einarisdóttir**

## FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, laugardag,  
verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í  
laugardagsblaðið færast því fram til kl. 12.30.**



**ÁRNI SAMÚELSSON** Árni hefur rekið Sambíóin í fjörutíu ár. Hann segir þennan tíma hafa verið mjög skemmtilegan.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Gaman að Gyllenhaal

Ævisaga bíókónsins Árna Samúelssonar spannar fjörutíu ára feril hans.

Nýverið kom út ævisaga bíókónsins  
Árna Samúelssonar, sem hefur rekið  
Sambíóin í fjörutíu ár.

„Það er mjög gaman að þetta skuli  
loksins hafa fæðst. Það var annað hvort  
að gera þetta núna eða sleppa því,“  
segir Árni um bókina, sem Sigurgeir  
Orri Sigurgeirsson skrifaði.

„Þessi bók spannar allt tímabilið.  
Fyrst þegar ég er í íþróttunum hérna  
í gamla daga, svo þegar ég flyst til  
Keflavíkur og verð bankastarfsmaður,“  
greinir hann frá. „Ég fer í mikinn  
verslunarrekstur árið 1972 sem stóð í  
ein tíu ár. Þá var ég í mikilli samkeppni  
við þá sem fyrir voru og það var mikið  
fjör í verslunarbransanum í Keflavík á  
þessum árum. Á sama tíma rákum við  
kvikmyndahúsið í Keflavík og þegar ég  
ákváð að fara meira út í þann bransa  
fengum við lóðina í Reykjavík undir  
bíóið í Mjóddinni árið 1981.“

Árni þakkar tveimur mönnum fyrir  
að hafa fengið lóðina, þeim Alberti Guð-  
mundssyni og Stefáni Hilmarsyni, sem  
þá réði ríkjum í Búnaðarbankanum.  
„Það eru þrjátíu ár síðan þetta hús var  
byggt. Tíminn er fljótur að líða.“

Aðspurður segir Árni þessi ár í bíó-  
bransanum hafa verið mjög skemmti-  
leg og mikið hafi verið um ferðalög.  
Hann efast samt um að hann hefði enst  
svona lengi í bransanum ef synir hans  
hefðu ekki hjálpað honum með rekstur-  
inn. Konan hans, Guðný Ásberg, hefur  
einnig staðið þétt við bakið á honum.  
Árni hefur séð margar kvikmyndir í  
gegnum tíðina en nefnir Rain Man sem  
eina af sínum uppáhaldsmyndum.

Hann hefur hitt margar kvikmynda-  
stjórnur á þessum árum. Skemmti-  
legustu náungarnir að hans mati eru  
Jon Voight og Jake Gyllenhaal. „Hann  
er mjög góður kunningi minn,“ segir

hann um Gyllenhaal. „Ég hitti hann  
uppi á flugvelli og við tókum tal saman.  
Hann sagði mér að hann væri að fara  
að skjóta „indímynd“ en sagði mér ekki  
hvaða mynd.

Ég var að fara á Cannes-hátíðina í  
Frakklandi og þá eru þeir með mynd  
til sölu með Jake Gyllenhaal, End of  
Watch, og ég keypti hana bara bingó.  
Þá var þetta myndin sem hann var að  
fara að leika í, sem hann sagði mér  
frá tveimur dögum áður.“ Nokkru  
síðar hittust þeir í Berlín og þá lofaði  
Gyllenhaal að koma til Íslands þegar  
myndin yrði frumsýnd en því miður  
komst hann ekki.

Árni er nýbúinn að kaupa aðra mynd  
með Gyllenhaal sem heitir Prisoners.  
„Ég er að vona að hann komist heim á  
hana. Þetta er rosalega jarðbundin  
strákur og ofsalega finn náungi,“ segir  
Árni Sam. [frey@frettabladid.is](mailto:frey@frettabladid.is)

## MERKISATBURÐIR

**1835** Fyrstu lestarteinarnir  
opnaðir í Þýskalandi.

**1879** Jón Sigurðsson forseti  
andast í Kaupmannahöfn, 68  
ára.

**1941** Japanir gera loftárás á  
Pearl Harbor í Kyrrahafi.

**1970** Íslensk kona fær nýra úr  
bróður sínum. Skurðaðgerðin er  
gerð í London og er það í fyrsta  
sinn sem nýrnaflutningur er  
gerður á Íslendingum.

**1975** Indónesar ráðast inn í  
Austur-Tímor.

**1988** Harður jarðskjálfti skekur  
Armeníu með þeim afleiðingum  
að 25 þúsund lástast.

**2001** Áhöfn þyrlu varnarliðsins  
bjargar skipbrotsmanni úr Sigur-  
borgu við mjög erfiðar að-  
stæður við Snæfellsnes.

# Ný vandamál að leysa

Bangsafjölskyldan á Bjarnastöðum er komin á kreik.

„Þetta er mitt tómtundagaman,“ segir Karl  
Ágúst Úlfsson leikari og skemmtikraftur um  
útgáfu eigin þýðinga á fjórum nýjum barna-  
bókum. „Þetta eru lífsleiknibækur en persón-  
urnar eru skemmtilegar og boðskapurinn alls ekki  
uppþrængjandi,“ segir Karl og útskýrir efnið  
aðeins nánar. „Bangsa-  
fjölskyldan á Bjarna-  
stöðum er bara dæmi-  
gerð fjölskylda og hver  
bók fjallar um eitthvað  
sem hún hefur aldrei  
lent í áður en þarf með  
einhverjum hætti að  
leysa. Þessar bækur hafa  
verið að sópa að sér verð-  
launum í Bandaríkjunum  
og þykja góðar í uppeldislegu tilliti.“ -gun



**ÚTGEFANDINN**  
Karl Ágúst undar  
sér við þýðingar í  
tómtundum.



Elskulegur eiginmaður, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR REYNIR MAGNÚSSON**  
löggiltur endurskoðandi,

lést á Landakoti að kvöldi miðvikudags  
5. desember. Útförin auglýst síðar.



**Sigurlaug Zophoníasdóttir**  
**Anna Soffía Gunnarsdóttir** **Ólafur Kvaran**  
**Guðný Gunnarsdóttir** **Friðbjófur K. Eyjólfsson**  
**Guðrún Gunnarsdóttir** **Valþór Hlökkversson**  
**Emilía María Gunnarsdóttir** **Eyjólfur Guðmundsson**  
**Hákon Gunnarsson**  
**Björn Gunnarsson**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir, tengdafaðir og afi,

**PÁLMI ÞÓR PÁLSSON**  
Hraunholtí, Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut  
sunnudaginn 2. desember síðastliðinn.  
Útför hans fer fram frá Víðalínskirkju  
miðvikudaginn 19. desember klukkan 13.



**Soffía Friðgeirsdóttir**  
**Gunnar Þór Pálmason** **Ida Surjani**  
**Þórhildur Pálmadóttir** **Hjörtur Hreinsson**  
**Haukur Órvar Pálmason** **Kristín Haraldsdóttir**  
**Sunna Guðný Pálmadóttir** **Brynjar Þór Sumarliðason**  
**og barnabörn.**

D3200



At the heart of the image

Verð frá 129.995.-



KAUPAUKI



Innifalið í kaupum á D3200 er WU-1a tengi sem gerir kleift að fjarstýra vélinni eða senda myndir og kvikmyndir þráðlaust í snjallsímann eða spjaldtölvuna að verðmæti

11.995.-

Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla CMOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirk fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

Nikon School D-SLR Intro – 2.5 klst kynningar-námskeið ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir með D3200 að verðmæti 25.000.-



# I AM MERRY CLICKMAS

KAUPAUKI



Innifalið í kaupum á S3300 myndavélinni fylgir. Taska að verðmæti

2.495.-



Verð 22.995.-



**COOLPIX S3300 – Litrik sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 liflegum litum Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

[www.nikon.is](http://www.nikon.is)



Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

#### SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – [www.ht.is](http://www.ht.is)  
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – [www.sm.is](http://www.sm.is)  
Beco – Langholti 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – [www.beco.is](http://www.beco.is)  
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – [www.fotoval.is](http://www.fotoval.is)  
MAX – Kaupþún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – [www.max.is](http://www.max.is)  
Reykjavík Foto – Laugavegur 51 – 577-5900 – [www.reykjavikfoto.is](http://www.reykjavikfoto.is)  
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – [www.tl.is](http://www.tl.is)

#### SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINI

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húsvetninga – Hvammstanga; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kaupþún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ; Nettó og Samkaupsverslanir um land allt

**KROSSGÁTA**

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**  
2. unaður, 6. hvort, 8. breið, 9. hlaup, 11. ónefndur, 12. kvk nafn, 14. van-sæmd, 16. karlkyn, 17. fugl, 18. stansa, 20. tveir eins, 21. þekking leið.

**LÓÐRÉTT**  
1. bein, 3. átt, 4. rafall, 5. starf, 7. ávöxtur, 10. svipuð, 13. grús, 15. brak, 16. náinn, 19. ólæti.

**LAUSN**  
LÁRÉTT: 2. yndi, 6. ef, 8. víð, 9. gel, 11. n, 12. grá, 14. skómm, 16. k, 17. ía, 18. æja, 20. rr, 21. rata.  
LÓÐRÉTT: 1. legg, 3. nv, 4. dínamör, 5. íð, 7. ferska, 10. lík, 13. mól, 15. mátt, 16. kær, 19. at

# Árvakur áttakasinna

**BAKPANKAR**  
Stígs Helgasonar

Sú var tíðin að ég skeytti lítið um samfélagslegar skyldur mínar. Ég hafði einfaldlega um brýnni hluti að hugsa en afríska alnæmissjúklinga og stríðsfanga, til dæmis bólurnar á nefinu á mér og nýjustu myndirnar með Nicolas Cage. Með árunum hef ég vitkast og meðvitund mín aukist að því marki að nú er ekki til það árveknisátak sem ég lét fram hjá mér fara.



Í dag er hátíðisdagur: Dagur rauða nefnsins, til bjargar börnum heimsins. Mér er ant um börn og setti þess vegna upp nef í morgun, undir tvílitu kynjagleraugun sem ég skil ekki af hverju eru ekki löngu orðinn staðalbúnaður allra eindrægra hipstera. Nefið tónaði ágætlega við gisnu og óhrjálegu mottuna sem ég er byrjaður að safna fyrir marsmánuð. Fyrir suma er ekki ráð nema í tíma sé tekið.

**ÞAD** er kalt þessa dagana, þannig að undir kaskaítt batt ég Reykjavíkumaraþons-buffið sem ég fékk þegar ég safnaði áheimum og hljóp fyrir Hjartavernd í fyrra. Úr kveikjúlásnum héngu þrjár Neyðarkallar og SÁÁ-

álfurinn brosti til mín af mælaborðinu þegar ég ræsti bílinn. Og ég á móti.

**ÉG** var í NEI-ból í gær þannig að í dag varð þessi með myndinni af föstrinu frá styrktarfélaginu Lifi fyrir valinu. Þetta eru upphaldsbolirnir mínir – ég á þrjá af hvorum. Í jakkanum var rauð Kvennaathvarfstala sem kallaðist á við bleiku krabbameinsslaufuna hinum megin. Appelsínugulu olnbogabæturnar sem ég lét sauma á hann til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi voru í stíl við ADHD-endurskinsmerkið sem ég nældi undir ermina á sínum tíma (þótt svona glitrandi dinglumdangl geti reyndar verið mjög trúflandi fyrir athyglisbrostna menn eins og mig).

**UPP** úr brjóstvasanum stóð rauða spjaldið mitt gegn ofbeldi – ekki ósvipað hámoðins vasaklút. Ég setti á mig langveikraglossið frá Á allra vörum – það er prýðilegur varasalvi í frostinu – og hagræddi baksýnispeglinum á rauðu ljósi til hnyta á mig hvítfjólubláa blöðruhálsbindið. Ég sá að ég leit út eins og hálfviti. En það var að minnsta kosti í þágu góðs málstaðar.

Í rassvasanum fann ég fyrir smokkunum sem ég keypti í tilefninu af átakinu gegn kynsjúkdómum fyrir tveimur árum. Furðulegt að svona göfugur maður hafi ekki fengið tækifæri til að nota þá.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**  
ÓÐINGGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is  
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Mörkin**  
Verslunar- og lagerhúsnæði til sölu eða leigu

Til sölu- eða leigu 158,8 fm. verslunar- og lagerhúsnæði við Mörkina. Húsnæðið er vel staðsett við fjölfarna umferðaræð og skiptist í opið verslunarrými, afstúkaðan lager, snyrtingu og ræstiaðstöðu og lítið skrifstofueldhús. Húsnæðið er í góðu ásigkomulagi sem og sameign. Lóð frágengin með fjölda bílastæða.  
Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

**MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

**Tilnefning í Æskulýðsráð**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti leitar hér með eftir tilnefningum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka um fulltrúa í Æskulýðsráð 2013 til 2014 sbr. reglugerð nr. 1088/2007 umskipan fulltrúa í Æskulýðsráð. Tilnefna skal konu og karl til setu í Æskulýðsráði til tveggja ára. Í tilnefningunni skal koma fram vilji tilnefndra einstaklinga til að taka að sér setu í Æskulýðsráði. Með tilnefningu skal fylgja yfirlit yfir reynslu og þekkingu tilnefndra á starfi æskulýðsfélaga eða æskulýðssamtaka og yfirlýsing um að viðkomandi uppfylli ákvæði 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Tilnefningar þurfa að berast mennta- og menningarmálaráðuneyti Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, bréflega í síðasta lagi fimmtudaginn 20. desember 2012.

Vissir þú að...  
Foreldrum og keirvöldum ber að tryggja öryggi barna

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

**MYNDASÖGUR**

**PONDUS**

Ég er með andlit sem bara mamma elskar! Nú bíddu nú rólegur, Ronny!  
Nei.. ég verð að vera hreinskilin og segja að hann er eins ljátur og amma Grýlu!  
Þarna varstu nú aðeins of bjartsýnn, já! Haltu áfram...

Eftir Frode Øverli

**GELGJAN**

Gætu foreldrar mínir verið vitlausari?  
Þegar þú segir mér að láta þig í friði, þýðir það að þú viljir ræða málin?

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**HANDAN VIÐ HORNIÐ**

Það stendur: „Klulaki konungur leggur bölvun á hvern þann sem stígur fæti inn í þetta graffhýsi. Ef Klulaki hefur nú þegar lagt bölvun á þig þá skaltu virða þessa tilkynningu að vettugi...“

Eftir Tony Lopes

**BARNALÁN**

Hannes, í hvaða skóm ertu? Stígvélunum hans pabba. Það er kalahæðinn skódagur í dag.  
Áhugavert.  
Og ákvaðstu að vera í stígvélum því það er þurr og hlýtt úti?  
Nei...  
Ég valdi þau því ég veit ekki hvað kaldaheðni þýðir.

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# KRÓNAN



Tilboð gilda aðeins á Granda 7.-9. des.

30% afsláttur



Takmarkað magn!

3298 kr. kg

Verð áður ~~4998~~ kr. kg  
Ungnautalund, frosin, erlend

- komdu og gerðu frábær kaup!



PEPSI EÐA PEPSI MAX 4X2 L og flott jólahúfa í kaupbæti!



4x2 lítrar

Ein jólahúfa fylgir hverri kippu!

aðeins

696 kr. kippan

Pepsi eða Pepsi MAX, 4x2 l og ein jólahúfa

T

O

K

Y

O

sushi

20% afsláttur



Tokyo sushi hefur opnað í Krónunni Granda!

KRÓNAN Granda



OPID 10-20 ALLA DAGA!

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL OPNUM KL.IO NÝTT KORTATÍMABIL OPNUM KL.IO



**1398 KR.KG**  
FRÁ KJARNAFÆÐI  
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR



**698 KR.KG.**  
FRÁ KJARNAFÆÐI: REYKTUR GRÍSABÓGUR



**98 KR. 500 ML**



**1798 KR.KG** (HANGIFRAMP. ÚRB.)  
**2679 KR.KG** (HANGILÆRI ÚRB.)  
FRÁ KJARNAFÆÐI:  
KOFAREYKT URBEINAD HANGIKJÖT



**595 KR.PK**



**759 KR. 2.3 KG**

EUROSHOPPER FROSNAR  
**KJÚKLINGABRINGUR**



**1498 KR. 900 GR**



**2198 KR. KG**  
ÞÝSK FROSIN KALKÚNABRINGA



**298 KR.GL**  
BÓNUS FETI 250gr GLAS  
OSTUR OG ÓLÍFUR Í KRYDDOLÍU  
OSTUR Í KRYDDOLÍU

FERSKAR BÓNUS  
**KJÚKLINGABRINGUR**



**1998 KR. KG**



**2349 KR.KG.**



**1295 KR. KG**  
FERSKT NAUTGRIPAHAKK



**495 KR. 3 x 250 ml**  
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR 250ml 99% FITULAUS



**2349 KR.KG.**



**298 KR.FL**  
BÓNUS GRAFLAXSÓSA 350ML


**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

Hér færðu veltutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklöbbur



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL OPNUM KL.IO NÝTT KORTATÍMABIL OPNUM KL.IO



**298 KR.**  
BÓNUS HVÍTT SÚKKULAÐI 200 GR.

**279 KR.**  
GÓÐ KAUP SÚÐUSÚKKULAÐI 300 GR

**179 KR.**  
APPALÓ LAKKRÍSKURL 150gr



## Gjöfakort Bónus er tilvalin jólagjöf

Nú er hægt að fá gjöfakortið okkar í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar.

**GREIÐSLUMÖGULEIKAR**  
Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með simgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar eða á skrifstofuna

Skrifstofa Bónus:  
Opin alla virka daga  
frá kl. 9-16 Skútuvogi 13 sími 527-9000

**JÓLAPAPPÍR**  
ÁTTA METRA RÚLLUR  
**298 KR.RL**

**398 KR.**  
LÍFRÆNT SPELT HVEITI GRÖFT & FINT 1000gr

**459 KR.**  
LÍFRÆNT KAKÓ 200gr Tilvalið í allan bakstur

**298 KR.**  
BÓNUS GRÖFT KOKOSMJÖL 500gr

**HEIMA SMJÖRLÍKI 500gr 189 KR.**

**HEIMA FERSKAR DÖDLUR 600 GR NÝ UPPSKERA 498 KR.**

**EMMESS TIRAMISU ÍSBLÓM 4 stk. 259 KR.**

**Coke-kippa 6x1.5 ltr. og fjórar dósir Víking-Hátíðarblanda í kaupbæti 2998 KR.**

**NÓA KONFEKT 940gr GJAFAKASSI 2998 KR.**

**50 STK. TELJÓS BRUNATÍMI 4 KLST. 359 KR.PK**

**SPILASTOKKUR 198 KR.PK.**

**BÓNUS KONFEKT 700 GR. 998 KR.**

**NÓA KONFEKT ALLIR BESTU MOLARNIR 1598 KR. 650 GR.**



**FROSIN JARÐARBER 1.2 KG POKI 459 KR.**

**JÓLAKERTIN KOMIN RAUÐ OG HVÍT 12 X 6 SM 259 KR. STK**

**298 KR. KOOP LIMBAND 5 RULLUR**

## Strindberg í LHÍ

Nemendaleikhúsið frumsýnir í kvöld verk sem 3. árs nemar unnu upp úr tveimur verkum Strindbergs.

Nemendaleikhúsið frumsýnir í kvöld 20. aldar verkefni 3. árs leiklistarnema. Þau hafa fengið það vandasama verkefni að ganga inn í hugarheim sænska skáldsins Augusts Strindberg en í ár eru 100 ár frá því hann lést.

Fröken Júlía, eitt af vinsælustu verkum Strindbergs, og tragikómédían Leikið að eldi eru efni-vidur vinnustofu sem leiklistarnemar á 3. ári ásamt kennara sínum, Agli Heiðari Antoni Pálsyni, hafa valið til þess að færa

sig nær Strindberg og hans hugarheimi.

Nemendur á 3. ári á leikarabrotveturinn 2012-2013 eru Arnar Dan Kristjánsson, Arnundur Ernst Backman, Elma Stefania Ágústsdóttir, Hafdís Helga Helgadóttir, Hildur Berglind Arndal, Oddur Júlíusson, Salóme Rannveig Gunnarsdóttir, Thelma Marín Jónsdóttir, Þorleifur Einarsson, og Þór Birgisson. Leikmynd og lýsingu hannar Eva Signý Berger og Guðmundur Jörundsson sér um búninga.



HÓPURINN Nemendur á 3. ári á leikarabrot LHÍ.



HEILLADIST Pétur segist hafa heillast af limruforminu strax í æsku, ekki síst limrum Kristjáns Karlssonar.

FRETTLADID/ANTON

## Limran fær vængi á netinu

Pétur Blöndal hefur safnað saman limrum ýmissa höfunda og gefið út Limrubókina, sem ber undirtitilinn „snjöllustu, fyndnustu og furðulegustu limrurnar“. Hann segir mikla vakningu hafa orðið í hefðbundnum kveðskap, ekki síst á netinu.

Limran er kannski svolítið eins og skíðastökkpallur,“ segir Pétur Blöndal beðinn um að útskýra í örstuttu máli hvað limra sé. „Hún er fimm línur, fyrstu tvær línurnar eru langar og þess vegna hægar, svo koma tvær stuttar línur, sem ríma sér, og hradinn eykst og í fimmtu línu, sem rímar við fyrstu tvær, tekst limran á loft. Það má segja að í fimmtu línunni verði gjarnan uppbot eða jafnvel uppreisn gegn því sem á undan er komið og rökfestan hverfi. Gott dæmi um það er limra Kristjáns Karlssonar:

*Ég festi ekki blíðan blund fyrir bölvadri rökfestu um stund. Loks tókst mér að sofna, fann samhengið rofna og símastaur pissaði á hund.“*

Hvað veldur þessum áhuga þínum á þessu formi? „Ég hef verið hugfanginn af limrum frá barnæsku. Bæði var kveðskap haldið að mér af afa mínum og föður og eins kyntist ég snemma limrum Kristjáns Karlssonar, sem

### Hugsað og gleymt

*Ljúft er að láta sig dreyma og líða um heima og geima. En það er helvíti hart að hugsa svo margt að það hafist ekki undan að gleyma.*

Kristján Eldjárn

á marga strengi í sinni hörpu, og heilladist af þeim.“

Er þetta ekkert óvenjulegt áhugamál fyrir mann á þínum aldri? „Nei, nei, það hefur orðið mikil vakning í hefðbundnum kveðskap og alþýðukveðskap. Að hluta til má þakka það netinu og maður grunar þá sem fara fyrir hugmyndapróun þess um að vera sérstakir vinir ferskeytlunnar og limrunnar, því statusar á fésbók eru eins og sniðnir að þörfum hagröðinga, henta fjórlínu og fimm-línu forminu afar vel. Síðan er mjög algengt að limrur og annar slíkur kveðskapur fái vængi á netinu.“

Hvernig barstu þig að við söfnun efnis í bókina? „Ég hélt að

statusar á fésbók eru eins og sniðnir að þörfum hagröðinga

það yrði létt verk og löðurmannalegt. Ég á held ég allar limrubækur sem komið hafa út hér á landi og skammtaði mér nauman tíma til að gera þetta. Síðan komst ég fljótlega að því að limran hafði farið mun víðar en mig óraði fyrir og það fór svo að ég fór í gegnum Tímarit.is og þau gagnasöfn sem ég komst í. Auk þess hringdi ég í ófáa hagröðinga og menn sem ég heyrði að hefðu sett saman limrur, safnaði þessu öllu saman og setti í bók.“

Dú yrkir sjálfur en átt enga limru í bókinni, eignum við von á frumsömdu limrusafni í framhaldinu? „Ég mun einhvern tíma safna í frumsamda limrubók, en ég þori ekki að lofa neinu um tíma-setningu. Það er hins vegar alveg ljóst að ég mun fylgja þessari limrubók eftir með einhverjum hætti.“

fridrikab@frettladid.is

### JÓLADAGATAL NORRÆNA HÚSSINS



Gallerí Fold 1992-2012

## Uppboð á listaverkasafni



sunnudaginn 9. desember kl. 16 og mánudaginn 10. desember kl. 18

Sérstakt uppboð á listaverkum úr búi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis verður haldið í Gallerí Fold.

### Silfur- og speglauppboð

1. – 12. desember

### Myndlistaruppboð

8. – 17. desember

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is



Gunnlaugur Scheving

Verkin verða sýnd í dag miðvikudag til föstudags 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–15 og mánudag 10–17.

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is



## Ljúfir tónar

TÓNLIST ★★★★★

### Hylur

Agnar Már Magnússon  
DIMMA



Hylur er nafnið á geisladiski með djasspíanóleikaranum Agnari Má Magnússyni. Þar er að finna spunaverk eftir Agnar, nokkuð sem er frekar sjaldgæft hérlendis.

Agnar er mikið á lágu nótonum, ef svo má að orði komast. Það er yfirleitt ekki nein sérstök dramatísk breidd í tónlistinni, engin spenna, ekkert sem beinlínis grípur mann. Varla hefur það heldur verið tilgangurinn. Tónlistin á að vera lágstemmd, sem slík fellur hún ágætlega í bakgrunninn. Það er oftast þægilegt að hafa hana á fóninum. Þeir sem vilja kröftug tilþrif og tilfinningaþrungna atburðarás, ættu hins vegar að leita eitthvert annað.

Lagið Dýpi myndar þó skemmtilegt mótvægi við allt hitt. Það er frekar dimmt og í því er nett ógnandi undiralda. Ég er ekki frá því að það sé flottasta lagið.

Diskurinn er hljóðritaður í Vonarsal SÁÁ. Mig minnir að flygillinn þar sé af gerðinni Bösendorfer. Slík hljóðfæri hafa ekki sama glansinn og Steinway. Þetta kemur aðeins að sök. Laglínurnar verða ekki eins glitrandi; hljómurinn er almennt dálítið mattur.

Í það heila er þetta fallegur geisladiskur með ljúfri tónlist. Hún kemur aldrei beinlínis á óvart, en er fagmannlega gerð og vel framsett.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Þægilegur, vandaður en fremur tilþrifalíill geisladiskur.

„... rosalega magnað illmenni ...  
bók sem rígheldur og maður  
verður skelfingu lostinn ...“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Spennutryllir ... mikið testósterón!“

EGILL HELGASON / KILJAN

„... ég féll bara fyrir þessu ...“

SIGURÐUR G. VALGEIRSSON / KILJAN

„... vel fléttuð saga, flottur glæpon og enn  
flottari lögga gera Húsið að einni bestu  
íslensku glæpasögu þessa árs.“

FRÍÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

# STEFÁN MÁNI HÚSIÐ



Taugatrekkjandi sálfræðitryllir  
frá höfundi **Svartur á leik**.

**Húsið** er ekki fyrir viðkvæma  
- segðu bless við svefninn!

# 25 ára afmæli laugardaginn 8. desember

## Dagskrá

### Kl. 10:30 Morgunganga til móts við nýja dögun.

Lagt af stað frá Nauthól í Nauthólsvík. Gengið um Fossvogskirkjugarð og duftgarðinn Sólland. Skógarkaffi og kleinur í lok göngu.


### Kl. 15:00 Samvera í Háteigskirkju.

Ávörp flytja Halldór Reynisson formaður samtakanna, Olga Snorradóttir kennari og Bragi Skúlason sjúkrátturprestur. Matthías Jóhannessen skáld les úr ljóðabók sinni Söknuður. Tónlistarflutningur í höndum Ernu Blöndal, Gunnars Gunnarssonar, Ellenar Kristjánsdóttur og Eyþórs Gunnarssonar. Kaffiveitingar í safnaðarheimili Háteigskirkju að lokinni afmælisdagskrá.

Allir hjartanlega velkomnir.



www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is



Á SÝNINGUNNI „Fyrsta myndbandið sýnir hendur vera að fitla við járnhringi, lyfta þeim, færa þá til á streng, þannig að þeir slást saman, í hægagangi,“ segir í dómmum.

## Prýst á skynfærin

MYNDLIST ★★★★★

### Fjarlægð

Sigurður Guðjónsson  
GALLERÍ KLING OG BANG

Sýning Sigurðar Guðjónssonar í Kling og Bang er ágeng og grípandi þó hún sé ekki endilega frek á athygli manns. Hún er ágeng í hægflara dulúðleika sínum þar sem áhrifin síast inn eftir því sem maður staldrar lengur við hvert myndband sýningarinnar.

Gengið er inn í stóran hvítmáláðan sal þar sem fjögur ólík myndbönd eru sýnd á veggjum salarins. Verkin fjögur mynda eitt heildstætt verk sem listamaðurinn kallar Fjarlægð.

Eftir því sem maður dvelur lengur inni í sýningunni fara manni að verða ljósir helstu eiginleikar einstakra myndbanda. Maður tekur fljótt eftir grunnformunum sem listamaðurinn leikur sér með; í einu myndbandi eru það t.d. hringir og í öðru ferhyrningar. Með öllum myndböndunum er hljóð, sem myndar síðan varfærið tónverk inni í salnum – tónverk sem þó getur ekki án myndanna verið.

Við skoðun sýningarinnar verður manni hugsað til kontrabassaleikara að styðja fingri á streng, fiðulleikara að renna fiðluboga eftir hljóðfæri eða ásláttarleikara að lemja saman kubbum.

Þetta er þó ekki það sem myndböndin sýna. Fyrsta myndbandið sýnir hendur vera að fitla við járnhringi, lyfta þeim, færa þá til á streng, þannig að þeir slást saman, í hægagangi. Í næsta myndbandi eru það staflar af steinflísum sem standa á óstöðugum grunni,

→ Verk hans eru eins og fylliefni sem vekja hjá manni einhvern notalegan óróa, enda gefa þau í skyn frásögn sem aldrei verður.

sem slást saman í hægagangi, eins og bátur upp við bryggju. Í þriðja myndbandinu eru stálvírar á ferð, upp og niður jarðgöng. Fjórða myndbandið er af sandfoki á Skeiðarársandi.

Ef maður ætti að velja einhver orð til að lýsa verkum Sigurðar hér, og einnig verki sem hann sýndi í Hafnarborg fyrr á árinu, Prelude, þá er það einhvers konar þrýstingur, pressa og þéttleiki. Verk hans eru eins og fylliefni sem vekja hjá manni einhvern nota-

legan óróa, enda gefa þau í skyn frásögn sem aldrei verður.

Í sýningarskrá segir að Sigurður kanni í sýningunni grunnform skynjunar, og fylli skynsviðið. Þetta tekst honum sem sagt vel, og hvert skynfæri fær þó nokkuð fyrir sinn snúð. Sjónrænt leika verkin við augun, hljóðið leikur við eyrun og maður fær ríka tilfinningu fyrir snertingu, en snerting er líklega eitt sterkasta elementíð í verkunum, þó svo snerting sé sú af þessum skynjunum sem er fyrir

sýningargestinn að mestu óeiginleg, skynræn og yfirfærð.

Eg hefði kosið að hafa sýninguna betur myrkvaða, lokað fram í afgreiðslu til dæmis. Það hefði hjálpað til við þjappa myndböndunum saman í þá heild sem talað er um í sýningarskrá. Þóroddur Bjarnason

**NIÐURSTAÐA:** Áhrifarík myndbandsverk Sigurðar tala til skynfæranna, hvert út af fyrir sig. Meiri myndkun hefði þjappað verkunum meira saman í heildræna upplifun.

## Víst skal höggva

BÆKUR ★★★★★

### Vígroði

Víst skal höggva  
MÁL OG MENNING

Vígroði Vilborgar Davíðsdóttur er beint framhald Auðar sem út kom fyrir þremur árum, vakti mikla hrifningu og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Þar var sögð saga Auðar djúpúðgu sem ungrar stúlku í föðurhúsum, fjallað um kristnitöku hennar, giftingu hennar og Ólafs hvíta, fæðingu Þorsteins sonar hennar og slit hjónabandsins. Í Vígroða er þráðurinn tekinn upp tólf árum síðar þegar Þorsteinn, sem hefur viðurnefnið Rauður, er orðinn tólf vetra og farinn að nálgast það að teljast í fullorðinna manna tölu, óþreyjufullur að losna undan pilsfaldi móður sinnar.

Enn er ófriður í algleymingi á norðanverðum Bretlandseyjum, jarlar og kóngar berjast um yfirráð yfir landi og limum og ber þar mest á Sigurði Orkneyjarli



og Ólafi hvíta Dyflinnarkonungi. Hér bregður einnig fyrir þekktum persónum úr Íslandssögunni, til að mynda Ingólfi Arnarsyni og Leifi bróður hans auk þeirra Þórunnar hynru, Helga magra og fleiri. Eins og nafn bókarinnar ber með sér er mikið um bardaga, bæði milli fylkinga og einstaklinga, og þótt Auður kjósi ekkert frekar en að standa utan

við átökin dregst hún inn í þau nauðug viljug og þá um leið Þorsteinn sonur hennar, sem sagnað hefur föður síns frá því hann man eftir sér. Ófriður og róstur eru í forgrunni en minna fer fyrir persónusögu Auðar sjálfar, sem undirrituð saknar að fá ekki að vita meira um. Langir kaflar fjalla um liðsafað og bardaga en uppgjör, hefndir og harmsögur leika einnig stórt hlutverk og þá ekki síst saga Þorbjargar Höskuldsdóttur, sem Auður hefur skotið skjólshúsi yfir án þess að þekkja dapurlega forstögu hennar.

Sjónarhorn sögunnar skiptist á milli nokkurra einstaklinga og

er það í senn veikleiki hennar og styrkur. Með því móti vindur söguþræðinum lítt fram og þegar ofan á bætist ástríða þjóðfræðingsins Vilborgar fyrir klæðnaði, lifnaðarháttum og umhverfi fólks á norðanverðum Bretlandseyjum á þessum tíma verður sagan ansi langdregin og lesandinn hundsvækkur þegar í ljós kemur að engir hnútar hafa verið leystir við lok hennar. Vígroði er greinilega millikafli í þrileik og stendur ekki einn og sér en er vissulega nauðsynlegt þúsl í sögu Auðar og aðdraganda þess að hún fluttist búferlum til Íslands.

Bókin er afskaplega vel unnin og liggja augljóslega miklar rannsóknir og mikil vinna að baki. Vel skrifuð og fallega sögð en nær ekki að byggja upp spennu og nær því ekki þeim slagkrafti sem þarf til að hrífa lesandann með sér.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Vandlega unnin og vel skrifuð saga um aðdraganda þess að Auður djúpúðga nam land á Íslandi en geldur þess að vera millikafli sögunnar og stendur illa ein og sér.



New York Times  
Met-sölibók

„Frábær bók til að lesa með börnunum.“

fyrir  
7-12  
ára

## Ævintýri eins og þau gerast best

Dagný og Sabrína Grimm eru afkomendur hinna frægu Grimmsbræðra. Margverðlaunaðar sögur þar sem kunnugleg ævintýri birtast í nýju ljósi.

Voríð 2012  
hlaut Bókabeitan  
Vorvinda IBBY fyrir framlag sitt til barnamenningar

Sérlegir sérfræðingar í barna- og unglingabókum

B  
BÓKABEITAN

SAFT

RÆDDU UM ÞÁ  
ÁHÆTTU SEM FYLGIR  
ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN

Heimill og skóli  
www.saft.is

**HVAÐ?  
HVENÆR?  
HVAR?**

**FÖSTUDAGUR 07. DESEMBER**

**Sýningar**

**19.00** Sýning Bjarkar Guðnadóttur, Snert, opnar í Slippnum hárgreiðslu-stofu, Skólavörðustíg 25a.

**Upplstur**



**12.10** Yrsa Sigurðardóttir og Ingibjörg Reynisdóttir lesa úr bókum sínum í húsnæði Ráðgjafarþjónustu Krabba-meinsfélagsins að Skógarhlíð 8. Boðið verður upp á te, kaffi og brauð.

**17.00** Ritlistahópur Kópavogs efnir til upplesturs á kaffi Retro, Hamraborg 3. Sex höfundar lesa úr verkum sínum.

**Kvikmyndir**

**15.00** Heimildarmyndin John Lennon/ Plastic Ono Band verður sýnd í Kamesi Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15. Myndin fjallar um gerð samnefndrar plötu sem var fyrsta raunverulega sólóplata Lennons.

**Uppákomur**

**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladaatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

**Tónlist**

**22.00** Dúkkulísurnar halda 30 ára afmælistónleika á Græna Hattinum, Akureyri. Góðir gestir koma einnig fram á tónleikunum. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir, ásamt hljómsveit Óskars og Ífe Tolentónu, halda tónleika á Blúskjallararum Neskaupsstað.

**23.00** Hljómsveit Hússeins leikur á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



**Leiðsögn**



**12.00** Boðið verður upp á leiðsögn um sýningu Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur, Lauslega farið með staðreyndir – sumt negl og annað saumað fast, og sýningu Puríðar Rósar Sigurþórsdóttur, Hínúmegin. Báðar sýningar standa nú yfir í Hafnarborg og er aðgangur ókeypis.

**12.00** Árdís Olgeirsdóttir fræðslufulltrúi sér um leiðsögn um sýninguna Fimm áratugir í grafískri hönnun í Hönnunarsafni Íslands. Þar má sjá verk grafíska hönnuðarins Gísla B. Björnssonar.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



**SAMÍSK HÖNNUN**  
Eftir að hafa flakkað um Norður-Noregi er sýningin nú komin á ferðalag um norðurlöndin.

**Samísk listasýning**

Opnuð í Norræna húsinu í dag

Gierdu nefnist samísk listasýning sem opnuð var í Norræna húsinu í gær. Dag Wernø Holter, norskri sendiherrann á Íslandi, opnaði sýninguna við hátiðlega athöfn.

Nafn sýningarinnar má þýða sem samhengi eða hring sem er einnig miðlægt tákni í samískri menningu. Gierdu-hreyfingar í samíska listahéminum vísa til kraftsins og fjölbreytninnar í þessari list.

Gierdu var sýnd á sextán

stöðum í Norður-Noregi á árunum 2009 til 2011 og er nú á ferðalagi á norðurlöndum 2012-2013: um Rússland, Svíþjóð, Finnland og Ísland.

Á sýningunni eru verk frá RiddoDuottarMuseat-safninu í Karasjok í Noregi. Samkvæmt tilkynningu frá Norræna húsinu á safnið eitt af áhugaverðustu söfnunum af samískri samtímalist á Norðurlöndunum.

Sýningin verður opin til 6. janúar.

**ST. DALFOUR**  
FRANCE

**Lífænar sósur**

Karamellusósa    Bláberjasósa    Jarðarberjasósa    Súkkulaði- og hindberjasósa    Kaffisúkkulaðisósa    Súkkulaðisósa

Minna en 1% fita - Glútenfrítt - Lágur blóðsykurstuðull


St. Dalfour lífænu sósur eru sérstaklega ljúffengar. Engin rotvarnarefni, eiturefni eða önnur skaðleg efni eru notuð við framleiðslu á St Dalfour sósunum. Sósurar eru heilnæmar og næringarríkar. Umbúðirnar eru gerðar úr umhverfisvænu plasti sem eru auðveldar í notkun. Tilvalið að bera fram með desertum, ávöxtum, kökum, ís eða setja smá dreitil í kaffið.

# ALLAR NÝJUSTU BÆKURNAR Á BETRA VERÐI

**NÝTT  
VISATÍMABIL**




**3.999**



**30%  
afsláttur**

**4.540 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-6.499 KR.



**30%  
afsláttur**

**2.790 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-3.999 KR.



**30%  
afsláttur**

**3.480 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-4.979 KR.



**30%  
afsláttur**

**3.480 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-4.980 KR.



**30%  
afsláttur**

**3.490 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-4.990 KR.




**30%  
afsláttur**

**3.490 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-4.999 KR.



**4.030**



**30%  
afsláttur**

**5.230 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-7.480 KR.



**30%  
afsláttur**

**1.390 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-1.995 KR.



**30%  
afsláttur**

**2.080 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-2.980 KR.



**32%  
afsláttur**

**1.980 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-2.880 KR.



**30%  
afsláttur**

**2.790 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-3.999 KR.



**30%  
afsláttur**

**2.440 KR.**  
UPPHAFLEGT VERÐ  
-3.499 KR.

**24** Hagkaup  
**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan  
& Eiðistorg  
OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

Gildir 7. - 9. desember.

# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar


EINFALT AÐ SKILA OG SKIPTA!

ALLIR TITLAR FÁST Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG SKEIFUNNI, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM




30% afsláttur

9.790 KR.  
UPPHAFLEGT VERÐ  
13.999 KR.



11.990




30% afsláttur

4.190 KR.  
UPPHAFLEGT VERÐ  
5.990 KR.



3.840

LAUGARDAGINN 8. DES.  
KRINGLUNNI KL. 14:00  
KYNIR THEODÓRA MJÖLL  
BÓKINA HÁRIÐ OG Í  
SMÁRALIND KL. 16:00  
SAMA DAG




30% afsláttur

4.540 KR.  
UPPHAFLEGT VERÐ  
6.499 KR.



30% afsláttur

3.490 KR.  
UPPHAFLEGT VERÐ  
4.999 KR.



4.390



30% afsláttur

2.790 KR.  
UPPHAFLEGT VERÐ  
3.999 KR.



30% afsláttur

4.190 KR.  
UPPHAFLEGT VERÐ  
5.990 KR.




30% afsláttur

3.490 KR.  
UPPHAFLEGT VERÐ  
4.999 KR.



32% afsláttur

2.020 KR.  
UPPHAFLEGT VERÐ  
2.980 KR.



32% afsláttur

2.700 KR.  
UPPHAFLEGT VERÐ  
3.980 KR.



30% afsláttur

5.590 KR.  
UPPHAFLEGT VERÐ  
7.999 KR.



30% afsláttur

6.290 KR.  
UPPHAFLEGT VERÐ  
8.999 KR.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

# Rómantík í kastala

Ný haustlína Chanel var sýnd í kastala í Skotlandi í byrjun vikunnar. Línan gengur undir nafninu Métiers d'Art og á að sýna handbragð Chanel gegnum tíðina. Á tiskupallinum mátti sjá köflótt munstur, síðar kápur, uppreimaða skó og stórar slaufur um hálsinn og það var svo ofurfyrirsætan Stella Tennant sem lokaði sýningunni ásamt Karl Lagerfeld.



**FEDGAR** Fyrirsætan Brad Kroenig gekk eftir pallinum með syni sínum.



**HVÍTT** Fallegur brúðarkjöll.



**KÖFLÓTT**  
Pokabuxur og alpahúfur

**HRESSANDI**  
Fyrirsæta ársins í Bretlandi, Cara Delvigne.

**RAUÐ KÁPA**  
Haustlegur klæðnaður.

**SÍÐUR TREFILL**  
Grátt og rautt.

**LITADÝRÐ** Munstur og margir litir.



**HÖNNUÐURINN OG FYRIRSÆTAN** Stella Tennant og Karl Lagerfeld í lok sýningarinnar.

NORDICPHOTOS/GETTY



**HRESS HÓPUR** Hinsegin kórinn er óhræddur við að vera öðruvísi og á til að setja konur í karlmannsraddir og öfugt ef það passar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hommar, lesbíur og hinsegin jólatónleikar

Kórinn leggur sig fram við að vera skemmtilegur og öðruvísi og setur oft hinsegin brag á lögin. Engum er mismunað sökum kynhneigðar.

„Við viljum leggja áherslu á að við séum hinsegin kór með því að gera hluti hinsegin. Til dæmis tókum við gömul lög og snúum aðeins út úr þeim, setjum hinsegin tvist á þau,“ segir Auður Emilsdóttir, ritari í stjórn Hinsegin kórsins.

Hinsegin kórinn heldur sína fyrstu jólatónleika í Iðnó þann 13. desember næstkomandi og er kórinn nú í miklum ham við undirbúning. „Okkar tónleikar eru öðruvísi en aðrir því við leggjum enga ofuráherslu á jólalög og erum ekki heldur með þessa klassisku kórátónlist. Jólalögin eru auðvitað með í dagskránni á þessum tónleikum, en við syngjum líka popptónlist og

dægurlög í bland. Í raun tókum við bara tónlistina sem er í uppáhaldi hjá okkur,“ segir Auður.

Kórinn hefur verið starfræktur í eitt og hálf ár og hefur á þeim tíma komið fram við ýmis tækifæri, þar á meðal á opunarhátt Hinsegin daga í Háskólabíói í haust. Í kórnum eru 35 karlar og konur á öllum aldri og af öllum kynhneigðum. „Við mismunum engum sökum kynhneigðar,“ segir Auður og hlær en kórinn er hagsmunafélag í Samtökunum 78. „Við fáum að æfa í húsnæðinu hjá Samtökunum og erum með í alls konar ákvarðanatökum en erum þó ekki hluti af samtökunum,“ bætir hún

“Í raun tókum við bara tónlistina sem er í uppáhaldi hjá okkur.”

Auður Emilsdóttir

við. Auður segir að auk þess að vera rosalega góður leggi kórinn sig fram við að vera skemmtilegur og öðruvísi. „Til dæmis veigrum við okkur ekki við því að hafa konur í karlaröddum og öfugt ef okkur þykir slíkt henta. Við erum galopin fyrir öllum slíkum breytingum,“ segir hún.

tinnaros@frettabladid.is

## Gjafabréf Heimsferða er tilvalin gjöf fyrir þá sem „eiga allt“

Gefðu hlýju og samveru um jólin!

Heimsferðir bjóða nú sérstakt jólatilboð! Keyptu gjafabréf fyrir 5.000 kr. en andvirði þess verður 7.000 kr.! Eða keyptu gjafabréf fyrir 10.000 kr. og andvirði þess verður 15.000 kr.! Athugið að tilboðið gildir einungis fyrir upphæðirnar sem eru tilteknaðar hér að ofan og einungis er hægt að nota eitt gjafabréf á mann í bókun. Gjafabréfið gildir einungis á nýjar bókanir.

Nánar á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is) og í síma 595 1000.



**Í VANDA** Lindsay Lohan er í fjárhagsvandráðum. Hún skuldar töluverðar fjárhæðir í skatt.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Skuldar skattinum

Lindsay Lohan glímir við mikinn fjárhagsvanda.

Vandræði Lindsay Lohan virðast engan endi ætla að taka því skatturinn hefur nú fryst bankainnstaður leikkonunnar vegna vanskila. Tmz.com sagði frá þessu fyrir skemmstu.

Ríkisskatturinn Bandaríkjanna rannsakaði fjármál Lohan allt til ársins 2009 og komst að því að hún skuldar 29,4 milljónir króna í skatt

fyrir árin 2009 og 2010. Leikkonan mun einnig skulda töluverða fjárhæð fyrir síðasta ár. Leikarinn Charlie Sheen rétti Lohan hjálparhönd og gaf henni tæpar 12,6 milljónir króna upp í skuldina. Sú upphæð dugði þó ekki til og því voru bankainnstaður Lohan frystar þar til hún hefur greitt skuld sína til fullnustu.



# „Dægilega skemmtileg bók.“

EGILL HELGASON / KILJAN

„Ég skemmti mér konunglega við að lesa þessa bók, það færðist bara breitt bros yfir andlitið! ... Maður hlær oft upphátt, hann er mjög fyndinn ...  
**Stórskemmtileg bók.**“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Bókin er vel skrifuð, Tangavík athyglisvert sögusvið og persónurnar áhugaverðar.

Menn geta hins vegar hnakkrist um það hvort brugðið sé upp réttri mynd af íslensku samfélagi. Til eilífðarnóns ef ofstækið er nógu mikið.“

BOGI ÞÓR ARASON / MORGUNBLAÐIÐ



Knudsenarnir eru skrautleg ætt sem hefur ríkt í Tangavík frá ómunatíð.

Drepfyndin skáldsaga um íslenska kóniga af öllum stærðum og gerðum.



## Vottar Jackson virðingu sína



**VOTTAR VIRÐINGU** Lady Gaga keypti hluti sem voru í eigu Michaels Jackson á uppboði. NORDICPHOTOS/GETTY

Uppboð á búningum Michaels Jackson fór fram í Beverly Hills á sunnudag. Söngkonan Lady Gaga keypti fimmtíu og fimm hluti á uppboðinu.

Ekki er vitað hvaða hluti Lady Gaga keypti en hún tjáði sig um kaupin á Twitter-síðu sinni. „Hlutirnir sem ég keypti verða skrásettir og varðveittir sem virðingavottur við Michael Jackson, hugrekki hans og aðáendur hans um allan heim,“ ritaði söngkonan. Um 626 milljónir króna söfnuðust á uppboðinu og mun hluti þeirrar upphæðar renna til góðgerðarmála.



**SIRKUSATRIÐI** Þessir tveir létu ljós sitt skína á sviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ÞJÓÐSAGA LIFNAR VIÐ

Á ískaldri heiðinni bíða átök við öfl náttúru og myrkurs.

Áhrifamikil saga um grimmileg örlög, hindurvitni og hjátrú.



ee

„Frábær bók!“

Margrét Gústavsdóttir / pjatt.is

„... haganlega smíðað,  
vandað og vel á haldið...“

Úlfhildur Dagsdóttir / bokmenntir.is

ee



VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

## Gleði og glaumur á herrafatasýningu

Hin árlega herrafatasýning Kormáks og Skjaldar fór fram með pomp og prakt í Þjóðleikhúskjallaranum á miðvikudagskvöldið. Glæsímenni sýndu nýjasta nýtt í herratískunni og gáfu áhorfendum hugmyndir um hverju skal klæðast yfir hátíðarnar. Skemmtiatriðin létu heldur ekki á sér standa en meðal annars tróðu þeir Unnsteinn og Þórður úr Retro Stefson upp við góðar undirtektir en sá hinn síðarnefni er starfsmaður herrafataverslunarinnar.



**BROSMILD** Ásrún Magnúsdóttir og Atli Bollason.



**FLOTT** Unnur Elísabet og Gunnar.



**VINKONUR** Anna Finnbogadóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir og Steinunn Hrólfsdóttir.



**GAMAN** Kristján Eldjárn og Stefán Finnbogason.



**BROSANDI** Marta og Járngerður.



**SKEMMTU SÉR** Gotti og Guðmundur.

# Fangaðu jólastemninguna með jólatertum Myllunnar

Jólatertur Myllunnar eru komnar í næstu verslun.

*Jólatertur Myllunnar eru nauðsynlegar á aðventunni. Þrjár íslenskar bragðgóðar Myllu-jólatertur, allar bakaðar eftir gamalli uppskrift: Ilmandi brún jólaterta með hefðbundnu smjörkremi, randalína með ljúffengu sveskjumauki og brún jólaterta með sultu og smjörkremi.*

*Fáðu þér í eina, tvær, þrjár eða sex í dag*

Jólatertur Myllunnar eru ein af jólahefðunum. Þær fást í þremur gerðum sem eru hver annarri ljúffengari. Náðu þér í eina, tvær eða fimm. Fullkomlega sigildar og ávallt til staðar um jólin. Þær eru með einstöku kryddbragði og bakaðar eftir gamalli uppskrift.

*Prófaðu allar gerðirnar og finndu hvernig hátíðarstemningin hellist yfir þig og þína.*

Skoðaðu [myllan.is](http://myllan.is). Fylgstu með á [facebook.com/Myllubraud](https://facebook.com/Myllubraud).

*Jólaterturnar eru komnar í verslanir*



# netto

Kræsingar & kostakjör

Um jólin!



HAMBORGARHRYGGUR

~~VERÐ ÁÐUR 1.989 KR/KG~~

-35%

**1.293** KR/KG

## UNDIRBÚUM JÓLIN SNEMMA Í ÁR



**1.393** KR/KG

HVÍTLAUKSKRYDDAÐ  
LAMBALÆRI

~~VERÐ ÁÐUR 1.498 KR/KG~~



KRYDDAÐ LAMBALÆRI

~~VERÐ ÁÐUR 1.498 KR/KG~~



-40%

HUMAR  
SKELFLETTUR 500 G  
~~VERÐ ÁÐUR 2.996 KR/PK~~

**1.799** KR/PK



**2.999** KR/PK

HUMAR  
SKELFLETTUR 1 KG  
~~VERÐ ÁÐUR 4.996 KR/PK~~



BASSETS  
DÓS 800 G

**1.349** KR/STK

ROSES EÐA HEROES  
DÓS 800 G

**1.989** KR/STK

CELEBRATIONS  
DÓS 855 G

**2.489** KR/STK

QUALITY STREET  
DÓS 820 G

**1.899** KR/STK

JÓLAPAPPÍR  
MIKIÐ ÚRVAL



[www.netto.is](http://www.netto.is)

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



HANGILÆRI  
Á BEINI

~~VERÐ ÁÐUR 2.498 KR/KG~~

**1.749** KR  
KG

ÁVALLT HÁTÍÐLEGT!



**-30%**

**JÓLAHÚS NETTÓ**

AKUREYRI | NJARÐVÍK  
MJÓDD | BORGARNESI  
EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI

OPIÐ 7. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá  
sérfræðingi okkar varðandi  
jólasteikina og hangikjötið

KJÚKLINGUR  
FROSINN

~~VERÐ ÁÐUR 855 KR/KG~~

**727** KR  
KG



**-50%**

ANANAS  
FERSKUR  
VERÐ ÁÐUR  
249 KR/KG

**125** KR  
KG



Ópalsjávarfang



GRAFINN EÐA  
REYKTUR LAX  
1/2 FLAK

~~VERÐ ÁÐUR 2.498 KR/KG~~

**1.998** KR  
KG



GLOCKEN SAFAR  
1 L 100% PREMIUM

**178** KR  
STK



JÓLASVEINAR  
VELKOMNIR

JÓAKIM SPIL  
VERÐ ÁÐUR  
5.998 KR/STK

**4.990** KR  
STK



ÚRVAL Í SKÓINN

**Tilboðin gilda 6. - 9. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Fín fyrir fastagestina


★★★★

## Dans á rósum

Dans á rósum  
EIGN ÚTGÁFA

Dans á rósum er ballhljómsveit sem hefur verið starfrækt í Vestmannaeyjum síðan 1993. Mannaskipanin hefur tekið nokkrum breytingum, en strákarnir hafa verið duglegir að spila öll þessi ár, á sveitaböllum, árshátíðum, barnaskemmtunum og unglingsböllum. Þeir hafa líka tekið upp lög af og til og þeim hefur verið safnað saman á fyrstu plötu sveitarinnar.

Á plötu Dans á rósum, sem er



samnefnd sveitinni, eru fjórtán lög tekin upp á árunum 2000–2012. Þetta eru mest gamlir slagarar, lög sem voru vinsæl á árum áður.

Þarna eru til dæmis Jamaica sem Villi Vill söng, Dansað á dekki sem hljómsveitin Fjörefni flutti, Grásleppu-Gvendur Steina spil og Nú er gaman og María draumadís sem Deildarbungubræður gerðu vinsæl á áttunda áratugnum. Dans á rósum kemst ágætlega frá flutningnum, en bætir ekki miklu við fyrri útgáfur þessara laga.

Þetta er plata sem reikna má með að fastagestir á dansleikjum með sveitinni taki fagnandi. Hljómsveitin nýtur sín líka án efa best á balli. Platan hefur minna gildi fyrir okkur hin...  
Trausti Júlíusson

**NIÐURSTAÐA:** Ballhljómsveit rifjar upp gamla slagara.

# Kutcher nauðalíkur Jobs

Mynd um ævi Steve Jobs frumsýnd á Sundance

Kvikmyndin Jobs, sem byggð er á ævi Steve Jobs, stofnanda Apple, verður frumsýnd á Sundance-hátíðinni í janúar. Það er leikarinn Ashton Kutcher sem fer með hlutverk Jobs en nú hafa nokkrar myndir af leikaranum í hlutverkinu birst á netinu og þykir hann sláandi líkur Jobs.

Í apríl á þessu ári kom í ljós að Kutcher færi með hlutverk Jobs en hann kveðst alltaf hafa verið mikill aðdáandi Apple-stofnandans sem lést eftir langa baráttu við krabbamein í fyrra. Í myndinni er farið yfir lífshlaup Jobs sem fór frá því að vera hippí í Kaliforníu yfir í stofnanda eins þekktasta tölvufyrirtækis í heiminum.

Margir settu spurningarmerki við ráðningu Kutchers í hlutverkið en leikarinn hefur verið frekar þekktur fyrir gamanleik. Það eru því margir sem bíða spennir eftir að sjá Kutcher pluma sig í hlutverki Jobs. Ævi Jobs hefur áður verið fest á filmu í sjónvarpsmyndinni Silicon Valley frá árinu 1999. Þá fór Noah Wyle með aðalhlutverkið.



**LÍKUR** Ashton Kutcher þurfti enga hárkollu til að passa inn í hlutverk Steves Jobs.  
NORDICPHOTOS/GETTY

# Hanna sérstaka lyfjapoka

Mary-Kate og Ashley Olsen hafa tekið höndum saman við listamanninn Damien Hirst og munu hanna nokkuð einstaka bakpoka í takmörkuðu upplagi.

Olsen-systurnar eiga saman tískumerkið The Row og verða töskurnar seldar undir því nafni. Samkvæmt frétt Gossipcop.com verða aðeins tólf bakpokar fram-

leiddir og kostar hvert stykki 6.883.800 krónur.

Ekki er um venjulega bakpoka að ræða því þeir verða þaktir lyf-seðilsskyldum lyfjum. Hluti ágóðans mun þó renna til UNICEF.

**UNDARLEG HÖNNUN** Olsen-systur framleiða nokkuð sérstaka bakpoka.  
NORDICPHOTOS/GETTY



**SAMBIO.is**

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
RISE OF THE GUARDIANS KL. 3:40 - 5:50	RISE OF THE GUARDIANS KL. 5:30
RISE OF THE GUARDIANS KL. 3:40 - 5:50	RISE OF THE GUARDIANS KL. 5:50
PLAYING FOR KEEPS KL. 5:50 - 8 - 10:20	ALEX CROSS KL. 8 - 10:20
PLAYING FOR KEEPS KL. 3:40 - 8	TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 5:30 - 8
CHRISTMAS VACATION KL. 5:50 - 8	HERE COMES BOOM KL. 8 - 10:30
ALEX CROSS KL. 8 - 10:20	ARGO KL. 8 - 10:30
ALEX CROSS VIP KL. 5:50 - 10:20	CLOUD ATLAS KL. 10:10
POSSESSION KL. 10:20	WRECK-IT RALPH KL. 5:40
TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 KL. 8 - 10:30	RISE OF THE GUARDIANS KL. 3:40 - 5:50
WRECK-IT RALPH KL. 3:40 - 5:50	RISE OF THE GUARDIANS KL. 3:40 - 5:50
WRECK-IT RALPH KL. 8 - 10:30	RISE OF THE GUARDIANS KL. 8
ARGO KL. 8 - 10:30	PLAYING FOR KEEPS KL. 5:50 - 8 - 10:20
HOPE SPRINGS KL. 3:40	ALEX CROSS KL. 11
RISE OF THE GUARDIANS KL. 6	POSSESSION KL. 11
RISE OF THE GUARDIANS KL. 8	WRECK-IT RALPH KL. 3:40
CHRISTMAS VACATION KL. 6 - 8	SKYFALL KL. 5:10 - 8 - 10:10
THE POSSESSION KL. 8 - 10:20	RISE OF THE GUARDIANS KL. 5:50
TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 KL. 8	PLAYING FOR KEEPS KL. 8 - 10:10
ALEX CROSS KL. 10:20	CHRISTMAS VACATION KL. 5:50
	ALEX CROSS KL. 10:10

**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR **5%**

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐLIS **5%**

SO UNDERCOVER KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	JACKPOT KL. 6 - 8 - 10
SO UNDERCOVER LÚXUS 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.20 - 8 - 10.40
GODSAGNIRNAR FIMM 2D KL. 3.40 - 5.50	CLOUD ATLAS KL. 5.30 - 8 - 9
GODSAGNIRNAR FIMM 3D KL. 3.40	DJÚPIÐ KL. 5.50
KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10.15	
SILVER LININGS PLAYBOOK KL. 5.20 - 10.20	
HERE COMES THE BOOM KL. 5.40 - 8	
NIKO 2 KL. 3.40	
SKYFALL KL. 9	

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐLIS

SO UNDERCOVER KL. 8 - 10
KILLING THEM SOFTLY KL. 8 - 10
HERE COMES THE BOOM KL. 6

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

**mid.is** LAUGARÁS BÍÓ **5%**

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

**Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.**

SO UNDERCOVER	4, 6, 8, 10
RISE OF THE GUARDIANS 3D	4, 6
RISE OF THE GUARDIANS 2D	4
KILLING THEM SOFTLY	10
SKYFALL	6, 9
PITCH PERFECT	8

**KOMIN AFTUR Í BÍÓ**

EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ UPPLIFA JÓLAMYND ALLRA ÍSLENDINGA Í BÍÓ

CHEVY CHASE NATIONAL LAMPOON'S **CHRISTMAS VACATION**

TRYGGDU ÆR MIÐA Á **SAMBIO.is**

Simi: 553 2075 - bara lúxus

**Ódýrt í bíó**

MILEY CYRUS **TILBOÐ KL. 4**

SYND I... 2D OG 3D **TILBOÐ KL. 4**

ISL TAL **RISE OF THE GUARDIANS**

**TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS**

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**BÍÓ PARADÍS**

FÖSTUDAGUR: WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ ARFUR NÓBELS (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00

**VIDEÓVERK FRÁ KL. 14-18. FRÍTT INN.**

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN:** bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKRÍTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRÍ BORGARA.

FRÁ LEIKSTJÓRA 'LORD OF THE RINGS'

# THE HOBBIT

AN UNEXPECTED JOURNEY

26. DESEMBER

lenovo

EIMSKIP

vodafone

FORSALA HAFIN Á **midi.is** OG **SAMbio.is**

LAUGARÁS  
BÍÓ

SMÁRA  
BÍÓ

HÁSKÓLA  
BÍÓ

KRINGLUNNI  
SAMBIÓ  
KEFLAVÍK

SÍÐIBÍÓ  
EGILSHÖLL

BORGAR  
BÍÓ



**Jóna Margrét Ragnarsdóttir**  
Hægri skytta úr Stjörnunni.  
Ragnar Snær, 4 ára

**Guðný Jenný Ásmundsdóttir**  
Markvörður úr Val.  
Henry Sebastian, 6 ára  
Ronja Victoria, 3 ára

**Hrafnhildur Skúladóttir**  
Vinstri skytta úr Val og fyrirliði.  
Viktoría, 12 ára  
Alexandra, 5 ára

**Dagný Skúladóttir**  
Vinstri hornamaður úr Val.  
Viktor Berg, 7 ára  
Pórdís, 3 ára

# Mömmurnar í íslenska landsliðinu

Fjórir leikmenn íslenska landsliðsins sameina móðurhlutverkið og handboltann og hafa allar unnið sér aftur sæti í landsliðinu eftir barnsburð. Hrafnhildur Skúladóttir, Guðný Jenný Ásmundsdóttir, Dagný Skúladóttir og Jóna Margrét Ragnarsdóttir eiga saman sjö börn.

Óskar Ó. Jónsson  
ooj@frettabladid.is  
Stefán Karlsson  
stefank@365.is  
Frá EM í Serbíu



**HANDBOLTI** Mömmurnar í íslenska landsliðinu segjast ekki vera nein klíka innan liðsins og upplifa sig ekkert öðruvísi nema kannski þegar þær sameinast í leit sinni að góðri dótabúð. Það vefst þó ekki fyrir neinum að mömmurnar fórnar oft dýrmætum tíma með fjölskyldunni í að elta bolta og þær eiga mikið hrós skilið að snúa aftur í boltann þrátt fyrir tilsvær flóknara líf eftir að börnin eru komin í heiminn.

Fréttablaðið hitti í gær þá fjóra leikmenn landsliðsins sem eiga það sameiginlegt að hafa átt barn en snúið aftur og komist á ný í landsliðsklassa.

Þetta eru skytturnar Hrafnhildur Skúladóttir og Jóna Margrét Ragnarsdóttir, hornamaðurinn Dagný Skúladóttir og markvörðurinn Guðný Jenný Ásmundsdóttir. Samtals eiga þær sjö börn en Valskonurnar þrjár, Jenný, Hrafnhildur og Dagný, eru allar tveggja barna meður.

En var ekki erfitt að koma aftur til baka í handboltann?

**Hrafnhildur:** Já og nei. Það var svolítið erfitt að venjast því að líkaminn var seinni og hugarinn var svolítið langt á undan manni. Fyrst fór ég aðeins of geyst af stað og byrjaði á því að hlaupa á vegg í Kennó þegar ég var í leikfimi í íþróttum. Við vorum í einhverjum eltingarleik og það vildi ekki betur til en ég endaði á vegg. Hugurinn fór það langt á undan löppunum. Þetta er auðvitað erfitt en maður var frekar fljótur að ná sér eftir þetta.

**Dagný:** Mér fannst ekkert svo erfitt að koma aftur til baka eftir fyrsta barn en það var mun erfiðara að koma til baka eftir annað barn. Þá kom líka inn álagið heima að vera með tvö börn og æfa með því. Það var samt ekkert svakalega erfitt að koma sér aftur í form.

**Viðbrigði að byrja aftur**

**Jenný:** Ég fór í rosalega langa pásu. Átti bæði börnin og kom ekki til baka fyrr en eftir tæp fjögur ár. Það voru svolítið mikil viðbrigði þegar ég byrjaði aftur. Það var dálítið spes að standa í rammanum og ætla sér að verja einhverja bolta en svo var maður varla byrjaður að hreyfa sig þegar boltinn var kominn í netið.

Þetta er bara vinna og ef maður ætlar sér að gera þetta þá getur maður það með allan stuðninginn í kringum sig. Þetta er alveg hægt en þetta er mikil vinna.

**Jóna:** Ég fór út í þetta á svolítið öðruvísi forsendum. Ég bý á Selfossi, þarf því að keyra yfir heiðina og æfi bara þrisvar í viku. Ég var rosa lengi að koma mér aftur í form og er tiltölulega nýkomin í form aftur þrátt fyrir að það séu fjögur ár síðan að ég átti barnið. Þetta hefst allt með herkjum.

Það er ekki nóg með að þær hafi snúið aftur í handboltann heldur tókst þeim öllum að komast aftur í landsliðsklassa. Var það ekki frábært að komast aftur í landsliðið?

**Jóna:** Þetta er alveg geðveikt. Ég horfði á stelpurnar í Brasilíu í fyrra og ég hugsaði bara að nú skal ég koma mér í form. Ég er bara búin að vera að vinna í því síðan.

**Dagný:** Það var bara draumur

að rætast að komast aftur í landsliðið. Ég var hætt eftir annað barn en svo þegar maður sá þennan Brasilíudraum þá gaf maður allt í þetta. Allt þetta verkefni í kringum landsliðið er orðið svo spennandi að það drifur mann áfram í þessu.

**Hrafnhildur:** Það eru ótrúleg forréttindi að fá að vera með í þessu og fá að vera til núna þegar Ísland er að komast á stórmót þrjú ár í röð. Ein helsta ástæðan fyrir því af hverju maður er enn þá í þessu er hvað þetta er gaman og hvað gengur vel.

**Róuðust við að eignast börn**

En ætli stelpurnar séu öðruvísi handboltamenn nú þegar börnin bíða heima og þær hafa fórnað miklu til að komast á æfingarnar. Breyttust þið sem handboltamenn við það að eignast barn?

**Hrafnhildur:** Ég róaðist mjög mikið sem persónuleiki. Ég gat verið snælduvitlaus og villt en skapið breyttist og ég varð allt önnur.

**Jenný:** Ég róaðist rosalega mikið við að eignast börnin og mér finnst ég hafa temp-rast mikið í skapinu þótt að ég eigi alveg helling af skapi eftir. Þetta hefur líka breyst þannig að maður nýtir tímann á æfingunni rosalega vel.

Maður gerði það ekki áður þegar maður var einn því þá var maður bara að fara á æfingu. Nú er maður svo glaður að geta komist á æfingu því það er ekkert svo sjálfsagt að komast þangað þegar maður er kominn með heimili og tvö börn. Það er bæði erfitt af því að maður er að missa af tíma með krökkunum en manni finnst maður líka vera heppinn að geta gert þetta.

**Jóna:** Tíminn er orðinn svo svakalega dýrmætur. Maður kemur á æfingu og ætlar að nýta hverja mínútu en þegar maður var ekki með börn og heimili þá hafði maður ekki áhyggjur.

Nú þegar það er æfing þá þarf maður að redda pössun og það er ekki bara minn tími sem er svo dýrmætur heldur tíminn hjá öllum sem eru að aðstoða mann. Þetta er líka gæðatími fyrir okkur að fara í áhugamálið og hitta allar stelpurnar og fá að vera með í félagsskapnum.

**Dagný:** Ég er sammála stelpunum um það að þetta rosalega dýrmætur tími því maður er að fórnar svo miklu þegar maður er að fara á æfingu.

Það þarf heilmikið að plana fyrir eina æfingu með pössun og öllu öðru. Maður reynir því að nýta æfinguna sem best og mun betur en áður.

**Valur býður upp á pössun**

Stelpurnar hafa allar tækifæri til að taka börnin með á æfingarnar og sjá alveg fyrir sér að börnin fari í handbolta í framtíðinni.

**Jóna:** Við erum mjög heppnar því oft eru félögin að redda barnapössun einu sinni í viku og við getum þá tekið þau með. Minn er alltaf þannig að þegar hann fer á æfingu þá vill hann vera í Stjórnutreyjunni og með allt klárt. Ég vona að þetta skili sér til framtíðar og hann vilji vera í boltanum.

**Dagný:** Hjá Val erum við með pössun þrisvar í viku og ég tek börnin mín með alla vega tvisvar í viku.

**Jenný:** Ég var á tímabili oftar með þau með mér á æfingu en núna er vinnutíminn hjá mannum mínum þannig að

hann er meira með börnin þegar ég er á æfingu. Það var líka orðið þannig á tímabili að ég náði krökkunum ekki heim því þau vildu bara vera uppi í Valsheimili því allir hinir krakkarnir komu líka. Þau ætluðu að fá hlaupa áfram og hafa gaman.

**Hrafnhildur:** Ég er komin í aðeins öðruvísi aðstöðu því mín er orðin tólf ára og farin að passa þá yngri. Nú er þetta orðið mjög auðvelt. Ég get þannig séð, ef maðurinn er að vinna lengur, látið stóru stelpuna passa þá yngri. Svo vill þessi yngri oft fara með á æfingu og þá fær hún bara að gera það.

**Ætla að vera áfram í Serbíu**

Eldri stelpan hennar Hrafnhildur er að verða tólf ára og því lang-elst af landsliðsbörnunum. Þær skella allar fjórar upp úr þegar undirritaður spyr Hrafnhildi hvort að hún sjái fyrir sér að spila einhvern tímann með eldri stelpunni.

„Ég held að það gerist ekki,“ svarar Hrafnhildur skellihljæjandi.

Þær stelpur voru allar á leiðinni í verslunarleiðangur niður í bæ.

„Það er búið að panta ýmislegt,“ sagði Jenný í léttum tón og hinar þrjár voru á sama máli. Stelpurnar nýttu örugglega þennan frjálstan tíma vel og fundu eitthvað á krakkana sína sem geta ekki beðið eftir því að fá mömmu sína heim.

Mömmurnar hafa sett stefnuna á að lengja dvölinu í Serbíu og koma ekki alveg strax heima. Þær geta gert það með því að tryggja sér sæti í milliriðlinum með sigri á sterku liði Rússa í dag.





# HORFÐU Á ÞÁTTINN Í KVÖLD

## SKEMMTUN SEM SKIPTIR MÁLI Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2

Heil hersing úrvals grínara og listamanna koma saman til að leggja starfi UNICEF lið í beinni útsendingu:

ANNA SVAVA KNÚTSDÓTTIR  
ARI ELDJÁRN  
BERGUR EBBI  
DÓRI DNA  
FM BELFAST  
GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR  
GUNNAR HANSSON  
GUNNAR HRAFN, FYNDNASTI MAÐUR ÍSLANDS  
HUNDUR Í ÓSKILUM  
ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR  
GUNNA DÍS  
KATLA MARGRÉT OG HJÁLPARSVEITIN  
PÁLL ÓSKAR OG MONIKA  
SAGA GARÐARSDÓTTIR  
SIGURJÓN KJARTANSSON  
SPAUGSTOFAN  
STEINDI JR.  
UGLA EGILSDÓTTIR  
ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON  
ÞÓRUNN ANTONÍA  
OG FLEIRI OG FLEIRI OG FLEIRI OG FLEIRI  
OG FLEIRI OG FLEIRI OG FLEIRI

Þessi auglýsing er kostuð af:

**VALITOR** mpbanki  
Lausnir án landamæra

**skemmtilegri**





**BRJÁLUD** Stella hefur ekki fundið sig á EM til þessa en kemur beitt til leiks í kvöld.  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Geta slegið Rússa úr leik

Ísland kemst í milliriðil á EM með sigri í kvöld

**Óskar Ó. Jónsson**  
ooj@frettabladid.is  
**Stefán Karlsson**  
stefank@365.is  
Frá EM í Serbíu



**HANDBOLTI** „Við erum að reyna að hreinsa hugann og ætlum að koma brjálaðar í leikinn á morgun. Við þurfum að gleyma því sem er búið, koma ferskar til leiks og með hausinn hundrað prósent í lagi. Ég hef aðeins verið að svekkja mig á því hvernig er búið að ganga þannig að ég held að maður þurfi bara að byrja upp á nýtt,“ sagði Stella Sigurðardóttir um leikinn mikilvæga á móti Rússum á EM kvenna í handbolta í kvöld.

Íslenska liðið tryggir sér sæti í milliriðlum með sigri sem yrði þá sannarlega sögulegur því íslenska liðið hefur aldrei unnið leik á EM og enn fremur aldrei unnið Rússa. „Það var mjög mikil bætning á okkar leik á móti Rúmeníu frá

því í fyrsta leiknum og nú þurfum við bara að taka næsta skref. Við þurfum allar að eiga toppleik til þess að vinna Rússana. Þetta gæti orðið fyrsti sigurinn á EM og með honum gætum við komist í milliriðla. Það væri glæsilegur árangur ef það myndi takast. Við ætlum okkur það og höfum trúna í þetta verkefni. Við þurfum að gefa allt í þetta á morgun,“ sagði Stella.

Íslenska liðið tapaði stórt fyrir Rússlandi í sextán liða úrslitunum á HM í Brasilíu fyrir ári.

„Við eigum harma að hefna og við hræðumst þær ekkert. Okkur gekk ágætlega á móti þeim og ef það er möguleiki á því að vinna Rússana þá er það núna. Þær eru ekkert búnar að vera að spila neitt frábærlega á þessu móti,“ sagði Stella og bætir við: „Það er ekki á hverjum degi sem maður fær tækifæri til að slá Rússa út úr EM og það væri glæsilegur árangur ef það myndi takast,“ sagði Stella.

## Kobe Bryant í metabækurnar

Lakers-maðurinn þarf fjögur góð tímabil til þess að ná stigameti Kareem Abdul-Jabbar.

**KÖRFUBOLTI** Kobe Bryant náði merkmum áfanga í NBA-deildinni í fyrrakvöld þegar hann skoraði sitt 30.000 stig í deildinni frá upphafi. Bryant, sem er 34 ára gamall, er sá yngsti sem kemst yfir 30.000 stig í sterkustu körfuboltadeild heims.

Kareem Abdul-Jabbar er stigahæsti leikmaður allra tíma, en hann skoraði alls 38.387 stig á 20 ára ferli í deildinni.


Karl Malone kemur þar næstur með 36.928 stig, en hann lék í 19 ár í deildinni. Michael Jordan er þriðji í röðinni með 32.292 stig. Wilt Chamberlain skoraði 31.419 stig á 14 ára ferli.

Bryant er sá yngsti sem kemst yfir 30.000 stig. Chamberlain var 35 ára, Abdul-Jabbar og Malone voru báðir 36 ára og Jordan var 38 ára. Þrír leikmenn sem eru á lista yfir 20 stigahæstu leikmenn allra tíma í NBA-deildinni eru enn að skora stig; Bryant, Kevin Garnett og Dirk Nowitzki.

„Satt best að segja veit ég ekki af hverju ég legg enn hart að mér eftir 17 ár í deildinni. Ég hef enn gaman af því sem ég er að gera, og ég er stoltur yfir að geta sagt að ég legg mig alltaf fram við það sem ég geri,“ sagði Bryant, sem hefur leikið með Los Angeles Lakers frá því að hann kom inn í NBA-deildina árið 1996.

Bryant hefur skorað tæplega 28 stig að meðaltali í leik í vetur en á ferlinum hefur hann skorað 25,4 stig að meðaltali í leik. Hann er rétt rúmlega 8.000 stigum frá metinu sem er í eigu Kareem Abdul-Jabbar, sem skoraði 38.387 stig á 20 ára ferli sínum.

Ef Kobe Bryant heldur meðaltali sínu næstu fjögur árin á hann möguleika á að verða stigahæsti leikmaður allra tíma í NBA-deildinni.



### → Stigahæstu leikmenn allra tíma í NBA-deildinni

- 1. Kareem Abdul-jabbar**  
**38,387 stig** (20 tímabil)  
Milwaukee Bucks (1969/70–1974/75)  
Los Angeles Lakers (1975/76–1988/89)
- 2. Karl Malone**  
**36,928 stig** (19 tímabil)  
Utah Jazz (1985/86–2002/03)  
Los Angeles Lakers (2003/04)
- 3. Michael Jordan**  
**32,292 stig** (15 tímabil)  
Chicago Bulls (1984/85–1992/93)  
Chicago Bulls (1994/95–1997/98)  
Washington Wizards (2001/02–2002/03)
- 4. Wilt Chamberlain**  
**31,419 stig** (14 tímabil)  
Philadelphia Warriors (1959/60–1961/62)  
San Francisco Warriors (1962/63–1964/65)  
Philadelphia 76ers (1964/65–1967/68)  
Los Angeles Lakers (1968/69–1972/73)
- 5. Kobe Bryant**  
**30,016 stig** (17 tímabil)  
Los Angeles Lakers (1996/97–)

## Helgarblað Fréttablaðsins



Meðal efnis núna um helgina



### Bestu og verstu plötuumslögin 2012

Álitsgjafar Fréttablaðsins spá í spilin.




### 250 milljóna klössun

Björgunarskip eru til taks hringinn í kringum landið – en verða þau í lagi á ögurstundu?



### Kvikmyndaréttur gengur kaupum og söllum

Það er slegist um kvikmyndarétt á íslenskum bókum en oftast en ekki verður myndin ekki að veruleika.



### Hægelduð svínasíða

Frábær og gómsætur jólamatur - og einstakur í afganga.

Full búð af spennandi og skemmilegum jólagjöfum - opið alla daga til jóla

**Jólaskyrtur** ..... vertu flottari en frændi þinn og frænka um jólin. Hvert er þitt uppáhalds lið?



**Jólaskór**



Nike Tiempo

nýr litur Nike CTR Libretto III

adidas F50 takkaskór

adidas F30 takkaskór

adidas F10 takkaskór st.32 - 44

Nike Kobe VII körfuboltaskór

**Jólagjafir**



Íþróttatöskur og bakpokar

Púsluspil Liverpool-Arsenal - ManU -Chelsea

Kanna með þínu liði sérmerkjum könnur

Being Liverpool Frábær DVD diskur verð kr. 5.990.-



Fótboltar fyrir alla



Markmannshanskar Leikmannahanskar



Úrval af húfum



Plaköt st. 91 x 61cm Allar hetjurnar og bestu liðin



Lyktarkúllur í takkaskóna Skórnir haldast ferskir

Premier merkingar Gerðu treyjuna þína sérstaka!



Svunta með þínu liði kr. 3.990.-



mitre mitre 3 in 1 fótboltamark stærð 180 x 120cm

kr. 12.990.-



Fótbolta og handbolta-landslíðstreyjur



Handklæði og rumföt stórlíðanna



Klukkur og bangsar



æfingahattar 40stk á standi kr. 6.990.- 6stk í pakka kr. 1.490.-



Eat Sleep Football T-bolur kr. 2.990.-

**Jóla úthverji**  
www.joiutherji.is



Ármúla 36 - 108 Reykjavík- s.588-1560 - www.joiutherji.is



# Frítt eldsneyti í eitt ár.



Þeir sem kaupa verksmiðjuframleiddan Volkswagen Passat metanbíl í desember fá frítt metangas í eitt ár\*. Að auki fá eigendur Passat EcoFuel frítt í stæði í Reykjavík ásamt því að njóta hagstæðari kjara á lánum hjá fjármögnunarfyrirtækjum.

Komdu við í HEKLU og kynntu þér hina fjölmörgu kosti Volkswagen Passat EcoFuel.

**Passat Variant kostar frá  
4.190.000 kr.**

\* Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu var meðalakstur fólksbíla 12.255 km árið 2011. Miðað við 6,6 m<sup>3</sup> meðaleyðslu Passat EcoFuel er árlegur eldsneytiskostnaður því 120.000 kr. miðað við verð á metani 4. desember 2012.

Vissir þú að auk 22 kg metantanks, sem dugir í um 430 km akstur, er Passat EcoFuel með 31 lítra bensíntank sem þú kemst á um 450 km miðað við langkeyrslu?



**Das Auto.**

## HELGIN



„Það verður hefðbundinn föstudagur en á laugardaginn ætla ég að borða svínaríf með Míu, hundinum mínum. Á sunnudaginn ætlum við að fara í fjallgöngu, alveg sama hvernig veðrið verður.“

Ingólfur Þór Árnason, tónlistarmaður.

## Gefa gömlu kjólunum framhaldslíf

Jóla kjólamarkaður þar sem viðskiptavinir geta skipt notuðu kjólunum út í 9 lífum um helgina.

„Okkur datt þetta í hug því við vitum að svo margir luma á gerssemum í fataskápum sínum sem þeir nota ekki lengur,“ segir Hildur Rósa, verslunarstjóri í 9 lífum sem er í kjallaranum í Atmo, Laugavegi 91.

Um helgina ætlar verslunin að efna til jóla kjólamarkaðar og bjóða viðskiptavinum að koma með gamla kjóla og setja þá í sölu í búðinni. Þegar þeir seljast fær eigandinn svo helming af söluverðinu; ef kjólinn selst á 10 þúsund fær eigandinn 5 þúsund

í sinn hlut. Skiptimarkaðurinn er því kjörinn til að koma gamla jóla kjólunum í verð og kaupa sér nýjan. „Við getum kallað þetta eins konar umboðssölu. Þetta býr til gott flæði og allir græða. Sá sem selur kjólinn sinn getur keypt sér nýjan og sá sem kaupir fær jóla kjól á góðu verði,“ segir Hildur Rósa. Hún býst við að fjölmargir nýti tækifærið og komi gömlu kjólunum sínum í verð en hún ítrekar að allir kjólar séu velkomnir.

Skiptimarkaðir á borð við þennan eru þekkt fyrirbæri úti í

heimi og auðvelda þeir viðskiptavinum að koma hlutum í verð í stað þess að láta þá hanga ónotaða inni í skáp eða geymslu. „Þetta einfaldar ferlið og er umhverfisvænt. Það að halda fatamarkað eða fara í Kola-portið getur verið mikið umstang sem maður stendur ekki í nema kannski einu sinni á ári.“

Hildur Rósa hvetur alla til að kíkja í fataskápa sína eftir kjólum um helgina. „Þetta er kjörið í jóla-tiltektinni. Við búumst einnig við að það verði gott kjólaúrval hjá okkur í búðinni í kjölfarið.“ - 4p



**KOMDU GAMLA KJÓLNUM Í VERÐ**  
Hildur Rósa og starfsfólk 9 lífa á Laugaveginum efna til kjóla skiptimarkaðar um helgina.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLU

„Hló af mér allan dýrmæta nýja maskarann á Blakkát!“

BJÖRK EIDSDÓTTIR ritstýra á Séd og heyr

★★★★★  
„ÁHORFENDUR FÖGNUM OG VAR ÆRIN ÁSTÆÐA TIL“

FRÉTTABLAÐIÐ



SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU

**BLAKKÁT**

Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR  
Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINDÓTTIR

Midasala í Gaflaraleikhúsinu  
565-5900 / 691-3091 og á midi.is  
Midasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga

Föstudaginn 4. jan. kl 20:00  
Fimmtudaginn 10. jan. kl 20:00  
Fimmtudaginn 17. jan. kl 20:00  
Föstudagurinn 18. jan. kl 20:00  
Föstudaginn 25. jan. kl 20:00

Gjafakort til sölu alla laugadaga í Smáralind milli 15:00-21:00 fram að jólum.

Leikarar:  
BJÖRK JAKOBSDÓTTIR  
HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON  
MAGNÚS GUÐMUNDSSON

midi.is

„EFTIRMINNILEGASTA BLAKKÁT SEM ÉG HEF UPPLIFÆÐ“

DJÓFLÆWAN



**SKUTLA HEIM** Ómar Þróstur Hjaltason og Kristinn Sævar Magnússon reka bílstjóraþjónustuna Keyrðu mig heim. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Skutla bílunum heim fyrir ölvæða fólkið

Bílstjóraþjónustan Keyrðu mig heim með valkost að loknum jólahlaðborðunum.

Keyrðu mig heim nefnist nýstofnað fyrirtæki sem sérhæfir sig í bílstjóraþjónustu fyrir ölvæða. Félagarnir Ómar Þróstur Hjaltason og Kristinn Sævar Magnússon eru með bílstjóra á sínum snærum sem sækja samkvæmisljón í bæinn og skutla þeim heim á þeirra eigin bíl.

„Þetta er hugsað sem forvörn gegn ölvunarakstri,“ segir Ómar og segir að nú geti fólk haft samband við Keyrðu mig heim eftir jólahlaðborðið í stað þess að fara sér að voða með því að keyra eftir einn eða tvo. „Það eru hátt í tíu manns teknir fyrir ölvunarakstur um hverja einustu helgi og ef þeir sem komast upp með aksturinn eru teknir með eru þetta eflaust miklu fleiri.“

Eftir vel heppnaða prufuhelgi opnaði tvíeykið vefsíðuna Keyrdumigheim.is og þar má

### Er þetta löglegt?

Á Facebook-síðu fyrirtækisins veltir fólk vöngum yfir lögmæti þjónustunnar en Ómar segist litlar áhyggjur hafa af því að þeir séu að brjóta lög. „Allir bílstjórnarnir okkar eru með meirapróf. Það nægir til að mega keyra fólk á þeirra eigin bílum. Ef við værum að hleypa fólki í okkar bifreiðar þyrftu þeir að vera með leigubílaeyfi.“ Ómar bætir því við að Vegagerðin hafi verið höfð með í ráðum frá upphafi og hún hafi ekkert haft við þjónustuna að athuga.



sjá verðskrá, en ódýrasta heimkeyrslan kostar 3.990 krónur. Verðið er breytilegt eftir svæðum og dýrast er að láta skutla sér í Mosfellsbæ, en sá rúntur kostar 6.990 krónur. Ómar bendir þó á að þjónustan sé mun ódýrari en lægsta sekt fyrir ölvunarakstur, en hún er um 70 þúsund krónur.

Ómar og Kristinn eru báðir af Suðurnesjunum en til að byrja með nær starfsemin aðeins yfir

höfuðborgarsvæðið. Nokkrar fyrirspurnir hafa borist um hvort fyrirtækið taki að sér heimkeyrslu bíla fólks á leið í flug frá Keflavík. „Það er alveg möguleiki ef eftirspurn leyfir,“ segir Ómar og segir fyrirtækið geta fjölgað bílstjórum mjög fljótt ef þörf krefur. „Við erum fjögur eins og er, þar af tveir bílstjórar, en svo sjáum við bara til með framhaldið.“

- hva

## Syngur texta pabba til mömmu

Júlíus Guðmundsson fann texta föður síns, Rúnars Júlíussonar, á tölvunni hans.

„Það má segja að þetta séu ástarljóð frá pabba til mömmu,“ segir Júlíus Guðmundsson, sem sendi frá sér plötuna Gálan á miðvikudag. Flest lög plötunnar eru við texta föður hans, tónlistarmannsins Rúnars Júlíussonar. Júlíus fann textana á tölvu Rúnars, sem lést árið 2008, og ákvað að búa til plötu.

Sumir textarnir voru tilbúnir en aðrir voru bara ein setning sem Júlíus gerði að lagatexta. Textarnir eru flestir ortir til móður Júlíusar, Maríu Baldursdóttur, og samdir af Rúnari árið sem hann lést. „Þá var hann greinilega kominn í ákveðinn gir og líklega farinn að finna á sér hvað væri í vændum. Pabbi var ekki mikið fyrir að vera persónulegur í textagerð sinni en margir textanna

eru um hvernig mamma eigi að pluma sig þegar hann er farinn,“ segir Júlíus og bætir við að þeir feðgarnir hafi alltaf ætlað að gera plötu saman áður en Rúnar féll frá.

Sjálfur er Júlíus allt í öllu á plötunni Gálan. Hann stjórnar útsetningum, tekur myndina á plötuumslaginu og spilar á næstum öll hljóðfærin. „Það er hægt að kalla þetta sjálfspurftarþúska. Ég ját-ædi mig samt sigraðan þegar kom að fiólunni, þar fékk ég Roland Hartwell til að aðstoða mig.“

Ekki er hægt annað en að spyrja Júlíus út í nafn plötunnar, Gálan. „Það er nú ekki flókin saga. Þetta nafn hefur fylgt mér lengi en ég er í trúinu Gálan, götuleikarinn og guð. Þar er ég gálan.“ - 4p



**GÁLAN** Júlíus Guðmundsson sendir frá sér plötuna Gálan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mest selda bók landsins

Metsölulisti Félags íslenskra bókaútgefenda  
25. nóv. – 01. des. 2012

„Ég drakk þessa bók í mig  
og fékk sting í hjartað.“

Guðrún Karítas, verslunarstjóri  
Eymundsson.

Hér er saga Gísla á Uppsölum sögð af  
einlægni og hlýju af Ingibjörgu Reynisdóttur.  
Einstaklega falleg bók.



# Fimm stjörnu þrekvirki

„Dr. Gunni hefur  
unnið þrekvirki.“  
Kolbeinn Óttarsson  
Proppé, Fbl.

„Algerlega  
heillaður af  
þessu stórvirki.“  
Páll Ásgeir  
Ásgeirsson.

„Magnað verk.“  
Þorgeir Tryggvason,  
Rás 2.

„Feykivel heppnuð  
bók... stuð á  
hverri síðu.“  
Jón Agnar Ólason,  
Mbl.



Fbl.



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

**Frakkar hrífast af Auði**

Bók Auðar Övu, Rígning í nóvember, hefur fengið mjög góð viðbrögð í Frakklandi síðan hún kom þar út í ágúst. Yfir sextíu þúsund eintök eru seld, auk þess sem bókin hefur fengið góða dóma í stórbliðunum Le Monde og Libération og í tísku- blaðinu Elle. „Í þessari skáldsögu um konu sem lendir óvænt í móðurhlut- verkinu smellur allt saman,“ segir gagnrýnandi Le Monde. Í dómi Elle segir: „Það er jafn sjaldgæft og að vinna stóra pottinn í Lottóinu að falla tvisvar marflatur fyrir sama höfund. Sú er þó raunin með Auði Övu Ólafsdóttur.“ Afleggjari Auðar Övu kom út hjá Zulma í Frakk- landi fyrir tveimur árum við mjög góðar undirtektir.



**Lært af mistökunum?**

Til þess eru vítin að varast þau kynni einhverjum að verða að orði við þá upprifjun sem boðið er upp á í Lögbergi HÍ í hádeginu í dag á opnum fundi Stofnunar stjórnsýslu- fræða og stjórnmála. Yfirskrift fundarins er: Getum við breytt stjórnmalunum til hins betra? Hvaða lærdóm má draga af átökum fyrri ára í stjórnmálum?

Á fundinum ræðir **Styrmir Gunnarsson**, fyrrverandi rit- stjóri Morgunblaðsins, við gesti um nýútkomna bók sína, „Sjálfs- stæðisflokkurinn—Átök og upp- gjör“. Umræðustjóri er Ragnheiður Elín Árnadóttir, stjórn- málafræðingur og þingmaður Sjálf- stæðisflokksins.



- fb, óká

**Mest lesið VÍSIR**

- 1 Þjálfari Serbíu tók þátt í varnar- leiknum frá hliðarlínunni
- 2 Náði David Beckham að breyta Bandaríkjunum?
- 3 Meistaramörkin: Chelsea komst ekki áfram—hvað sögðu sérfræðingarnir?
- 4 Liðin sem komust ekki í 16-liða úrslit misstu af 500 milljónum kr.
- 5 Meiðsli Lionels Messi eru ekki alvarleg



**JUNCKERS**  
 parketsápa



Mundu ...við erum flutt!

Suðurlandsbraut 20 - Sími: 595 0500  
 www.egillarnason.is

Iceland



# Úrvalið er í Iceland

Hjá okkur finnur þú allt til alls og færð meira fyrir peninginn



Iceland  
Súkkulaði  
Jarðarber  
**300 kr.**  
16 stk.



Iceland  
Djúpstektar  
Rækjur  
**500 kr.**  
12 stk.



Iceland  
Ítalskt dúó  
**600 kr.**  
16 stk.



Iceland  
Lasagne bitar  
**800 kr.**  
15 stk.



Mattel  
Bílar  
**2.990 kr.**  
Hot Wheels



Ivy & Castle  
Snyrtiset  
**2.490 kr.**  
Mikið úrval



Barbie  
Dúkkur  
**2.990 kr.**  
Hinnar einu sönnu

Opið frá 11 - 20 alla daga

Engihjalla og Granda